Bryndís Zoëga

# Strandminjar við vestanverðan Skagafjörð
# 2. áfangi



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/170

Forsíðumynd: Sjóvarnargarður á Þangskála á Skaga

**© Bryndís Zoëga**
**Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki**
**2017/170**

**INNGANGUR** .......... **3**

**AÐFERÐARFRÆÐI** .......... **4**

**UM ORSAKIR LANDBROTS** .......... **5**

**ÚTRÆÐI FRÁ NORÐANVERÐUM SKAGA OG HEGRANESI** .......... **5**

**HRAUN-SÖGUÁGRIP** .......... **6**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 7

**ÞANGSKÁLI SÖGUÁGRIP** .......... **16**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 17

**KELDUVÍK SÖGUÁGRIP** .......... **31**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 32

**NEÐRA-NES SÖGUÁGRIP** .......... **40**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 41

**MALLAND (SYÐRA- OG YTRA) SÖGUÁGRIP** .......... **52**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 53

**KETA SÖGUÁGRIP** .......... **59**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 60

**KLEIF SÖGUÁGRIP** .......... **70**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 71

**LÁGMÚLI/LÁMÚLI SÖGUÁGRIP** .......... **79**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 79

**HVALNES SÖGUÁGRIP** .......... **83**

**BORGARLÆKUR OG BERGSKÁLI SÖGUÁGRIP** .......... **93**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 94

**SELNES SÖGUÁGRIP** .......... **99**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 100

**SELÁ/AKUR SÖGUÁGRIP** .......... **122**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 123

**HÓLL SÖGUÁGRIP** .......... **126**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 126

**HVAMMKOT (HVAMMUR) SÖGUÁGRIP** .......... **127**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 127

**FOSS SÖGUÁGRIP** .......... **130**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 131

**UTANVERÐUNES Á HEGRANESI-SÖGUÁGRIP** .......... **134**

FORNLEIFASKRÁNING .......... 135

**KEFLAVÍK-SÖGUÁGRIP** .......... **146**

FORNLEIFASKRÁNING ........ 147
**GARÐUR – SÖGUÁGRIP** ........ **154**
FORNLEIFASKRÁNING ........ 154
**SAMANTEKT** ........ **155**
**NIÐURLAG** ........ **160**
**HEIMILDASKRÁ** ........ **161**

## Inngangur

Frá árinu 2012 hefur Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga skráð strandminjar meðfram austur- og vesturströnd Skagafjarðar fyrir styrki úr Fornminjasjóði. Upphaf verkefnis má rekja til þess að starfsmenn safnsins sem unnið hafa að ýmiskonar fornleifarannsóknum víða um Skagafjörð sáu og fengu ábendingar frá heimildamönnum um fjölda minja sem voru í hættu vegna landbrots eða höfðu orðið fyrir raski af þess völdum. Því var ákveðið að sækja um styrk til þess að skrá þessar minjar með það að meginmarkmiði að fá heildaryfirlit yfir strandminjar í Skagafirði.

Nú er lokið síðasta áfanga verkefnisins  af fimm og búið er að skrá strandlínu Skagafjarðar frá Hrauni í Fljótum að Hrauni á Skaga og skráðar hafa verið í heild 850 minjar.[1]

Í skýrslunni eru birtar niðurstöður seinasta áfanga verkefnisins þar sem skráðar voru fornleifar á strandlengjunni frá Fossi að Hrauni á Skaga. Aftast í skýrslu eru hnitaskrár, túnakort frá þeim jörðum þar sem heimatúnið liggur að sjó og kort sem sýna skráðar minjar.

Undirbúningur og heimildavinna fyrir þennan hluta verkefnisins hófust í febrúar 2016 en skráning á vettvangi fór fram í ágúst og september sama ár. Verkið var unnið af Bryndísi Zoëga, landfræðingi. Auk strandminja sem skráðar voru 2016 inniheldur skýrslan minjar sem skráðar voru 2008 í Keflavík og 2015 í Utanverðunesi í Hegranesi.

Landeigendum og heimildamönnum þökkum við veitta aðstoð.

[1] Það eru minjar sem skráðar voru á vettvangi og þær sem hægt var að staðsetja með viðunandi nákvæmni.

## Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Í þessu tilviki var gengið með strandlínu jarðanna og minjar sem lágu við eða í nágrenni hennar skráðar. Miðað var við að skráningarsvæðið væri um 100m breitt en þar sem t.d. þjóðvegir eru innan við þessa 100m er eingöngu skráð það sem er sjávarmegin. Þar sem um minjaheild er að ræða eins og t.d. gamla bæjarstæðið á Selnesi eru allar minjar skráðar, líka þær sem eru utan við 100m línuna.

Í skýrslunni fá allar fornleifar verkefnisnúmer sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer, t.d. fær stekkjartóft í landi Hrauns raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer sem er 1803 (auðkennt Hraun – 1803-1). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær kunna að vera af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður útfrá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble XH 7) sem gefur nákvæmni með undir 2 metra í skekkju. Grunnflötur og útlínur minjanna voru mæld upp með gps tækjum sem línur, flákar eða punktur eftir atvikum. Uppmælingarnar voru færðar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Um orsakir landbrots

Hafstraumar og sjávarfallsstraumar eru alla jafna svo hægir að þeir megna ekki að rjúfa fast berg en þeir síðarnefndu geta þó í þröngum sundum og á landgrunni orðir nógu sterkir til að rofs af þeirra völdum gæti nokkuð. Bylgjuhreyfing sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifa hennar gætir einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1cm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur orðið á skömmum tíma eins og gerðist 8-9. janúar 1799 í mesta stormflóði sem um getur hérlendis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básenda á Garðskaga.[2] En það er ekki eingöngu sjávarrof sem getur haft áhrif á minjar við ströndina því árrof, vindrof, vindsvörfun og frostþensla hafa einnig áhrif.

## Útræði frá norðanverðum Skaga og Hegranesi

Útræði hefur verið frá flestum jörðum á Skaga þar sem að lendingar eru af náttúrunnar hendi. Í jarðabók frá 1709 eru lendingar sagðar á 14 jörðum af þeim 15 þar sem fornleifaskráning fór fram en 5 þeirra sagðar lélegar og/eða aðeins nýttar að sumarlagi. Heimræði var á þessum tíma frá 6 jörðum og voru gerð út 7 skip. Á nokkrum jörðum var sagt að lending væri en heimræði ekki stundað vegna efnahags ábúanda eða fólksfæðar vegna bólunnar[3] en bólusótt (Stórabóla) var sérlega skæð á árunum 1707-1709.[4]

Á þeim jörðum þar sem að lending var ekki fyrir hendi höfðu ábúendur oft skipsuppsátur á náliggjandi jörðum. Til dæmis segir í jarðabókinni 1709 að ábúandi í Hvammkoti hafi haft þar bát um hásumar „en látið hann ganga annarstaðar á haust.“[5] Í sóknarlýsingum frá 1840 er getið um helstu lendingar. Í lýsingu Hvamms- og Ketusóknar eru lendingar sagðar bestar í Laxárvík og Selvík og var þar „sæmileg höfn fyrir kaupskip.“ Aðrar lendingar eru taldar í Fossvík, Fúluvík, Hvalvík, Ketu, Mallandsvík, Kelduvíkurvík, Hraunsvík, Mánavíkurvík og Víknavík (eru tvær síðasttöldu í Húnavatnssýslum).[6]

Lendingar á Hegranesi voru í Naustavík í landi Utanverðuness, Keflavík og Garðskróki. Heimræði var frá Utanverðunesi 1713 en jörðin þá í eyði og ekki tekið fram hverjir gerðu út þaðan eða hvaðan en aðallendingin var í Naustavík.[7] Í sóknalýsingu Rípursóknar frá 1840 segir „Keflavík heitir þá lending, uppsátur,  þó nokkuð hár sé þar moldbakki fyrir ofan, -og nótlagnir.“ Í Dauðsmannsvík mátti lenda en þar var ekki undansátur. Uppsátur er sagt allgott og lending brúkanleg í Naustavík og betri heldur en í Keflavík og Garðskróki en sú síðastnefnda var ekki góð „vegna útgrynnslu og áhlaðanda norðan.[8]

[2] Þorleifur Einarsson, 174-175.
[3] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 3-18.
[4] Vísindavefurinn. http://www.visindavefur.is/svar.php?id=13670. Skoðaður 20.12.16.
[5] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 18.
[6] Sýslu og Sóknarlýsingar II, 11.
[7] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61-64.
[8] Sýslu- og sóknalýsingar II, 110.

## Hraun-söguágrip

Hraun kemur fyrst fyrir í Laurentíus sögu (Lárentíus saga fjallar um Lárentíus Kálfsson sem var biskup á Hólum 1267-1331) þar sem segir að Auðun rauði biskup á Hólum hafi fyrirskipað að allir skattgreiðendur milli Hrauns á Skaga og Hrauna í Fljótum skyldu gefa klipping (sauðskinn sem ullin hefur verið klippt af) til þess að fjármagna kaup á líkneski af heilögum Jóni Ögmundarsyni fyrrum Hólabiskupi.[9] Næst er jörðin nefnd í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 sem átti þá „Hrauns land allt með öllum gögnum nema sjöttung á staður í Reynisnesi.“[10] Árið 1709 var Hólastóll eigandi að 2/3 hluta jarðarinnar en Reynistaðarklaustur 1/3.[11] Árið 1847 á klaustrið enn þriðjung jarðarinnar en 2/3 eru í bændaeign.[12] Hraun var að fornu metin á 20 hundruð[13] (nema 1695 þá var matið 23 hdr.) en 1861 var matið lækkað í 19,9 hundruð.[14]

Í jarðabók frá 1709 segir að rekavon sé góð og heimræði í betra lagi en lending nokkuð brimasöm og „hættuleg þegar að amar“. Var ábúandi á þeim tíma með 1-2 skip auk þess sem inntökuskip kom stundum og hafði ábúandi „í þess undirgift 1 fisk af hverjum róðri, sem almennilega kallast lóðarfiskur“.[15] Í fasteignamati 1916-1918 segir að stutt sé til fiskjar en lending slæm. Þá er þess getið að viðarreki sé allmikill[16].
Í manntölum árin 1850 og 1870 eru skráðir til heimilis að Hrauni „húsmenn“ sem stunda fiskveiðar og lifa að mestu á sjávarafla. Í manntalinu 1890 er jörðin tvíbýl og þar er annar húsbóndinn sagður bóndi en hinn lifir á fiskveiðum.[17]

**Hjáleigur**
Í jarðabókinni 1709 er getið um Högnagerði „sem menn ætla að fornu hafi byggð verið, því þar sést deili til tóttarústa og girðinga.“[18] Þess er ekki getið nema neðanmáls í jarðabók 1847 þar sem segir það eyðihjáleigan Högnagerði sé nefnd í jarðabókinni 1709.[19] Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar er birt frásögn Rögnvaldar Steinssonar þar sem hann segir: „Svo var tómthús í Högnagerði (...) sem var hér suðvestur frá undir svokallaðri Hraunsbrekku. Ég hef heyrt að þar hafi seinast verið árið 1869 kona að nafni Helga Skarphéðinsdóttir. Nú er búið að slétta Högnagerði í tún sem ber sama nafn.“[20] Í manntali frá 1870 er Helga Skarphéðinsdóttir skráð vinnukona til heimilis að Hrauni.[21]

---

[9] Biskupa sögur 3. bindi, 340.
[10] Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
[11] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 3; J. Johnsen, 253.
[12] J. Johnsen, 253.
[13] J. Johnsen, 253; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 3.
[14] Ný jarðabók fyrir Ísland, 10.9
[15] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 4.
[16] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla.Skoðaður 01.12.16.
[17] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 25.09.16.
[18] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 4.
[19] J. Johnsen, 253.
[20] Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 31.
[21] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 25.09.16.

## Fornleifaskráning




**Hraun 1803-1**
**Sérheiti:** Stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Tóftin er um 15m frá fjörunni en grjót hefur borist inn á land vestan við tóftina.
**Staðhættir**
Við norðausturhorn Torfavatns, sunnan við malarkambinn í fjörunni og rúma 620m vnv frá fjárhúsunum á Hrauni er stekkjartóft.
**Lýsing**
Tóftin er að minnsta kosti tvískipt en gæti verið þrískipt þar sem mögulega er veggur í vestara hólfinu. Hún snýr austur/vestur og hefur hlið snúið til vesturs og innangengt á milli hólfa (réttar og króar). Tóftin er 5x11m að utanmáli, veggir eru 10-50cm háir, lægstir til vesturs og um 1,5m á breidd. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum. Sunnan við tóftina er þúst.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Svo er komið í Stekkjarlaut og Stekkjarvík. Upp af henni er Stekkjargrund. Suður af henni Torfavatn og Stekkur við norðausturhorn þess. Fært mun hafa verið frá Hrauni, þar til skömmu eftir aldamót. Faðir Rögnvaldar var smali, hann heldur sá síðasti þar.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 3). Í viðtali við Rögnvald Steinsson á Hrauni segir hann frá tveimur miklum stormum árið 1995 (þegar snjóflóð féllu á Súðavík og Flateyri): „Vestur í Torfavatninu reif brimið sig inn í vatnið og gerði ós. Sjógangurinn og vatnið gekk þá langt upp á land. Þetta gerðist líka 1934.“ (Hjalti Pálsson tók viðtal við Rögnvald Steinsson 13.08.1997).

**Hraun 1803-2**
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin stendur á sjávarbakka og þegar hefur brotið af henni til norðurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka um 85m norðvestur af fjárhúsunum á Hrauni er tóft.




**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr nokkurn veginn norður/suður en hallar eilítið til austurs. Hún er grasi gróin og hvergi sér í grjót í veggjum en vegir hafa verið hlaðnir upp við stóran stein sem er við norðaustur hornið og annar stór steinn er ofan á honum. Nokkuð af grjóti, a.m.k. að hluta fjörugrjóti liggur á dreif um tóftina. Veggir

eru 10-40cm háir, um metri á breidd og er vestara hólfið ógreinilegra og veggir þar lægri. Tóftin er 7,5x7,5m að utanmáli.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Svo er haldið vestur með og fyrir Hraunsvíkina, fram hjá fjárhúsunum, vestan við túnið og að Fornuvör, en þar var lending til forna. Upp af mölinni sér fyrir nausti.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 3). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar fyrir Hraun segir: „Þá tekur Hraunvíkin við að Fornuvör; er hún vestast við víkina. Fornavör var lending á Hrauni fram til 1850; en eftir það var lendingin flutt austar í víkina. Í Fornuvör sjást naustin enn og fleiri menjar þess, að þar hafi verið uppsátur.“ (Örnefnaskrá Hrauns (2), 1).

**Hraun 1803-3**

**Sérheiti:** Fornavör

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimild var lendingin fyrrum í Fornuvör sem er norður eða norðvestur af fjárhúsunum. Þar var tekinn punktur í fjörunni rétt við naust nr. **1803-02.** Önnur mannvirki sjást ekki á þessum slóðum.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Svo er haldið mestur með og fyrir Hraunsvíkina, fram hjá fjárhúsunum, vestan við túnið og að Fornuvör, en þar var lending til forna. Upp af mölinni sér fyrir nausti.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 3).





**Mynd 1. Til vinstri eru fjárhúsin (1803-4) á Hrauni á 10. áratugnum en til hægri eru leifar þeirra eins og þær voru í ágúst 2016. Ljósmyndina til vinstri tók Hjalti Pálsson og hún er birt með leyfi höfundar.**

**Hraun 1803-4**

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Engin hætta.** Sjóvarnargarður ver túnið fyrir landbroti.

**Staðhættir**

Nokkurn veginn mitt á milli fjárhúsanna (90m austur frá fjárhúsum) og eldra íbúðarhússins á Hrauni eru leifar torf- og grjóthlaðins fjárhúss.

**Lýsing**
Það sem eftir stendur af fjárhúsinu er hluti útveggjar en búið er að hlaða grjótvegg upp við hann og er hleðslan notuð sem skjól fyrir skepnur. Veggurinn er 60-110cm hár og um 1m á breidd. Neðri hlutinn er grjóthlaðinn en ofan á hefur verið torfhleðsla sem er að miklu leyti rofin í burtu. Hún er mest um 45cm há. Veggurinn snýr vnv/asa og er tæplega 12m langur en við austurenda er nýleg grjóthleðsla um 1m a lengd (samtals 13m) og önnur nýleg hleðsla sem liggur til suðurs nokkurn veginn frá miðjum eldri veggnum um 5m á lengd.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhús, gömul, endurbyggð um 1940 og tóku þá 150 fjár.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 27).




**Mynd 2. Túngarðurinn (1803-5) á Hrauni. Á hægri mynd er horft til suðurs eftir garðinum sem er vestan túns. Á vinstri mynd er horf til suðausturs eftir austari garðinum og sést í yngra íbúðarhúsið á Hrauni í baksýn.**

**Hraun 1803-5**
**Sérheiti:** Salthúsgarður heitir hluti túngarðs er við na enda heima túnsins á Hrauni.
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Túngarðarnir eru báðir innan við sjóvarnargarð sem liggur með fram sjónum norðan gamla túnsins.
**Staðhættir**
Túngarðurinn sést enn á tveimur stöðum, annars vegar við vestanverðan jaðar gamla túnsins og hins vegar við norðausturhorn þess þar sem hann liggur á milli fjörunnar eða malarinnar og Hópsins.
**Lýsing**
Vestan við túnið er garðurinn tæplega 40m langur og liggur þráðbeint norður/suður. Hann er grasi gróinn en grjóthlaðinn og sér í hleðslur sem eru að nokkru hrundar en standa á köflum ágætlega. Sá hluti garðsins er 30-110cm hár og um 1,5m á breidd. Við na-enda túnsins liggur garðurinn í stefnuna nv/sa og er í heildina rúmlega 30m á lengd en rof (3,5m), mögulega er hlið á honum sunnarlega, nær Hópinu. Garðurinn er einnig grjóthlaðinn á þessum kafla og að hluta grasi gróinn. Suðaustur endinn er ógreinilegur og sést aðeins ein grjótröð á kafla og norðurendinn alveg hruninn. Þessi hluti garðsins er allt að 70cm hár og um metri á breidd. Grjóthlaðið garðlag er einnig meðfram norðurhlið túnsins en í Byggðasögu Skagafjarðar segir

að þar hafi verið sjóvarnargarður. Mögulega hefur það verið einn og sami garðurinn (sjá nánar nr. **1803-6**).

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Þá skal byrja á túninu. Það var girt, ýmist torf- eða grjótgarði allt í kring. Hlið var á garðinum suðvestur frá bænum, en hann stendur í miðju túni. Það nefndist Miðdegishlið og var í nónstað frá bæ. Hlið var líka ofan á mölina. Það nefndist Öskuhlið. Aska var borin um það niður í fjöru.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 1). Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Ofan við malarkampinn er sandblettur, nefnist Sandur. Suður af honum er dálítill tangi út í Hópið, sem heitir Skriða. Heiman við Sandinn var dálítill blettur, sem hét Salthúsgrund. Á henni stóð fiskhús, alltaf nefnt Salthús, og garðurinn heima við það nefndur Salthúsgarður.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2).




**Mynd 3. Gamli sjóvarnargarðurinn (1803-6) er heillegur á kafla en annars staðar mikið skemmdur eftir ágang sjávar. Í baksýns sést í yngri sjóvarnargarð. Horft er til norður (hægri) og norðvesturs (vinstri).**

**Hraun 1803-6**

**Hlutverk:** Sjóvarnargarðar

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Engin hætta.** Sjóvarnargarður ver minjarnar skemmdum.

**Staðhættir**

Meðfram gamla (heima túninu) túninu að norðan, milli sjávar og túns eru leifar gamals sjóvarnargarðar og annar hluti hans nokkru austar, nær lendingunni. Yngri varnargarður ver minjarnar frekari skemmdum.

**Lýsing**

Garðurinn er í heild 144m en sá hluti sem er norðan við túnið er 119m en austar er hann 44m langur. Báðir hlutar garðsins eru allt að 120cm háir. Á köflum stendur hann nokkuð vel en annars staðar er hann hruninn. Sjórinn hefur borið grjót að garðinum að norðan, sumstaðar rofið hann eða rutt honum um og hylur hann alveg á köflum. Garðurinn hefur verið nokkuð umfangsmikið mannvirki.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sjóvarnargarðar gamlir eru norðan við bæinn og austur eftir malarkambinum. Á fyrri hluta aldarinnar voru þeir hlaðnir innan við kambinn og lausir frá honum. Í Halaveðrinu svokallaða 1925 gerði óhemjubrim og braut mikið af görðunum.

Síðan voru þeir hlaðnir upp og þá var fyllt að þeim að innanverðu. Eftir það sleikti stundum yfir þá og bar grjót og rusl inn á túnið. Svo kom aftur óhemjubrim 1934 og túnið stórskemmdist af möl og sandi. Stór skörð komu í garðana og þeir voru enn hlaðnir upp. Þá mjókkaði mölin talsvert mikið og síðan hefur hún alltaf verið að mjókka, mest í þrem síðustu brimunum á þessum áratug. Nú hefur verið sett stórgrýti ofan á kambinn, síðast veturinn 1996. Fékkst til þess svolítill styrkur frá Bjargráðasjóði.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 31).

**Hraun 1803-7**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var rétt í norðvesturhorni túnsins sem nú er horfin. Staurаröð liggur frá túnendanum til norðurs að sjóvarnargarðinum og var réttin á svipuðum stað og staurarnir eru á flatanum innan við malarkambinn. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu en gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju (Munnl. heimild: Guðlaug Jóhannsdóttir, 19.08.16).
**Aðrar upplýsingar**
Sigrún Lárusdóttir eigandi Efra- og Neðra-Ness sagðist muna eftir því einhverju sinni þegar verið var að reka fé í réttina að sjór hafi flætt yfir mölina og inn í réttina (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 20.12.16).

**Hraun 1803-8**
**Sérheiti:** Hraun
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild, hús
**Staðhættir**
Gamli bærinn stóð þar sem eldra íbúðarhúsið á Hrauni stendur í dag. Árið 1906 var byggt timburhús þar norðaustan við sem stendur enn í dag (Munnl. heimild: Guðlaug Jóhannsdóttir, 19.08.16).


**Mynd 4. Timburhúsið sem byggt var 1906.**

**Hraun 1803-9**
**Hlutverk:** Fjós, hlaða og lambahús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Suðvestan við gamla bæinn (**1803-8**), tæplega 20m suðvestur af íbúðarhúsinu stóð fjós, hlaða og lambahús samkvæmt heimildamanni. Búið er að rífa húsin og slétta yfir og þarna er nú tún. Punktur var tekinn samkvæmt ábendingu heimildamanns (Munnl. heimild: Guðlaug Jóhannsdóttir, 19.08.16). Húsin eru merkt á túnakort frá 1918.

**Hraun 1803-10**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakorti frá 1918 má sjá að heimreiðin lá til suðurs frá gamla bænum (**1803-8**) þar sem að núna er tún. Nyrsti hluti hennar lendir innan við 100m frá sjó.

**Hraun 1803-11**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru innan við sjóvarnargarð.
**Staðhættir**
Í túnjaðrinum um 60m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hrauni er aflöng þúst.
**Lýsing**
Þústin 3x8m eð utanmáli, um 20cm há og liggur nnv/ssa. Hún er alveg í túnjaðri og liggur girðing yfir norðurenda hennar. Hún sker sig nokkuð úr umhverfi sem annars er slétt en óvíst er þó hvort þarna hafi staðið mannvirki.

**Hraun 1803-12**
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Þúfa
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru í túni norðaustan og austan við gamla íbúðarhúsið á Hrauni. Sjóvarnargarður ver túnið á þessum stað.
**Staðhættir**
Tvær stórar þúfur eru í túninu á Hrauni, önnur þeirra rúmlega 60m austur frá íbúðarhúsinu á Hrauni I og um 95m frá sjó.



**Mynd 5. Tvær þúfur í túninu á Hrauni sem sagðar eru álfaþúfur (1803-12 fjær og 13 nær).**

**Lýsing**
Þúfan liggur norður/suður. Hún er 30-50cm há, 70x180cm að utanmáli og algróin grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Yzti hluti túnsins heitir Útauki. Grjótgarður skildi hann frá túninu. Hann nefndist Þvergarður. Búið er nú að slétta allt túnið. Tvær álfaþúfur eru samt enn í því.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2). Í viðtali við Rögnvald Steinsson á Hrauni kemur fram að álagaþúfurnar hafi upphaflega verið þrjár en sú þriðja var annaðhvort fjarlægð eða tekin í ógáti. Hann segir jafnframt að eitthvert óhapp eigi að henda ef þúfurnar eru slegnar (Hjalti Pálsson tók viðtal við Rögnvald Steinsson 13.08.1997).

**Hraun 1803-13**
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Þúfa
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru í túni norðaustan og austan við gamla íbúðarhúsið á Hrauni. Sjóvarnargarður ver túnið á þessum stað.

**Staðhættir**
Tvær stórar þúfur eru í túninu á Hrauni, önnur þeirra rúmlega 33m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Hrauni I og um 65m frá sjó.
**Lýsing**
Þúfan er 30-50cm há, um 1,5m að þvermáli og algróin grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Yzti hluti túnsins heitir Útauki. Grjótgarður skildi hann frá túninu. Hann nefndist Þvergarður. Búið er nú að slétta allt túnið. Tvær álfaþúfur eru samt enn í því.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2). Í við Rögnvald Steinsson á Hrauni kemur fram að álagaþúfurnar hafi upphaflega verið þrjár en sú þriðja var annaðhvort fjarlægð eða tekin í ógáti. Hann segir jafnframt að eitthvert óhapp eigi að henda ef þúfurnar eru slegnar (Hjalti Pálsson tók viðtal við Rögnvald Steinsson 13.08.1997).


**Mynd 6. Þvergarður (1803-14), horft er til suðausturs og sér í yngra íbúðarhúsið á Hrauni í baksýn.**

**Hraun 1803-14**
**Sérheiti:** Þvergarður
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru innan við sjóvarnargarð.
**Staðhættir**
Norðaustan við heimatúnið um 100m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hrauni I er garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn liggur nv/sa og er um 55m á lengd, grjóthlaðinn en að hluta gróinn grasi og mosa. Hann er mikið hruninn, mest um 40cm hár og rúmlega 2m á breidd og á köflum sést einungis neðsta grjótröðin.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Yzti hluti túnsins heitir Útauki. Grjótgarður skildi hann frá túninu. Hann nefndist Þvergarður. Búið er nú að slétta allt túnið.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2).

**Hraun 1803-15**
**Sérheiti:** Sjómannabali
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Túnið hefur allt verið sléttað og engar götur, hafi þær verið, eru sjáanlegar. Líklega hefur verið hlið á túngarðinum til norðausturs í átt að Hraunakróki þar sem lendingin var.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Út frá bænum er bali, sem nefnist Sjómannabali. Um hann er gengið, er farið er á sjó.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2).

**Hraun 1803-16**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Lendingin var í Hraunakróki, norðaustur af bænum, tæplega 100 m norðaustur af gamla túninu (heimatúninu).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Ofan malar, meðfram Hópinu, eru grasblettir, sem heita Ytri- og Syðriblettir. Í króknum, er víkin beygir til vesturs heitir Skarð. Þar er nú lending.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2).



**Mynd 7. Leifar gufubátsins Varanger í lendingunni (1803-16) í Hraunsvík.**

**Hraun 1803-17**
**Sérheiti:** Salthús
**Hlutverk:** Fiskhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Salthúsið stóð nálægt lendingunni (**1803-16**) norðaustan við gamla túnið. Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en punktur var tekinn á grundinni og gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Ofan við malarkampinn er sandblettur, nefnist Sandur. Suður af honum er dálítill tangi út í Hópið, sem heitir Skriða. Heiman við Sandinn var dálítill blettur, sem hét Salthúsgrund. Á henni stóð fiskhús, alltaf nefnd Salthús, og garðurinn heima við það nefndur Salthúsgarður.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2). Um salthúsið segir í 1. bindi Byggðasögunnar: „Popp kaupmaður á Sauðárkróki lét byggja hér salthús fyrir aldamót til fiskitöku á svokallaðri Salthúsgrund við lendinguna. Ekki veit ég hve lengi hann var hér með fiskitöku en síðar var tekinn hér fiskur af Skagaströnd.“ (bls. 31).



Mynd 8. Gröf (1803-18) á Hraunsmúla. Horft er til norðvesturs.

**Hraun 1803-18**
**Hlutverk:** Steinalögn
**Tegund:** Legstaður
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 8m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt og því má ætla að minjarnar séu í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Austast á Hraunsmúla, um 8m frá sjávarbakkanum (utan girðingar) og um 830m ana af íbúðarhúsinu á Hrauni I er gröf.
**Lýsing**
Gröfin snýr norðaustur/suðvestur og er um 50x150cm að utanmáli. Hún er þakin grjóti en umhverfis hana er mosi og lyng. Ofan á gröfinni hafa verið settar tvær spýtur í kross og steinn ofan á til þess að merkja hana.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Steinn L. Sveinsson (1886-1957) fæddist á Hrauni og átti þar heima alla tíð síðan. Hann hafði heyrt að útlendur sjómaður ætti að vera grafinn í Hraunsmúlanum en vissi ekki hvar. Rögnvaldur sonur hans hafði tekið eftir aflangri grjóthrúgu austur á Múlanum og eitt sinn við dúntekju sagði hann svo sem í gamni við tvo unglingsstráka sem voru á Hrauni að þarna væri líklega grafinn maður og benti þeim á hrúguna. Daginn eftir voru strákar enn við túntekju og datt þá í huga að hnýsast í hrúguna en höfðu fáa steina tekið er þeir sáu hauskúpu af manni, tóku hana og stungu í dúnpoka og sögðu 5 eða 6 ára patta, sem með þeim var, að fara með dúnpokann heim. Tók móðir hans við pokanum en þótti dúnninn ókennilegur. Voru strákar sendi með hauskúpuna til baka og skipað að setja hana á sama stað og ganga frá með sama hætti og verið hafði sem þeir og gerðu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 31).

**Hraun 1803-19**
**Sérheiti:** Þriggjasteinamark
**Hlutverk:** Landamerki
**Tegund:** Steinar
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rétt upp af efri brún sjávarmalar þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Graseyri er norðaustan við Þangskálavatnið, á milli þess og sjávarmalarinnar. Þar eru þrír steinar á merkjum Þangskála og Hrauns. Steinarnir voru ekki skráðir á vettvangi en punktur tekinn af loftmynd og því má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hrauns segir: „Austur með vatninu er haldið eftir Vatnshornsbrekkum, sem eru sunnan í Múlanum, og komið að sjó; Vatnshorn heitir þar. Stutt suður með mölinni er graseyri. Á henni eru þrír steinar í röð og benda á Úlfadalstá (austan fjarðarins). Þar eru landamerki milli Hrauns og Þangskála, Þriggjasteinamark.“ (Örnefnaskrá Hrauns, 2).

## Þangskáli söguágrip

Þangskáli kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 sem átti þá „Þangskála með öllum gögnum.“[22] Jörðin er svo reglulega nefnd í rekaskrám Miklabæjarkirkju í Blönduhlíð sem átti reka frá „læk þeim er fellur ofan frá bænum Kelduvík í sjó og til þess jarðkross, er suður er frá bænum Þangskála.“[23]

Þangskáli var árið 1686 metinn á 5 hundruð og 80 álnir en 1695 8 hundruð[24], í jarðatali 1709 er jarðardýrleiki sagður óviss.[25] Í nýrri jarðabók frá 1861 er forn dýrleiki sagður 5 hundruð en með nýju mati var hann hækkaður í 7,1 hundruð.[26] Jörðin var í eyði 1709 og hafði verið „næstu tvö ár síðan bóluna“[27] og hún virðist einnig hafa verið í eyði þegar manntal var tekið árið 1703.[28]

Í jarðabókinni 1709 segir að heimræði sé, lending í betra lagi og rekavon einnig. Hafði þá ábúandi það eina af rekanum sem lög leyfðu en hitt fengu Hólastóll og Miklabæjarkirkja. Þar er þess getið að ábúandi hafi haft skip á meðan jörðin var í byggð og inntökuskip hafi stundum verið.[29] Í Fasteignamati 1916-1918 kemur fram að sjórinn beri stundum sand og grjót á túnið.[30]

Búið var á Þangskála til 1967[31] en jörðin er nú í eigu Hraunsbænda og nytjuð þaðan.

---

22 Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
23 Sjá t.d. Íslenskt fornbréfasafn III, 565; XII, 36.
24 Björn Lárusson, 245.
25 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 4.
26 Ný jarðabók 1861, 7,1.
27 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 4.
28 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 25.09.16.
29 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 5.
30 Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla.Skoðað 09.08.16.
31 Munnleg heimild: Steinn Rögnvaldsson 18.12.16.

## Fornleifaskráning




**Þangskáli 1803-20**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rúmlega 10m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot hefur verið mikið.
**Staðhættir**
Á milli Þangskálavatns og malarinnar sem lokar vatninu að austan er gróið svæði sem liggur vestan við mölina. Syðst á því um 425m norður af húsinu á Þangskála og norðaustan við Hólmatanga er tóft.
**Lýsing**
Tóftin virðist svolítið niðurgrafin og erum 30cm djúp en veggir að utan um 10cm háir. Hún snýr norður/suður og er tæplega 4x6m að utanmáli. Grjóthleðsla virðist vera að sunnan og mögulega er grjót í veggjum en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Engar dyr eru greinanlegar.


**Mynd 9. Horft í átt að garði (1803-21) til vesturs.**

**Þangskáli 1803-21**
**Hlutverk:** Varnargarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Aðeins er brotið af endum garðsins sem liggur milli vatnsbakka og garðurinn er aðeins 51m frá sjávarmölinni þar sem landbrot er mikið.
**Staðhættir**
Hólmatangi liggur til vesturs út í Þangskálavatn. Tanginn er aflokaður af garði sem er tæplega 380m norður af húsinu á Þangskála.
**Lýsing**
Garðlagið liggur í boga frá norðri til suðurs og lokar tangann af. Garðurinn er grjóthlaðinn en mögulega hefur verið torfhleðsla þar ofan á. Hann er nokkuð hruninn á kafla. Garðurinn er mest um 110cm en lækkar út til endanna og á bláendanum að sunnan er hann bara einföld steinaröð og liggur aðeins út í vatnið.

**Þangskáli 1803-22**
**Hlutverk:** Æðarvarp
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á tanga á milli sjávarmalarinnar og Þangskálavatns og þarna hefur sýnilega eitthvað brotið.

**Staðhættir**
Á milli Þangskálavatns og malarinnar sem lokar vatninu að austan er gróið svæði sem liggur vestan við mölina. Syðst er tangi, sem nefnist Hólmatangi og liggur til vesturs út í vatnið. Á honum eru minjar um æðarvarp, tæplega 390m nna af húsinu á Þangskála.
**Lýsing**
Á tanganum eru þrír hlaðnir garðar með litlum afmörkuðum hólfum fyrir hreiður og snúa þau til vesturs. Garðlögin snúa öll nokkurn veginn n/s eða ana/ssv og eru 6x7m löng. Hleðslan er um 30cm há og 20cm breið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jónatan Jónatansson bóndi á Þangskála (1869-1893) var mikill framkvæmdamaður. (...) Hann reyndi að efla æðarvarpið og hlóð til þess garða og skápa á Balanum, lét gera landstækkun fram af Hólmatanganum vestur í Þangskálarvatnið og seinna var grafið sund á milli, en samt verpti aldrei æður í hólmanum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).


**Mynd 10. Skurður (1803-23) aðskilur fremsta hluta Hólmatanga sem er manngerður (1803-24). Horft er til vesturs.**

**Þangskáli 1803-23**
**Hlutverk:** Varphólmi
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á tanga á milli sjávarmalarinnar og Þangskálavatns og þarna hefur sýnilega eitthvað brotið.
**Staðhættir**
Hólmatangi liggur til vesturs út í Þangskálavatn tæplega 380m nnv frá húsinu á Þangskála. Vestast á tanganum er handgrafinn skurður eða sund sem aðskilur fremsta vestasta hluta tangans.
**Lýsing**
Skurðurinn liggur norður/suður og er 20m langur og um 2m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jónatan Jónatansson bóndi á Þangskála (1869-1893) var mikill framkvæmdamaður. (...) Hann reyndi að efla æðarvarpið og hlóð til þess garða og skápa á Balanum, lét gera landstækkun fram af Hólmatanganum vestur í Þangskálarvatnið og seinna var grafið sund á milli, en samt verpti aldrei æður í hólmanum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-24**
**Hlutverk:** Varphólmi
**Tegund:** Grjót
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á tanga á milli sjávarmalarinnar og Þangskálavatns og þarna hefur sýnilega eitthvað brotið.

**Staðhættir**
Hólmatangi liggur til vesturs út í Þangskálavatn tæplega 380m nnv frá húsinu á Þangskála. Fremst á hólmanum er um 9x9m landstækkun gerð af grjóti. Hún er ógróin en tanginn að öðru leyti að mestu gróinn grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jónatan Jónatansson bóndi á Þangskála (1869-1893) var mikill framkvæmdamaður. (...) Hann reyndi að efla æðarvarpið og hlóð til þess garða og skápa á Balanum, lét gera landstækkun fram af Hólmatanganum vestur í Þangskálarvatnið og seinna var grafið sund á milli, en samt verpti aldrei æður í hólmanum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).




**Þangskáli 1803-25**
**Hlutverk:** Skotbyrgi, óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar ættu ekki að vera í hættu nema að sjórinn nái að brjóta sér leið í í gegnum sjávarmölina.
**Staðhættir**
Rófa heitir tangi sem gengur til norðvesturs út í Þangskálavatnið. Á miðjum tanganum, tæplega 270m norðvestur af húsinu á Þangskála er niðurgrafin tóft.
**Lýsing**
Tóftin er niðurgrafin og nokkurn veginn hringlaga um 4m í þvermál. Hún er grasi gróin en sér í grjót í innveggjum. Veggir eru 20-50cm háir og um metri á breidd. Að vestanverðu er veggurinn töluvert lægri og þar gætu mögulega hafa verið dyr.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norður af Þangskálabænum gengur alda, uppgróinn malarkambur 200-300 metra í norður allt á enda Rófunnar sem er tangi norðvestur í Þangskálarvatnið. Norðarlega á kambinum er djúp hola. Það er rúst af skothúsi Jónatans en e.t.v. gæti það upphaflega hafa verið eldra, t.d. frá tímum Péturs Jónssonar sem frægur var af Þangskálarmálum fyrri og síðar. Hann var „skytta og lá fyrir refum í skotbyrgjum.““ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-26**




**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Vegna landbrots. Tóftin er um 15m frá efri brún fjörunnar.

**Staðhættir**

Á túnakorti frá 1918 er útihús um 70m norðvestur af bænum. Þar er fjárhústóft, rétt rúmlega 60m norðvestur af íbúðarhúsinu á Þangskála.

**Lýsing**

Tóftin snýr nnv/ssa og er tæplega 7x15m að utanmáli, fjárhús með garða, tveimur króm og hlöðu eða heytóft til nnv. Dyr hafa snúið til ssa. Neðri hluti veggja hefur verið grjóthlaðinn og eru hleðslurnar á köflum nokkuð stæðilegar. Torfhleðsla hefur verið ofan til og er vel greinileg klömbruhleðsla á kafla milli fjárhúss og hlöðu/heytóftar. Við dyrnar sér í strengjahleðslu. Timbur úr húsgrindinni liggur í tóftinni. Veggir eru 50-180cm og um 120cm á breidd. Suðaustan við tóftina er gróin þúst um 4,5m að þvermáli.

**Þangskáli 1803-27**

**Hlutverk:** Útihús

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti frá 1918 er útihús tæplega 130m nna af bænum.

**Lýsing**

Húsin eru horfin en sjávarkambur og fjörugrjót eru nú þar sem þau stóðu og áfram norður eftir þar sem áður var tún. Þarna hefur sjáanlega verið mikið landbrot og er enn. Steinn Rögnvaldsson bóndi á Hrauni man eftir tóftum þarna og jafnframt eftir því þegar þarna var slegið tún (Munnl. heimild: Steinn Rögnvaldsson 18.12.16). Punktur var tekinn af túnakorti sem búið var að hnitsetja út frá loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.




**Mynd 11. Minjar á bæjarstæðinu á Þangskála.**

**Þangskáli 1803-28**
**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 15m frá efri brún fjörunnar og þarna hefur landbrot greinilega verið nokkurt.

**Staðhættir**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að gamli bærinn hafi verið fast sunnan við steinhúsið. Suður og suðaustur frá húsinu er tóftaþyrping. Nyrst er lágt garðlag, mögulega matjurtagarður sem liggur fast norðvestan við aðra tóft (**1803-30**).

**Lýsing**

Garðlagið er algróið grasi, 10-30cm hátt og mest rúmlega metri á breidd. Innanmál er 5x9,5m og e.t.v. hefur verið hlið við hornið mót austri. Mögulega hefur verið þarna matjurtagarður en hann er ekki merktur á túnakort frá 1918.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Þangskálabærinn stendur á grónum malarrinda rétt innan við malarkambinn. Gamli bærinn var fast sunnan við steinhúsið sem enn stendur.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-29**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 10-15m frá efri brún fjörunnar og þarna hefur landbrot greinilega verið nokkurt.
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að gamli bærinn hafi verið fast sunnan við steinhúsið. Suður og suðaustur frá húsinu er tóftaþyrping sem er að hluta á smá hól. Nyrst er lágt garðlag, mögulega matjurtagarður (**1803-28**) og fast suðaustan við hann er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr na/sv og er 6,5x11m að utanmáli. Dyr eru við suður horn tóftar og snúa að öðrum tóftum í þyrpingunni. Veggir eru grjóthlaðnir að innan en torfhleðsla er að utan og eru hleðslur töluvert hrundar. Ofan á grjóthleðslunni er torfhleðsla og sér bæði í torf og grjót í veggjum sem annars eru að mestu grónir grasi. Þeir eru 50-160cm háir og um 120cm á breidd. Þar sem innveggir eru grjóthlaðnir er ekki ólíklegt að þarna hafi verið skepnuhús af einhverju tagi. Á túnakorti frá 1918 er skemma skemma sýnd suðaustan við bæinn og gæti hún hafa verið á þessum slóðum.

**Þangskáli 1803-30**
**Hlutverk:** Óþekkt, íveruhús, skemma?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 25m frá efri brún fjörunnar og þarna hefur landbrot greinilega verið nokkurt.
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að gamli bærinn hafi verið fast sunnan við steinhúsið. Suður og suðaustur frá húsinu er tóftaþyrping sem er að hluta á smá hól. Nyrst er lágt garðlag, mögulega matjurtagarður (**1803-28**) og fast suðaustan við hann er tóft (**1803-29**), suðvestan við þessar minjar er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr na/sv og er 5x7,5m að utanmáli. Dyr hafa verið á henni og snúið til suðausturs. Veggir eru lægri en á tóftunum í kring 10-30cm en 50cm til norðausturs og breidd er um 110cm. Þeir eru algrónir grasi.
**Aðrar upplýsingar**
Steinn Rögnvaldsson bóndi á Hrauni man eftir uppistandandi skemmu beint suður af íbúðarhúsinu á Þangskála (Munnl. heimild: 18.12.16).

**Þangskáli 1803-31**
**Hlutverk:** Óþekkt, útihús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 25m frá efri brún fjörunnar og þarna hefur landbrot greinilega verið nokkurt.
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að gamli bærinn hafi verið fast sunnan við steinhúsið. Suður og suðaustur frá húsinu er tóftaþyrping sem er að hluta á smá hól. Nyrst er lágt garðlag,

mögulega matjurtagarður (**1803-28**) og fast suðaustan við hann er tóft (**1803-29**) og sunnan við hana er minni tóft.

**Lýsing**

Tóftin er rúmlega 5x5m að utanmáli og hafa dyr snúið til suðvesturs og hefur líklega verið timburþil. Veggir eru grjóthlaðnir neðst og strengur á milli en ofar er torfhleðsla úr klömbruhnaus og streng. Hleðslur sjást vel en tóftin að öðru leyti grasi gróin. Veggir eru 60-120cm háir og um metri á breidd. Frekar líklegt er að þetta hafi verið útihús fremur en íveruhús fólks. Á túnakorti frá 1918 er skemma skemma sýnd suðaustan við bæinn og gæti hún hafa verið á þessum slóðum.

**Þangskáli 1803-32**

**Hlutverk:** Öskuhóll?

**Tegund:** Hóll

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 15-20m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot er greinilega töluvert.

**Staðhættir**

Enginn augljós öskuhóll er í túninu á Þangskála en bæjarþyrpingin er að hluta á hól og á honum hringlaga tóft sem gæti verið súrheysgryfja (**1803-33**). Hún er á milli tóftar nr. **1803-29** og nr. **1803-31**.

**Lýsing**

Hóllinn sem tóftin er byggð á er grasi gróinn og austan í honum er gróin þúst. Óvíst er hvort þetta er öskuhóllinn sem talað er um í Byggðasögunni.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Þangskála var hóll sem átti að vera álagahóll, en hann reyndist vera öskuhóll þegar hann var grafinn og gerð þar súrheysgryfja 1925 eða 1926. Af hvaða örsökum sem var, þá urðu mikil umskipti á bænum á næstu árum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-33**

**Hlutverk:** Óþekkt, súrheysgryfja

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 20m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot er greinilega töluvert.

**Staðhættir**

Enginn augljós öskuhóll er í túninu á Þangskála en bæjarþyrpingin er að hluta á hól og á honum hringlaga tóft sem gæti verið súrheysgryfja.

**Lýsing**

Tóftin er nokkurn veginn hringlaga og er um 3m í þvermál. Veggir eru 30-80cm háir og um 80cm breiðir, algrónir grasi. Tóftin virðist vera torfhlaðin en mögulega hefur verið grjót neðst í veggjum. Á túnakorti frá 1918 er skemma skemma sýnd suðaustan við bæinn og gæti hún hafa verið á þessum slóðum.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á Þangskála var hóll sem átti að vera álagahóll, en hann reyndist vera öskuhóll þegar hann var grafinn og gerð þar súrheysgryfja 1925 eða 1926. Af

hvaða örsökum sem var, þá urðu mikil umskipti á bænum á næstu árum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-34**
**Hlutverk:** Fjárhús, hesthús, heytóft
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 15m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot er greinilega töluvert.
**Staðhættir**
Sunnan við tóftaþyrpinguna á bæjarstæðinu er tóft en hún stendur stök um 4m frá hinum tóftunum.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 11,5x11,5m að utanmáli. Húsin eru tvístæð með heytóft til suðvesturs of hefur verið innangengt úr báðum hólfum í heytóftina og standa tóftardyrnar enn norðanmegin í húsinu en raftarnir ofan á þeim sumir brotnir og farnir að síga. Timbur úr húsgrindinni og þaki liggur í tóftinni og efst á veggjum sést í net sem að líkindum hefur verið notað til að halda þaktorfinu á sínum stað. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir og standa klömbruhlaðnir veggir ágætlega. Í nyrðra húsinu virðist mögulega hafa verið stallur og gæti það þá hafa verið hesthús. Þessi hús eru ekki á túnakorti frá 1918 og eru því líklega yngri en það og teljast þá lagalega ekki til fornleifa ennþá.

**Þangskáli 1803-35**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 15m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot er greinilega töluvert.
**Staðhættir**
Sunnan við tóftaþyrpinguna á bæjarstæðinu er tóft (**1803-34**) en hún stendur stök um 4m frá hinum tóftunum og 4m suðaustan við hana er tóft, töluvert minni.
**Lýsing**
Tóftin er 4,5x4-5m að utanmáli. Veggir eru 30-40cm háir og um 80cm breiðir. Þeir eru grasi grónir en þó sér í grjót í veggjum. Veggir eru nokkuð reglulegir að lögum nema við suðurhorn tóftar.

**Þangskáli 1803-36**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Á túnakort frá 1918 er peningshús norðan við bæinn, líklega þar sem nú er steinsteypt hús frá 1937 (samkvæmt Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. www.skra.is. Skoðuð 01.11.16). Engar minjar um útihús fundust umhverfis gamla íbúðarhúsið en punktur var tekinn samkvæmt staðsetningu á túnakorti. Gera má ráð fyrir skekkju.



**Mynd 12. Sjóvarnargarðurinn (1803-37) á Þangskála. Horft er til norðausturs í átt til sjávar. Sjá má hvernig sjávarmölin hefur fyllt upp að garðinum og á myndinni til hægri rétt glittir í hleðsluna undir mölinni.**

**Þangskáli 1803-37**
**Hlutverk:** Sjóvarnargarðar
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru þegar skemmdar vegna ágangs sjávar sem borið hefur möl að görðunum og stórskemmt þá.
**Staðhættir**
Austan og suðaustan við bæinn sjást enn hlutar af sjóvarnargörðum sem voru á mölinni.
**Lýsing**
Garðarnir liggja meðfram efri brún sjávarmalarinnar og sjást enn á þremur stöðum og eru samtals rúmlega 60m langir. Þeir liggja í stefnuna nv/sa. Fjörugrjót hefur borist að garðinum og stórskemmt hann og eru hleðslur víðast hrundar þar sem þó enn sést í garðinn. Hann er 40-80cm hár, mest 6-7steinaraðir. Aðeins á einum stað sést í meira en bara framhlið garðsins og þar er hann um 60cm breiður.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sjóvarnargarðar voru á mölinni og sér þeirra enn merki austan og sunnan við bæinn, en víðast eru þeir hrundir fóru mjög illa í ofsalegu brimi 26. og 27. október 1934. Þá braut sjórinn hús og hlöðu og stórskemmdi túnið með grjótburði og drasli.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-38**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 6-12m frá efri brún sjávarmalarinnar þar sem að landbrot hefur verið töluvert.
**Staðhættir**
Rétt tæplega 70m suðaustur af húsinu á Þangskála og 45m norðvestur af rétt nr. **1803-39** er hleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er grasi gróin 20-30cm há og 4x4,5m að utanmáli. Hlutverk er óljóst en þarna hefur verið mannvirki af einhverju tagi.




**Mynd 13. Minjar innan við bæ á Þangskála.**

**Þangskáli 1803-39**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Réttin er við gamla sjóvarnargarðinn, beint innan við efri brún sjávarmalarinnar.

**Staðhættir**

Töluvert er af minjum suðaustan við bæinn, rétt við fjöruna, sem ekki eru á túnakorti frá 1918 og eru því flestar að líkindum yngri en það. Því er lagalega séð enn ekki um fornminjar að ræða en þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru því skráðar með. Rétt tæplega 120m suðaustur frá húsinu á Þangskála er grjóthlaðin rétt (**1803-39**) og fast sunnan hennar fjárhús.

**Lýsing**

Réttin snýr norðaustur/suðvestur. Hún virðist hlaðin upp við sjóvarnargarðinn sem er þá norðausturveggur hennar og til suðausturs er útveggur fjárhúsanna. Hún afmarkar svæði sem er 8x15m að stærð. Veggir eru nokkuð stæðilegir 70-80cm háir og mest rúmlega metri á breidd. Hlið hefur verið við enda fjárhúsveggjarins mót suðaustri. Veggirnir standa vel nema að norðaustanverðu þar sem sjórinn hefur brotið af þeim.


Mynd 14. Fjárhústóft (1803-40). Horft er til norðvesturs og sést í gamla húsið á Þangskála í baksýn. Sjá má í grindarviði og þak og grjóthleðslan á myndinni virðist vera úr fjörugrjóti sem stutt hefur verið að ná í.

**Þangskáli 1803-40**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin er alveg við sjávarkambinn þar sem að landbrot hefur verið töluvert.
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum suðaustan við bæinn, rétt við fjöruna, sem ekki eru á túnakorti frá 1918 og eru því flestar að líkindum yngri en það. Því er lagalega séð enn ekki um fornminjar að ræða en þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru því skráðar með. Rétt tæplega 120m suðaustur frá húsinu á Þangskála er grjóthlaðin rétt nr. (**1803-39**) og fast sunnan hennar fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur fjárhús með tveimur grjóthlöðnum görðum með steyptri plötu og fjárbaði sem er lokað með timburfleka. Hún er 11x14,5m að utanmáli. Tóftin er opin mót suðvestri og hefur því líklega verið timburþil þar. Hlaða er til norðausturs, næst sjónum. Timbur úr grindinni og þakið liggja í tóftinni og hefur verið bárujárn á þaki en veggir hlaðnir úr torfi og grjóti og sést í strengjahleðslu. Veggir eru 40-120cm háir og um 120cm á breidd. Hleðslur sjást en tóftin að öðru leyti grasi gróin.

**Þangskáli 1803-41**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 20m frá sjávarbakka þar sem land brýtur.
**Staðhættir**
Töluvert er af minjum suðaustan við bæinn, rétt við fjöruna, sem ekki eru á túnakorti frá 1918 og eru því flestar að líkindum yngri en það. Því er lagalega séð enn ekki um fornminjar að ræða en þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og eru því skráðar með. Rétt tæplega 120m suðaustur frá húsinu á Þangskála er grjóthlaðin rétt nr. (**1803-39**) og fast suðvestan við hana er fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 8x13,5m að utanmáli. Þakið er hrunið og liggur ofan á tóftinni og því ekki hægt að mæla upp innveggi og garða. Þak og grindarviðir eru í tóftinni og bárujárn hefur verið á þaki og torf á því. Veggir annars torfhlaðnir og sjást klömbruhleðslur. Veggir eru um 70cm háir og rétt rúmlega metri á breidd. Tóftin er að öðru leyti grasi gróin. Hlaða var norðvestan við fjárhúsin og þakgrindin að hluta enn með bárujárni liggur á tóftinni.

**Þangskáli 1803-42**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakka þar sem að land brýtur.

**Staðhættir**
Rúmlega 110m suðaustur af íbúðarhúsinu er fjárhústóft nr. (**1803-41**) og beint suður af henni er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 4,5x6,5m að utanmáli, veggir eru grasi grónir, 40-60cm háir og um metri á breidd. Tóftin er alveg opin mót suðvestri og mögulega vantar á tóftina. Hlutverk er óþekkt. Við austurhorn er grjóthrúga en óvíst hvort hún tengist tóftinni á nokkurn hátt.

**Þangskáli 1803-43**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakka þar sem að land hefur brotið.
**Staðhættir**
Um 135m suðvestur af húsinu á Þangskála og um 5m suðaustur af tóft nr. (**1803-42**) eru tvær grónar þústir.
**Lýsing**
Þústirnar eru hlið við hlið og eru skráðar hér saman en hlutverk þeirra er óljóst. Vestari þústin er 5-6m að þvermáli og hin 4-5m. Þær eru báðar grasi grónar, smá þýfðar og skera sig úr umhverfi. Rás liggur þvert yfir vestari þústina en í þá austari er niðurgröftur. Þústirnar eru um 10-30cm háar.


**Mynd 15. Húsgrunnur (1803-44)? Grjóthleðsla er í útbrún en steinsteypt plata þar innan við og timburgólf eða fleki þar yfir.**

**Þangskáli 1803-44**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla, steinsteypa
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 30m frá efri brún sjávarmalar þar sem hefur verið töluvert landbrot.
**Staðhættir**
Um 17m suður af fjárhústóft nr. (**1803-40**) er líklega grunnur húss.
**Lýsing**
Grunnurinn er 3x4,5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur, 10-20cm hár. Útbrúnin er hlaðin úr grjóti en innan hennar virðist vera steypt plata og timburgólf eða fleki þar ofan á og svo gras yfir að hluta.

**Þangskáli 1803-45**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 17m frá efri brún sjávarmalar þar sem hefur verið töluvert landbrot og liggur fjörugrjót næstum alveg að tóftinni.
**Staðhættir**
Um 175m suðvestur af húsinu á Þangskála er tóft tvístæðra fjárhúsa með hlöðu eða heytóft.

**Lýsing**

Tóftin er 10-13x13m að utanmáli og liggur norðvestur/suðaustur. Hún er alveg opin til suðausturs og þar hefur að öllum líkindum verið timburþil. Veggir eru illa farnir og er syðri tóftin óljósari en sú nyrðri en eini veggurinn sem er sæmilega stæðilegur er milliveggur og hluti af útvegg mót norðvestri. Veggir eru allt að 150cm háir. Timbur úr grind liggur í syðri tóftinni. Veggir eru torfhlaðnir (klömbruhnaus og strengur) en grjót neðst. Garðar eru í báðum hólfum. Norðvestan við er hlaða eða heytóft.

**Þangskáli 1803-46**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rúma 20m frá efri brún sjávarmalar þar sem hefur verið töluvert landbrot og liggur fjörugrjót og rekaviður alveg að tóftinni.

**Staðhættir**

Um 175m suðvestur af húsinu á Þangskála er tóft tvístæðra fjárhúsa með hlöðu eða heytóft (**1803-45**) og tæplega 10m suðaustur af henni er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 6x8m að utanmáli. Hún er grasi gróin en grjót sést í veggjum sem eru 20-50cm háir og um metri á breidd. Tóftin gæti hafa náð um 2m lengra til norðvesturs en þar eru mögulega veggjalög.



**Mynd 16. Hlaðinn vegur (1803-47) á Þangskála. Vegurinn lá á milli Þangskála og Kelduvíkur og var hlaðinn af Jónatan Jónatanssyni sem bjó á Þangskála 1869-1893.**

**Þangskáli 1803-47**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á kafla rétt innan við efri brún fjörunnar þar sem að landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Gróinn hryggur eða hleðsla liggur til asa meðfram fjörunni að sunnan í átt að merkjum við Kelduvík. Samkvæmt heimild gerðir Jónatan Jónatansson bóndi á Þangskála stíg á milli bæjanna og eru þetta að öllum líkindum leifar hans.

**Lýsing**

Vegurinn er allur grasi gróinn en hann sést greinilega á um 145m kafla í landi Þangskála og svo sást um 50m langur kafli til viðbótar á loftmynd. Hann er 10-20cm hár og um 1,5m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jónatan Jónatansson bóndi á Þangskála (1869-1893) var mikill framkvæmdamaður. Hann lagði m.a. stíg meðfram mölunum á milli bæjanna Kelduvíkur og Þangskála og sér fyrir honum enn á köflum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 38).

**Þangskáli 1803-48**
**Hlutverk:** Framræsla
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru tæplega 50m frá efri brún sjávarmalarinnar og ættu ekki að vera í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Skurður liggur frá norðvestri til suðausturs samsíða sjávarmölinni en um 45-80m sunnar.
**Lýsing**
Hann er um 50-150cm breiður og mest um 30cm djúpur, líklega handgrafinn. Í norðvestri byrjar hann um 50m vestur af húsinu á Þangskála og endar við merkin við Kelduvík. Hann er um 530m langur.

**Þangskáli 1803-49**
**Hlutverk:** Heimreið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Á túnakorti frá 1918 má sjá heimreið til norðvesturs og svo vesturs frá gamla bænum. Heimreiðin sást ekki við skráningu 2016 en hnit voru tekin af hnitsettu túnakorti sem lagt var yfir loftmynd og gera má ráð fyrir einhverri skekkju.

## Kelduvík söguágrip

Kelduvík kemur mögulega fyrst fyrir í rekaskrá Þingeyrarklausturs frá 1285 þar sem nefndar nefndar eru jarðirnar Græna-Brekka, Kelda og Ósland og talið að Kelda geti verið Kelduvík á Skaga.[32] Annars kemur hún fyrir í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og hefur þá þegar verið komin í eigu biskupsstólsins.[33]

Árið 1686 og 1695 er jörðin metin á 10 hundruð[34] en 1709 er jarðadýrleiki sagður óviss[35] eins og á öðrum jörðum stólsins. Í jarðartali 1847 er dýrleiki ekki gefinn og neðanmáls segir að prestur hlaupi yfir jörðina en hreppstjóri telji hana 5 hundruð.[36] Í nýju jarðamati 1861 er jarðamat 5,7 hundruð.[37]

Árið 1703 voru 7 manns til heimilis í Kelduvík og íbúar á bilinu 0-9 fram eftir 19. öldinni en 12 þegar mest var árið 1920.[38] Árið 1924 fór jörðin í eyði og var nytjuð frá Hrauni til ársins 1959 þegar Ástvaldur Tómasson og Svanfríður Steinsdóttir fluttu þangað. Kelduvík fór í eyði 1967 en húsið hefur verið nýtt sem sumarbústaður eiganda.[39]

Í jarðabók frá 1709 segir að rekavon sé í minna lagi og hafði ábúandi það af rekanum sem lög leyfðu en biskupsstóllinn á Hólum, Reynistaðaklaustur og Miklabæjarkirkja í Blönduhlíð áttu hitt „eftir tiltölu". Lending er sögð góð og heimræði í betra lagi og hafði ábúandi eitt skip auk þess sem inntökuskip var eitt og tók ábúandi fisk af hverjum róðri í undirgift.[40] Í fasteignamati 1916-1918 segir að fjörubeit sé nokkur, talsverður viðarreki, góð lending og gott útræði.[41]

---

[32] Íslenskt fornbréfasafn II, 250.
[33] Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
[34] Björn Lárusson, 245
[35] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 5.
[36] J. Johnsen, 253.
[37] Jarðabók 1861, 109.
[38] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 16.12.16
[39] Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 42, 45.
[40] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 6.
[41] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla.Skoðað 09.08.16.

## Fornleifaskráning

**Kelduvík-1803-50**
**Sérheiti:** Árnaskurður
**Hlutverk:** Framræsla
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Vélgrafinn skurður er nú á merkjum Kelduvíkur og Þangskála en þar var áður handgrafinn skurður sem nefndist Árnaskurður (Munnl. heimild: Svanfríður Steinsdóttir 18.12.16). Hann sést ekki lengur en hnit var tekið á merkjum og gera má ráð fyrir einhverri skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Kelduvíkur segir: „Svo höldum við dálítinn spöl út eftir, þar til við komum á móts við Þangskálarskershalann. Skerið er um 150 til 200 m frá landi. Þar var nokkur selveiði, og fylgir hún bæði Þangskála og Kelduvík. Þarna eru landamerki milli Þangskála og Kelduvíkur. Nú er búið að girða þarna á merkjum og grafa skurð. Heitir sá Árnaskurður. Hét sá Árni, er fyrst sá um gröft á honum.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).

**Kelduvík-1803-51**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildum var gamli bærinn fast norðan við gamla íbúðarhúsið (byggt 1961 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, nú skráð sem sumarbústaður. www.skra.is. skoðað 03.11.16) og var punktur tekinn þar samkvæmt lýsingu. Búið er að rífa bæinn og sést hann ekki lengur en vestur af gamla íbúðarhúsinu eru gróðurskil á 20x30m svæði og gætu verið leifar gamla bæjarstæðisins.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Enn hékk uppi hluti bæjarhúsa er Ástvaldur og Svanfríður komu að Kelduvík 1961. Þá voru flest bæjar- og peningshús fallin og girðingar engar, túnið mjög lítið, allt þýft og sumpart grýtt. Þá reistu þau íbúðarskúr til bráðabirgða fast við gamla bæinn, en fjárhúsin byggðu þau á holtinu fyrir vestan. Var gamli bærinn fast norðan við nýja húsið sem byggt var. Baðstofan var nýleg þegar jörðin fór í eyði og hafði Sveinn bóndi Sveinsson byggt hana, en frambærinn allur gamall. Skálinn var norðast, beint á móti dyrunum inn í baðstofuna, og stóð enn að nokkru leyti um 1960, en þakið þó fallið inn að hluta og veggir orðnir lélegir. Hann var sagður 200 ára gamall og merkileg bygging. Hliðarásinn að vestanverðu var breiður planki upp á rönd og grópaður inn í stoðirnar og trénaglar í gegn. Skálinn var oft notaður til beitningar og þótti þar nokkur sveimur. Sumir trúðu að þar héldu til svipir þeirra manna sem drukknuðu forðum af sexæringnum á Kelduvíkinni.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 44).

**Kelduvík-1803-52**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildum var gamli bærinn fast norðan við gamla íbúðarhúsið (byggt 1961 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, nú skráð sem sumarbústaður. www.skra.is. skoðað 03.11.16) og voru hnit tekin af loftmynd samkvæmt lýsingu. Á túnakorti frá 1918 er peningshús beint norður af bænum og ekki er ólíklegt að þar hafi verið fjósið en Svanfríður Steinsdóttir sagði að fjós hefði verið við bæinn um 1960 en veggir og þak innfallin (Munnl. heimild: 18.12.16). Það er eins og bærinn horfin en hnit tekið út frá staðsetningu á túnakorti og má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju sökum skorts á upplýsingum um legu gamla túnsins.

**Kelduvík-1803-53**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildum var gamli bærinn fast norðan við gamla íbúðarhúsið (byggt 1961 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, nú skráð sem sumarbústaður. www.skra.is. skoðað 03.11.16) og var punktur tekinn þar samkvæmt lýsingu. Á túnakorti frá 1918 er peningshús norðaustur frá bænum en punktur var tekinn miðað við staðsetningu á túnakorti. Gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju. Svanfríður Steinsdóttir man eftir fjárhústóft á þessum slóðum (Munnl. heimild: 18.12.16).

**Kelduvík-1803-54**
**Sérheiti:** Systur
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Þúfur
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru tæplega 30m frá sjávarbakka og ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Í túninu um 45m norðaustur af gamla íbúðarhúsinu eru tvær grasi grónar þúfur og eru um 2m á milli þeirra. Þær skera sig dálítið úr umhverfi. Vestari þúfan er um metri í þvermál en hin heldur minni eða um 60-80cm í þvermál. Þær eru um 40cm háar.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Kelduvíkur segir: „Dálítill túnkragi er utan við bæinn, er nefnist Kraginn. Í Kraganum eru 2 álfaþúfur, hvor við aðra, er nefnast Systur.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).



**Mynd 17. Leifar sjóvarnargarðsins (1803-55) í Kelduvík. Horft er til norðvesturs.**

**Kelduvík-1803-55**
**Hlutverk:** Varnargarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru við fjöruna og hefur Sjórinn þegar brotið af þeim.
**Staðhættir**
Tæplega 80m norðaustur af bænum (byggður 1961 skv. fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, nú skráð sem sumarbústaður. www.skra.is. skoðað 03.11.16) eru leifar sjóvarnargarðs.
**Lýsing**
Garðurinn liggur norður/suður og er 14m langur. Sá hluti veggjarins sem er í átt frá sjónum stendur sæmilega en hinum megin er hann mikið hruninn vegna ágangs sjávar. Möl hefur borist alveg upp að garðinum og upp á hann sumstaðar. Hann er um 50cm hár, 110cm á breidd og nánast ekkert gróinn.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Litlar leifar sjást ennþá af Sjóvarnargarði á Flögunni, tanganum norðaustan við bæinn en brim hefur brotið hann næstum alveg.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 45).

**Kelduvík-1803-56**
**Hlutverk:** Hjallar
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimild voru fiskhjallar niður undan bænum. Engar minjar um þá fundust við skráningu sumarið 2016 og ekki er unnt að staðsetja þá með viðunandi nákvæmni út frá lýsingum.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Næst tekur við Kelduvík, um 100-200 m breið. Var lending og uppsátur í víkinni sunnanverðri en þó var afli stundum lagður á land niður undan bænum, því þar voru fiskhjallarnir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 43).




**Kelduvík-1803-57**
**Sérheiti:** Sveinkahús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Sjórinn hefur þegar rofið af norðanverðri tóftinni.
**Staðhættir**
Austan við botn Kelduvíkur, rúmlega 190m suðaustur frá gamla íbúðarhúsinu í Kelduvík er fjárhústóft við fjöruna.
**Lýsing**
Tóftin er 6x11m að utanmáli og snýr nálega norður/suður. Dyr hafa verið í húsin að sunnan og innangengt í heytóft sem er norðan við fjárhúsin. Veggir eru að mestu hlaðnir úr klömbruhnaus með streng á milli en neðst er grjóthleðsla. Veggir eru 30-80cm háir og 1-1,5m á breidd, nokkuð rofnir. Garði er ekki greinanlegur. Sjórinn hefur þegar rofið af tóftinni að norðan.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Kelduvíkurbotn eru húsarústir, kallaðar Búðarhús. Þar hafa fyrrum verið sjóbúðir en síðar byggði þar Sveinn Jónsson frá Þangskála fjárhús úr klömbruhnausum og var eftir það kallað Sveinkahús. Leiðarvarðan átti að hliðra vestanvert við Búðarhúsið til að fá rétta innsiglingu á víkina.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 44). Svanfríður Steinsdóttir eigandi Kelduvíkur og fyrrum ábúandi sagðist telja að Búðarhús væru tóftirnar sem eru upp af Búðarvíkinni um 220m suðaustur af Sveinkahúsum (Munnl. heimild: Svanfríður Steinsdóttir 18.12.16).

**Kelduvík-1803-58**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta.** Sjórinn hefur borið grjót alveg að garðlaginu.
**Staðhættir**
Austan við botn Kelduvíkur, rúmlega 190m suðaustur frá gamla íbúðarhúsinu í Kelduvík er fjárhústóft (**1803-57**) alveg við fjöruna og vestan við hana er hleðsla.
**Lýsing**
Hleðslan er úr grjóti og liggur i vinkil vestan við tóftina. Hún afmarkar 4x6m stórt svæði upp við fjárhústóftina. Óvíst er hvort að þessi tvö mannvirki tengist eða hvort að hleðslan sé mögulega eldri og þá hugsanlega tengd meintum búðartóftum sem getið er í heimildum. Hleðslan er um 30cm há og um metri á breidd. Steinar sjást en hleðslan að öðru leyti grasi gróin. Beint vestur af henni eru mögulega veggjaleifar.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Kelduvíkurbotn eru húsarústir, kallaðar Búðarhús. Þar hafa fyrrum verið sjóbúðir en síðar byggði þar Sveinn Jónsson frá Þangskála fjárhús úr klömbruhnausum og var eftir það kallað Sveinkahús. Leiðarvarðan átti að hliðra

vestanvert við Búðarhúsið til að fá rétta innsiglingu á víkina.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 44). Svanfríður Steinsdóttir eigandi Kelduvíkur sagðist hafa heyrt að það hefði verið naust þar sem Sveinkahúsin standa. Þar hafði Felix í Efra-Nesi bát. Frásögn þessa hafði hún eftir frænku sinni Maríu Sveinsdóttur sem fædd var í Kelduvík (Munnl. heimild: Svanfríður Steinsdóttir 18.12.16).

**Kelduvík-1803-59**
**Hlutverk:** Óþekkt, naust
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Mikil hætta.** Sé um minjar að ræða hefur sjórinn þegar brotið af þeim og hulið þær grjóti.
**Staðhættir**
Austan við botn Kelduvíkur, rúmlega 190m suðaustur frá gamla íbúðarhúsinu er fjárhústóft (**1803-57**) og rúmlega 20m austur af henni er þúst á sjávarbakkanum, mögulega leifar tóftar.
**Lýsing**
Þústin er um 2,5x4m að utanmáli og liggur á sjávarbakkanum og er rof í hana norðanverða. Mögulega er um að ræða leifar tóftar en sjórinn hefur skolað grjóti á land þarna og því erfitt að greina hvers eðlis þústin er. Hún er annars grasi gróin og mest 30cm há.
**Aðrar upplýsingar**
Svanfríður Steinsdóttir eigandi Kelduvíkur sagðist hafa heyrt að það hefði verið naust þar sem Sveinkahúsin standa. Þar hafði Felix í Efra-Nesi bát. Frásögn þessa hafði hún eftir frænku sinni Maríu Sveinsdóttur sem fædd var í Kelduvík (Munnl. heimild: Svanfríður Steinsdóttir 18.12.16).

**Kelduvík-1803-60**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Lendingin var í sunnanverðri Kelduvík og voru tekin hnit en litlar minjar eru um útræði þar. Gera má ráð fyrir töluverðri skekkju á hnitum þar sem nákvæmt staðsetning er ekki þekkt.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Næst tekur við Kelduvík, um 100-200 m breið. Var lending og uppsátur í víkinni sunnanverðri en þó var afli stundum lagður á land niður undan bænum, því þar voru fiskhjallarnir.“ (...) „Útræði var löngum úr Kelduvík. Lending þótti allgóð og betri en í Hraunsvík í norðlægri átt, en sá galli var á að innsiglingin er um frekar þrönga rennu milli tveggja boða sem ganga á báðar hendur allangt út frá landinu beggja megin víkurinnar þegar kvika er. Annars vegar er Kelduvíkursker og Flaga að norðan, en Dagmálatangi að sunnan. Út af honum eru tveir boðar. Heitir annar Stakiboði, hinn nokkru innan (sunnar) og kallast Hörtnárboði. Þarna á milli er renna sem brýtur þó á ef mikið brimar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 43).

**Kelduvík-1803-61**
**Sérheiti:** Dagmálatangi
**Hlutverk:** Eyktarmark
**Hættumat: Hætta.** Landbrot er á Dagmálatanga.
**Staðhættir og lýsing**
Dagmálatangi er tæplega 300m asa af Kelduvíkurbænum en þaðan voru dagmál frá Kelduvík, þ.e. klukkan 9 að morgni. Þarna er töluvert landbrot og mögulega er útlit tangans eitthvað breytt frá því sem áður var.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Kelduvíkur segir: „Þar vestar er Langireki, þar utar Litlibás, þá Búðavík. Þar sést fyrir tóftum. Vestan við Búðavík er Dagmálatangi, eyktarmark frá Kelduvík.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).




**Kelduvík-1803-62**
**Sérheiti:** Búðarhús?
**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur, búð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er um 30m frá efri brún fjörunnar og ætti ekki að vera í hættu í nánustu framtíð. Þess ber þó að geta að rekavið og grjóti hefur skolað upp á land, upp fyrir efri brún fjörunnar.
**Staðhættir**
Upp af norðurenda Búðarvíkur um 420m suðaustur frá gamla íbúðarhúsinu í Kelduvík er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr vnv/asa og er 3x11,5m að utanmáli. Hún er grjóthlaðin og tvískipt en við innganginn er töluvert grjót sem virðist hafa tilheyrt veggjum sem liggja til asa frá tóftinni. Hleðslur sjást vel en að öðru leyti er tóftin grasi gróin. Vegghleðslur í tóftinni standa sæmilega en mögulegir veggir sem liggja frá innganginum eru hrundir. Dyr hafa verið til asa en hrunið er ofan í þær. Dyr kunna einnig að hafa vitað til vnv. Veggir eru 20-50cm háir og rúmlega metri á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Kelduvíkur segir: „Þar vestar er Langireki, þar utar Litlibás, þá Búðavík. Þar sést fyrir tóftum. Vestan við Búðavík er Dagmálatangi, eyktarmark frá Kelduvík.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).
Í örnefnaskrá Kelduvíkur segir: „Vestan við Búðavík er Dagmálatangi, eyktarmark frá Kelduvík. Þá tekur við Kelduvík. Austan við hana er Búðarhús.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sunnan við Kelduvíkurbotn eru húsarústir, kallaðar Búðarhús. Þar hafa fyrrum verið sjóbúðir en síðar byggði þar Sveinn Jónsson frá Þangskála fjárhús úr klömbruhnausum og var eftir það kallað Sveinkahús. Leiðarvarðan átti að hliðra vestanvert við Búðarhúsið til að fá rétta innsiglingu á víkina.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 44). Í Byggðasögu og örnefnaskrá segir að Búðarhúsin séu við austanverða Búðarvík. Samkvæmt viðtali við fyrrum ábúendur í Kelduvík í júlí 1998 voru Búðarhúsin

utar, upp af Búðarvíkinni en austanvert við Kelduvíkina voru fjárhús kölluð Sveinkahús (Viðtal Hjalta Pálssonar við Ástvald Tómasson (d. 2007) og Svanfríði Steinsdóttur 18.07.1998). En Rögnvaldur Steinsson sagði í viðtali að Búðarhúsið hafi verið við Kelduvík: „Búðarhúsið eru húsarústir við Kelduvíkurbotninn. Það hafa fyrrum verið sjóbúðir, en síðar voru byggð þarna fjárhús.“ (Viðtal Hjalta Pálssonar við Rögnvald Steinsson á Hrauni (d. 2013) 28.12.1998).

**Kelduvík-1803-63**
**Hlutverk:** Óþekkt, kolagröf
**Tegund:** Niðurgröftur, tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 25m frá sjávarbakka en sjórinn hefur borið töluvert grjót upp á land og því eru minjarnar í hættu vegna ágangs sjávar.
**Staðhættir**
Ofan við fjörukambinn um 780m suðaustur af gamla íbúðarhúsinu í Kelduvík er niðurgröftur eða mögulega niðurgrafin tóft.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 1,3x1,8m að utanmáli en umhverfis hann er nokkuð hringlaga útbrún sem er um 3,5m að þvermáli. Hann er um 20-30cm djúpur og liggja nokkru grjót ofan í honum. Þarna hefur sjórinn borið töluvert grjót á land og gæti niðurgröfturinn fyllst með tímanum. Mögulega hefur verið þarna kolagröf eins og Hjalti Pálsson nefnir í 1. bindi Byggðasögunnar (sjá aðrar upplýsingar).
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Ofan við fjörukambinn, norðast í Prestvík, er undirstaða einhverrar byggingar. Önnur svipuð er um 100 m norðar, ofan við Prestrekann, en ekki er ljóst hvaða hlutverki þær þjónuðu. Á þessu svæði og víðar við sjávarkamba á Skaga má sjá ummerki sem kunna að vera eftir kolagrafir, en vitað er að gert var til kola úr rekaviði á Skaga.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 43). Þarna virðist vera misskilningur varðandi Prestvík og Prestreka sem eru norðan við Kelduvík en meint kolagröf er að líkindum ofan við Langareka skv. örnefnaskrá þar sem segir: „Hölkná fellur til sjávar í Hölknárbás. Þar er Hölknárfoss. Litlu utar er Nesbás, sem er rekaítak frá Efra-Nesi. Utan við hann er klettabrík fram í sjóinn. Nefnist hún Bríkin. Þar vestar er Langireki, þar utar Litlibás, þá Búðavík.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).

**Kelduvík-1803-64**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru við efri brún sjávarkambs rúmlega 25m frá sjó en sjórinn hefur borið töluvert grjót upp á land og því eru minjarnar í hættu vegna ágangs sjávar.




**Staðhættir**
Alveg við sjávarkambinn tæplega 950m suðaustur af gamla íbúðarhúsinu í Kelduvík

og norðan við Bríkina er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr ana/vsv og er 2,5x3m að utanmáli, engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru 20-30cm háir og um 70cm breiðir. Tóftin er byggð upp við stór grjót að austan og norðaustan. Fjörugrjót liggur í og umhverfis tóftina. Vestan við tóftina er 10-20cm djúpur niðurgröftur um 2m í þvermál.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Hölkná fellur til sjávar í Hölknárbás. Þar er Hölknárfoss. Litlu utar er Nesbás, sem er rekaítak frá Efra-Nesi. Utan við hann er klettabrík fram í sjóinn. Nefnist hún Bríkin. Þar vestar er Langireki, þar utar Litlibás, þá Búðavík.“ (Örnefnaskrá Kelduvíkur, 1).

## Neðra-Nes söguágrip

Ness er fyrst getið í ráðsmannsreikningum Hólastóls frá 1388 og er jörðin þá í eigu Hólastóls en 1446 er hún a.m.k. að hluta komin í eign Reynistaðaklausturs.[42] Árið 1511 er búið að skipta jörðunum og segir í rekamáldaga Reynistaðaklausturs „Efranes á allan viðreka í bási þeim sem fyrir innan er Hölkná. En Neðra-Nes á engjateig upp með Nesá.“[43] Árið 1709 var Efranes í eigu Reynistaðaklausturs en biskupsstóllinn á Hólum átti Neðranes. Neðranes var í eyði 1709 og hafði verið „næstu 2 ár síðan bóluna“[44] en 1703 bjó Guðrún Þorfinnsdóttir þar ásamt vinnumanni og tveimur dætrum.[45]

Í jarðabók frá 1709 segir að rekavon sé í betra lagi. „Heimræði er hér lakt og lending slæm, og hefur þetta heimræði því ekki brúkast í næstu 20 ár eður lengur að jafnaði.“[46] Í fasteignamati frá 1916-1918 er mótekja sögð brúkleg og nokkur trjáreki en ekki er getið um lendingu.[47] Jarðardýrleiki var 5 hundruð 1868 og 1695[48], í jarðabók 1709 er hann sagður óviss[49] og er ekki skráður í jarðatal 1847 en segir þar neðanmáls að 1802 sé jörðin talin 5 h að dýrleika.[50] Í nýju jarðamati 1861 er dýrleikinn færður í 8,5 hundruð.[51]

### Fornbýli

Hnudsnes (nú Húnsnes) er ein þeirra jarða sem Jörundur Þorsteinsson biskup lætur Reynistaðaklaustri í té við stofnun þess árið 1295.[52] Síðan virðist biskupsstóllinn eignast jörðina aftur því hún er nefnd í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 (þar skrifað Hundsnes).[53] Í Sigurðarregistri frá 1525 segir að Egill biskup (Egill Egilsson biskup 1295-1341) hafi keypt af Benedikt Kolbeinssyni (mögulega Benedikt Kolbeinsson sýslumaður á Auðkúlu í Svínadal, d. 1379) reka á Skaga er kallaðir eru „olofar partar“ og þar með áttung í flutningi en ekki reka á Húnsnesi.[54] Ekki er víst hvenær jörðin fer í eyði en í jarðabókinni 1709 segir að Húnsnes sé í eigu Reynistaðaklausturs „og er það eyðipláss, en hefur verið leigt til beitar oftlega frá Neðranesi, meðan það var byggt (...)“. Þar var rekavon góð „og vita menn ei annað en að klaustrið eigi allan reka hvals og viða.“ Rústir voru þá sjáanlegar á nesinu og töldu menn að þar hefðu verið verbúðir en verstaða hafði þó ekki verið þar í manna minni.[55] Húnsnes var eign Reynistaðaklausturs til 1888 þegar nýr eigandi að Neðra-Nesi mótmælti eignarhaldi klaustursins með þeim rökum að ekki hefði verið greitt fyrir beit þar í manna minnum. Nesið hefur síðan tilheyrt Neðranesi.[56]

---

42 Íslenskt fornbréfasafn III, 412; IV, 700.
43 Íslenskt fornbréfsafn VIII, 343.
44 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 7.
45 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 16.12.16.
46 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalin, 8.
47 Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.
48 Björn Lárusson, 245.
49 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 7.
50 J. Johnsen, 253.
51 Ný jarðabók, 109.
52 Íslenskt fornbréfasafn II, 301.
53 Íslenskt fornbréfasafn II, 279.
54 Íslenskt fornbréfasafn IX, 304.
55 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 8.
56 Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 55.

## Fornleifaskráning




**Neðra-Nes-1803-65**
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar standa á Húsanöf og samkvæmt heimildamanni hrundi stór hluti framan af nöfinni fyrir nokkrum árum (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 18.12.16).
**Staðhættir**
Á sjávarbakka, rúmlega 160m suðaustur af merkjum Kelduvíkur og Neðraness (sem eru við Hölkná) er Húsanöf og á henni beitarhúsatóft og garðlag (**1803-66**).
**Lýsing**
Húsin hafa verið tvístæð með görðum og heytóft til norðausturs. Tóftin snýr eins og Húsanöfin, norðaustur/suðvestur og er 10x14m að utanmáli. Veggir eru nokkuð hrundir og eru veggir mót suðaustri verr farnir. Þeir eru 10-80cm og rúmlega metri á breidd. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum. Húsin hafa verið byggð utan um klöpp sem er á milli fjárhúsanna og heytóftarinnar. Dyr á nyrðri húsunum hafa snúið til norðvesturs en á syðri húsunum til suðvesturs.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Þar suður af er Nesbás [sunnan Báss þar sem Hölkná rennur til sjávar]. Þar fyrir sunnan er Húsanöf. Þar hafa áður verið fjárhús.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 1). Um húsin segir í 1. bindi Byggðasögunnar: „Sunnan við básinn [Nesbás] er Húsanöf sem skagar fram sem lítill höfði. Þar eru beitarhúsarústir (66.05.20/20.04.00.) frá Neðra-Nesi til að nýta fjörubeitina, hafa tekið um 50 kindur.“



**Mynd 18. Garðlag (1803-66) á Húsanöf. Beitarhúsatóft (1803-65) er í baksýn.**

**Neðra-Nes-1803-66**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar standa á Húsanöf og samkvæmt heimildamanni hrundi stór hluti framan af nöfinni fyrir nokkrum árum (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 18.12.16).
**Staðhættir**
Á sjávarbakka, rúmlega 160m suðaustur af merkjum Kelduvíkur og Neðraness (sem eru við Hölkná) er Húsanöf og á henni beitarhúsatóft (**1803-65**) og suður frá henni garðlag.

**Lýsing**
Garðlagið liggur í vinkil frá suðurenda beitarhúsatóftarinnar til suðvesturs og beygir svo til suðausturs. Það er alls 20m langt, 80cm breitt og 10-40cm hátt. Garðlagið er grjóthlaðið og sést í hleðslur sem eru mest 3 raðir af steinum en að öðru leyti er það grasi gróið. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur það átt að auðvelda innrekstur í húsin.

**Neðra-Nes-1803-67**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 25m frá sjávarbakka.
**Staðhættir**
Norðanvert á Húnsnesi um 20m austur af Húnsnestjörn er þúst.
**Lýsing**
Þústin er tæplega 1x3m að utanmáli og liggur norðaustur/suðvestur. Hún er grasi gróin og sker sig úr umhverfi 10-30cm há. Hlutverk er óþekkt en þarna gætu verið mannvirkjaleifar.


**Mynd 19. Þúst (1803-68). fremst á austurbakka Húnsness. Horft er til norðausturs.**

**Neðra-Nes-1803-68**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 20m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.
**Staðhættir**
Austast á Húnsnesi, nokkurn veginn fyrir miðjum austurendanum er gróin þúst.
**Lýsing**
Þústin er 2,5x4m að utanmáli og er um 20-70cm há. Hún er gróin grasi og blómgróðri og sker sig úr umhverfi.

**Neðra-Nes-1803-69**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Niðurgröftur, skarð
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja alveg fram á sjávarbakka en landbrot virðist ekki hafa verið mjög mikið um einhvern tíma því sjávarbakkinn er nokkuð gróinn en örlítið rof á milli og greinilegt að það hefur brotið þarna.

**Staðhættir**

Sunnanvert á Húnsnesi um 65m suður af suðaustur horni Húnsnestjarnar og austarlega í Húnsvík er skarð eða niðurgröftur í sjávarbakkann, mögulega uppsátur fyrir báta.



**Mynd 20. Niðurgröftur eða skarð í sjávarbakkann og slétt gróin flöt neðan við, mögulega uppsátur (1803-69).**

**Lýsing**

Niðurgröfturinn eða skarðið er um 2,5m langt og mest um 2,5m á breidd, þar sem það opnast til sjávar. Nokkrir steinar eru utan með niðurgreftrinum. Neðan við (sunnan) er slétt grasi gróin flöt sem er um 1,5x1,8m að ummáli og hefur mögulega verið grjóthreinsuð en beggja vegna hennar og út með sjávarbökkunum er töluvert grjót. Þarna er líklegt að bátar hafi verið dregnir á land.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-70**
**Hlutverk:** Óþekkt, naust
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja alveg fram á sjávarbakka og hefur brotið af þeim til suðurs og líklega meiri hluti tóftarinnar horfinn. Leifar hennar eru grónar og sjávarbakkinn framan við og líklega hefur landbrot ekki verið mikið þarna í einhvern tíma.



**Staðhættir**
Sunnanvert á Húnsnesi um 65m suður af suðaustur horni Húnsnestjarnar og austarlega í Húnsvík er mögulega uppsátur fyrir báta (**1803-70**) og 6 metrum vestar eru leifar tóftar á sjávarbakkanum.
**Lýsing**
Brotið hefur af tóftinni til suðurs og er bara endi tóftarinnar eftir en landbrot virðist annars ekki hafa verið mjög mikið þarna undanfarið því minjarnar eru grónar og bakkinn framan við gróinn að hluta. Það sem eftir er af tóft er 2,5x5,5m að utanmáli, veggir 10-20cm háir og um metri á breidd. Mögulega eru þetta leifar nausts sem að nefnt er í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).




**Neðra-Nes-1803-71**
**Hlutverk:** Óþekkt, búð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja alveg fram á sjávarbakka og virðist eitthvað landbrot vera framan við tóftina en vestan við hana er sjávarbakkinn gróinn niður að sjó.
**Staðhættir**
Sunnanvert á Húnsnesi um 65m suður af suðaustur horni Húnsnestjarnar og austarlega í Húnsvík er mögulega uppsátur (**1803-69**) og á sjávarbakkanum rúmlega 70m vestar er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 5,5x6,5m að utanmáli og liggur na/sv, samsíða sjávarbakkanum. Hún er mögulega tvískipt, greinilegt hólf er austan til og dyr á því mót suðri (sjó) en ógreinilegra hólf er til vestan þess og engar greinanlegar dyr á því. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót á nokkrum stöðum. Hún er mjög græn og sker sig úr umhverfi eins og aðrar tóftir á þessum slóðum. Hlutverk er óljóst en mögulega er þetta sjóbúðartóft.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá

Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-72**
**Hlutverk:** Sjóbúð, híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja frammi á sjávarbakka sem er gróinn en bakkinn er á öðrum stöðum rofinn og því ekki óhugsandi að það muni einnig brjóta þarna.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi u.þ.b. fyrir miðri Húnsvík er fjórskipt tóft. Hún er tæplega 40m vestur af tóft (**1803-71**).
**Lýsing**
Tóftin er vaxin grasi og blómgróðri en syðst í henni er töluvert samansafn af grjóti, mögulega úr veggjum. Tóftin virðist fjórskipt og eru hólfin tengd með göngum. Hún er 10x11m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Veggir eru 20-60cm háir og mest 2m á breidd. Þrennar dyr eru greinanlegar, tvennar mót norðvestri og þriðju til vesturs. Hugsanlegt er að þarna hafi verið búið en miðað við staðsetningu er líklegra að þarna hafi verið sjóbúð.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-73**
**Hlutverk:** Sjóbúð, óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rétt rúmlega 20m frá sjávarbakka þar sem að landbrot virðist ekki hafa verið mikið á undanförnum árum og eru minjarnar því ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi u.þ.b. fyrir miðri Húnsvík er fjórskipt tóft (**1803-72**) og 12m norðaustan við hana er önnur tóft.
**Lýsing**
Tóftin er þrískipt og liggur norður/suður, 6x12m að utanmáli. Dyr eru á tveimur syðri hólfunum og snúa mót suðri og einnig virðast hafa verið dyr til suðurs á nyrsta hólfinu en það

hólf er ógreinilegra en hin. Veggir hafa a.m.k. að hluta verið grjóthlaðnir og sér aðeins í grjót í veggjum en tóftin annars gróin grasi og mosa. Veggir eru 30-70cm háir, hærri að innan og um metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-74**

**Hlutverk:** Sjóbúð, óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 13m frá sjávarbakka þar sem að landbrot virðist lítið en hefur verið meira á einhverjum tíma.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi u.þ.b. fyrir miðri Húnsvík er fjórskipt tóft (**1803-72**) og rúmlega 20m vsv af henni er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr na/sv og er 3,5x8,5m að utanmáli. Hún er að minnsta kosti tvískipt og eru tvennar dyr mót suðaustri en mögulega er lítið hólf vestan við hin tvö. Veggir eru algrónir grasi og mosa. Þeir eru 20-40cm háir og um metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-75**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 13m frá sjávarbakka þar sem að landbrot virðist lítið en hefur verið meira á einhverjum tíma.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi u.þ.b. fyrir miðri Húnsvík er fjórskipt tóft (**1803-72**) og um 35m suðvestur af henni er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr nv/sa og er 3,5x5m að utanmáli með dyr til norðvesturs. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í grjót í veggjum en tóftin að öðru leyti gróin grasi og blómgróðri. Norðaustan við er hólf afmarkað af grjótvegg sem er að mestu hruninn. Hann er 3x7m að utanmáli og um 20cm hár. Veggir eru annars 20-50cm háir og tæpur metri á breidd. Austan við grjótveggin er smá þúst 1x3m að utanmáli.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).



**Mynd 21. Garðlag (1803-76). Horft er til suðurs. Garðlagið liggur til austurs út frá klettaborginni og er hæst um miðjuna.**

**Neðra-Nes-1803-76**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 10m frá efri brún fjörunnar.

**Staðhættir**

Upp af sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi vestan við miðja Húnsvík er stutt garðlag sem liggur til suðurs frá lágri klettaborg og sunnan við það er tóft (**1803-77**).

**Lýsing**

Garðlagið er í tveimur hlutum, samtals 10m langt og liggur nokkurn veginn frá austri til vesturs. Það er grjóthlaðið og er mest 8 steinaraðir. Það er svolítið hrunið en stendur víðast sæmilega og er 30-100cm hátt og um 1m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Neðra-Ness segir: „Sunnan á Húnsnesinu er gamalt naust, og á bakkanum vestur frá naustinu eru nokkur tóftarbrot, sem sagt er, að séu búðarústir frá þeim tíma, er þarna var stundað útræði frá biskupsstólnum á Hólum, en Hólastóll átti Neðra-Nes.” (Örnefnaskrá Neðra Ness, 2). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og

grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-77**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur, tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 10m frá efri brún fjörunnar.
**Staðhættir**
Upp af sjávarbakkanum sunnanvert á Húnsnesi vestan við miðja Húnsvík er stutt garðlag (**1803-76**) sem liggur til suðurs frá lágri klettaborg og sunnan við það er niðurgröftur eða niðurgrafin tóft.




**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 2,5m í þvermál og 30cm djúpur og utan um hann um 80cm breiður kantur. Hann er grasi gróinn en einn stór steinn er í brún hans.

**Neðra-Nes-1803-78**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 6m frá efri brún fjörunnar.
**Staðhættir**
Sunnarlega í Húnsvík um 40m suður og suðvestur af minjum (**1803-76 og 77**) er garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn er greinilegur frá sjávarbakkanum tæplega 40m til vnv og þar tekur við ógreinilegt framhald sem rekja má um 140m í beina stefnu til norðvesturs. Sá hluti garðsins sem er sæmilega greinilegur algróinn grasi, mosa og lyngi. Hann er töluvert hruninn, 20-30cm hár og um 1,5m á breidd. Hann virðist eldri en flestar tóftirnar á sunnanverðu Húnsnesi. Líklega er um að ræða garðlag sem getið er í landamerkjaskrá Neðra-Ness en ekki er hægt að rekja það garðlag lengra en að þurri tjörn vestan við nesið.
**Aðrar upplýsingar**
Í Landamerkjaskrá Neðra-Ness frá 1888 er merkjum svo lýst: „Reynistaðaklaustur talið eiga allan reka í Nesbás og á Húnsnesi utan frá Bræðrum og inn að garðlagi því, er hlaðið hefir verið fyrir ofan nesið.” (Landamerkjaskrá Neðra Ness, 1).

**Neðra-Nes-1803-79**
**Sérheiti:** Húnsnes
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Engar augljósar bæjarminjar eru á Húnsnesi og enginn greinilegur túngarður en garðlag nr. 1803-78 gætu verið leifar túngarðs og minjar 1803-72 og 73 gætu báðar verið leifar bæjar.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Húnsnes hefur verið sjálfstætt býli á þjóðveldisöld. Það er talið með í stofngjöf Reynistaðarklausturs 1295, þá nefnd Hnudsnes og eftirgjaldið 12 vættir skreiðar. Eftir það finnst ekki heimild um byggð þar og er nafnið horfið af jarðaskrá klaustursins 1446 [Þetta er ekki rétt, sjá sögukafla]. Síðan hefur verið verstöð á nesinu, e.t.v. um aldir. Húsa- og búðarústir eru á 6 stöðum sunnan á nesinu, sú austasta um mitt nesið og er að hálfu leyti fallin fram að sjávarbakkanum. Sama er að segja um tóftirnar sem næstar koma vestan við. Nesið skagar á að giska 200 m til austurs og myndar var gegn norðan- og vestanáttinni, en lending hefur aldrei verið góð, bæði brött og grýtt og dýpi er út af nesinu svo að það veitir minna skjól fyrir brimöldunni en ella. Í víkurbotninum er smágrýttara og þar mátti vel ryðja vör til lendingar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-80**




**Sérheiti:** Neðra-Ness stekkur
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**
Minjarnar eru um 60m frá sjávarbakka og ekki fyrirsjáanlegt að minjarnar séu í hættu vegna landbrots í náinni framtíð.

**Staðhættir**

Upp af Stekkjarvík sem er syðst í landi Neðra-Ness, á merkjum við Ytra-Malland er stekkjartóft. Hún er um 95m norðvestur af merkjagirðingu og tæpa 60m vestur af sjávarbakkanum.

**Lýsing**

Tóftin er 4,5x8,5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Tvenn hlið hafa verið á suðaustur vegg. Veggir réttarinnar eru 20-40cm háir og rúmlega metri á breidd en veggir króarinnar eru lægri eða um 10cm. Veggir eru grasi og mosa grónir en sér í grjót á nokkrum stöðum.

**Aðrar upplýsingar**

Í Landamerkjaskrá Neðra-Ness frá 1888 er merkjum svo lýst: „Að austan ræður sjóarströndin frá Hörkná að norðan inn að garðlagi skammt fyrir innan Neðra-Nesstekk, sem er hornmerki við sjóinn, þaðan vestur á Grænuþúfu á Hömrunum (...).” (Landamerkjaskrá Neðra Ness, 1). Í örnefnaskrá segir: „Fyrir sunnan Hópamöl er Húnsnes. Á því er Húnsnestjörn. Sunnan við nesið er Húnsnesvík, þar suður af Stekkjarvík.“ (Örnefnaskrá, 1). Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá kemur fram: „Það sést vel fyrir stekknum við Stekkjarvíkina, en langt mun, síðan hann hefur verið notaður. Síðast mun hafa verið fært frá í Neðra-Nesi á árabilinu 1903-1908. Ekki mun stekkurinn hafa verið notaður svo lengi, því mikið eru stekkjarrústirnar aldurslegri en t.d. kvíarnar hér fyrir sunnan túnið, sem notaðar voru til loka fráfærna.“ (Neðra-Nes. Athugasemdir og viðbætur, 1). Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á sjávarbakka sunnan við Húnsnesvík er fremur stuttur grjótgarður og heitir Stekkjarvík þar

sunnan við. Syðst í henni eru litlar tóftir á sjávarbakkanum. Stekkurinn er hins vegar vallgróinn um 50 m fyrir ofan grjótgarðinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).



**Mynd 22. Garðlag (1803-81) hlykkjast til austurs í átt til sjávar.**

**Neðra-Nes-1803-81**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og þegar hefur brotið af þeim til austurs. Þarna gætir landbrots.
**Staðhættir**
Á bakka Stekkjarvíkur, tæplega 90m norður af merkjum við Ytra-Malland er garðlag.
**Lýsing**
Garðurinn liggur austur/vestur og er 20m langt og frekar hlykkjótt. Hann er töluvert hruninn og er nokkuð stórt grjót í hleðslunni. Hann er 40-70cm hár og um metri á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á sjávarbakka sunnan við Húnsnesvík er fremur stuttur grjótgarður og heitir Stekkjarvík þar sunnan við. Syðst í henni eru litlar tóftir á sjávarbakkanum. Stekkurinn er hins vegar vallgróinn um 50 m fyrir ofan grjótgarðinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54).

**Neðra-Nes-1803-82**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og þegar hefur brotið af austur hluta þeirra. Þarna gætir landbrots og er jarðvegurinn þarna að mestu mold og grastorfa ofan á honum svo hann er auðrofinn.
**Staðhættir**
Sunnarlega í Stekkjarvík, fremst á sjávarbakka, tæpa 10m norður af merkjum við Ytra-Malland er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt tæplega 4x7m að utanmáli og liggur samsíða sjávarbakkanum norður/suður. Syðra hólfið er óljósara en það nyrðra og hefur sjórinn brotið af tóftinni til austurs. Tóftin virðist grjóthlaðin en sjórinn hefur einnig borið grjót upp á bakkana. Tóftin er að mestu leyti grasi gróin. Í landamerkjalýsingu frá 1888 er talað um að merkin hafi verið að garðlagi skammt fyrir innan Neðra-Nesstekk og mögulegt er að þetta sé stekkjartóft.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á sjávarbakka sunnan við Húnsnesvík er fremur stuttur grjótgarður og heitir Stekkjarvík þar sunnan við. Syðst í henni eru litlar tóftir á sjávarbakkanum. Stekkurinn er hins vegar vallgróinn um 50 m fyrir ofan grjótgarðinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, bls. 54). Í Landamerkjaskrá Neðra-Ness frá 1888 er

merkjum svo lýst: „Að austan ræður sjóarströndin frá Hörkná að norðan inn að garðlagi skammt fyrir innan Neðra-Nesstekk, sem er hornmerki við sjóinn, þaðan vestur á Grænuþúfu á Hömrunum (...).” (Landamerkjaskrá Neðra Ness, 1).

**Neðra-Nes-1803-83**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var tóft við merkjagirðinguna milli Neðra-Ness og Mallands sem nú er horfin í sjó. Í tóftinni voru hvalbein sem heimildamaður sagðist telja að gætu hafa verið notuð í árefti (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 18.12.16). Hnit var tekið eftir lýsingu en gera má ráð fyrir allt að 20m skekkju.

**Neðra-Nes-1803-84**
**Hlutverk:** Landamerkjagarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Enginn garður fannst á merkjum Neðra-Ness og Ytra-Mallands en þar er girt frá þjóðvegi og niður að sjó. Heimildamaður sem bjó á Neðra-Nesi fram til 1970 sagðist ekki vita af neinu garðlagi á þessu svæði en Grænaþúfa er enn vel greinileg á hömrunum (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 18.12.16).
**Aðrar upplýsingar**
Í Landamerkjaskrá Neðra-Ness frá 1888 er merkjum svo lýst: „Að austan ræður sjóarströndin frá Hörkná að norðan inn að garðlagi skammt fyrir innan Neðra-Nesstekk, sem er hornmerki við sjóinn, þaðan vestur á Grænuþúfu á Hömrunum (...).” (Landamerkjaskrá Neðra Ness, 1).

## Malland (Syðra- og Ytra) söguágrip

Malland kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar árið 1374[57] en fyrst í skjölum Reynistaðaklausturs 1446.[58] Malland var ein jörð fram um 1785 er henni var skipt í Ytra- og Syðra-Malland. Syðri hlutinn var þriðjungur úr Mallandi og var í eigu Reynistaðaklausturs en Hólastóll átti ytri hlutann. Búseta lagðist af á Ytra-Mallandi 1949 og var jörðin til 1955 nytjuð af Efra-Nesi og Syðra-Mallandi til helminga en síðan eingöngu frá Syðra-Mallandi.[59] Jarðirnar eru nú báðar í eigu sömu aðila en hafa ekki verið formlega sameinaðar.

Árið 1709 var jarðardýrleiki sagður óviss[60] en 1686 var jörðin metin á 23 hundruð og 80 álnir en 1695 var jarðamatið komið í 22 hundruð (Björn Lárusson, bls. 245).[61] Í jarðatali frá 1847 er Ytra-Malland metið á 16 hundruð og Syðra-Malland á 8.[62] Nýtt jarðamat var gert 1861 og eru jarðirnar þá saman metnar á 19,9 hundruð.[63]

Í jarðabókinni 1709 segir að rekavon sé í betra lagi og nýti ábúandi rekann eftir „laganna leyfi". Þar er tekið fram að túnið spillist af grjóti og möl sem sjórinn ber á land. „Heimræði er hér og lending ein, sem bæði er brimsöm og hættu leg þar að amar, og hefur hér gengið eitt skip ábúanda, sjaldan fleiri, nú ekkert sökum mannfæðu síðan bóluna."[64] Í fasteignamati 1916-1918 segir um báðar jarðirnar að lending sé slæm en reki nokkur.[65]

[57] Íslenskt fornbréfasafn III, 279.
[58] Íslenskt fornbréfasafn IV, 700
[59] Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 57.
[60] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 8.
[61] Björn Lárusson, 245.
[62] J. Johnsen, 253-254.
[63] Ný jarðabók 1861, 109.
[64] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 9.
[65] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.

## Fornleifaskráning

**Malland (Ytra-Malland)-1803-85 (mögulega sama og 1803-83)**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Stekkur var í Stekkjarvík, sem er nyrzt í landi jarðarinnar. Hann var notaður á vetrum sem fylgsni til að drepa tófur.“ (Örnefnaskrá Ytra-Mallands, 2).
**Lýsing**
Engin stekkjartóft er Mallands megin í Stekkjarvík og Sigrún Lárusdóttir sem bæði er alin upp á Mallandi og í Nesi hafði ekki heyrt um slíka tóft. Aftur á móti var tóft við merkjagirðinguna sem sjórinn hefur nú brotið sem gæti hafa verið stekkur án þess að hægt sé að fullyrða neitt um það. Sú tóft er skráð með Neðra-Nesi nr. (**1803-83**). Í þeirri tóft mundi Sigrún eftir hvalbeinum sem hún taldi að gætu hafa verið notuð í árefti (Munnl. heimild: Sigrún Lárusdóttir 19.12.16). Ef það er rétt er ekki líklegt að um stekk sé að ræða nema reft hafi verið yfir lambakróna.



**Mynd 23. Gullsteinn (1803-86) fremst á sjávarbakkanum. Horft er til norðurs.**

**Malland (Ytra-Malland)-1803-86**
**Sérheiti:** Gullsteinn
**Hlutverk:** Þjóðtrú
**Tegund:** Steinn
**Hættumat: Hætta.** Steinninn stendur fremst á kletti við sjóinn. Kletturinn ver steininn fyrir öldunni en þarna er landbrot og því ekki ólíklegt að aldan nái að brjóta úr klettinum með tímanum en steininum stafar væntanlega ekki bráð hætta af landbroti.
**Staðhættir og lýsing**
Fremst á sjávarbakka utan eða norðan við Mallandsvík um 870m norður af fjárhúsunum á Mallandi er stór steinn, nefndur Gullsteinn, undir honum átti að vera grafin gullkista.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Síðan tekur Langireki við. Hann er nokkuð stórt svæði og nær að Gullsteini. Steinninn er talsvert stór, á að gizka 2m á kant. Hann stendur uppi á bakkanum. Sagt er, að gullkista sé undir honum.“ (Örnefnaskrá Ytra-Mallands, 2).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-87**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildamönnum var grjóthlaðin rétt niður undir Mallandsskarði. Hún var notuð vel fram yfir miðja 20. öld en er nú horfin undir veg. Engar minjar fundust við skráningu á vettvangi en punktur var tekinn af loftmynd og gera má ráð fyrir töluverðri skekkju.

**Malland (Ytra-Malland)-1803-88**
**Hlutverk:** Óþekkt, fisktökuskúr
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar sjást ekki vel vegna þess að fjörugrjóti og rekaviði hefur skolað upp að og yfir þær.
**Staðhættir**
Við efri brún fjörunnar í Mallandsvík rúmlega 30m norður af fjárhúsunum er hleðsla, líklega húsgrunnur.
**Lýsing**
Grunnurinn gæti hafa verið tæplega 3x4,5m að utanmáli. Grjóthleðsla sést að norðan og austan og er ein til tvær steinaraðir 10-30cm há. Grunnurinn er annars grasi gróinn en á honum og upp við hann er grjót úr fjörunni og rekaviður. Mögulega hefur staðið þarna fisktökuskúr sem nefndur er hér að neðan.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var einnig stundað úr Mallandsvík, allt fram yfir 1970, en hún er mjög opin fyrir norðan- og norðaustanátt. Lendingin var ofarlega í víkinni út og austur frá fjárhúsunum. Þarna var fisktökuskúr reistur á vegum kaupmanna á Sauðárkróki og stóð þar um skeið á fyrstu árum 20. aldar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 59-60).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-89**
**Hlutverk:** Hesthús, fisktökuskúr
**Lýsing:** Þúst
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 10m frá efri brún sjávarmalar.
**Staðhættir**
Um 20m norðaustur frá fjárhúsinu á Mallandi er þúst, mögulega leifar mannvirkis.
**Lýsing**
Þústin er 4x5m að utanmáli og 10-20cm há. Hún er grasi gróinn og þegar skráning fór fram var hún þakin fíflum. Óvíst er um hlutverk en mögulega hefur staðið þarna eitthvert mannvirki og heimild er um að fisktökuskúr hafi verið nálægt lendingunni en ekki vitað nákvæmlega hvar hann var. Samkvæmt heimildamanni var þarna hús sem síðast var notað sem hesthús (Munnl. heimild: Ásgrímur Gísli Ásgrímsson 19.12.16).
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var einnig stundað úr Mallandsvík, allt fram yfir 1970, en hún er mjög opin fyrir norðan- og norðaustanátt. Lendingin var ofarlega í víkinni út og austur frá fjárhúsunum. Þarna var fisktökuskúr reistur á vegum kaupmanna á

Sauðárkróki og stóð þar um skeið á fyrstu árum 20. aldar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 59-60).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-90**
**Hlutverk:** Lending
**Lýsing:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimild var lendingin út og austur frá fjárhúsunum.
**Lýsing**
Hnit var tekið samkvæmt lýsingu í heimild en gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju. Lendingin var að öðru leyti ekki metin.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var einnig stundað úr Mallandsvík, allt fram yfir 1970, en hún er mjög opin fyrir norðan- og norðaustanátt. Lendingin var ofarlega í víkinni út og austur frá fjárhúsunum. Þarna var fisktökuskúr reistur á vegum kaupmanna á Sauðárkróki og stóð þar um skeið á fyrstu árum 20. aldar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 59-60).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-91**
**Hlutverk:** Óþekkt, fisktökuskúr, fjárhús
**Lýsing:** Hóll
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru við malarkambinn og hefur sjórinn þegar borið á hann grjót og rekavið.
**Staðhættir**
Við malarkambinn norðan við túnið rétt rúmlega 100m austan við norðurenda fjárhúsanna á Mallandi er lítill og lágur hóll.
**Lýsing**
Hóllinn er aflangur og liggur austur/vestur, 2,5x6,5m að utanmáli. Hann er grasi og fíflum gróinn, mest um 30cm hár. Ofan á honum er fjörugrjót og rekaviður. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur staðið þarna mannvirki. Heimild er um að fisktökuskúr og einnig fjárhús sem mun hafa verið utan girðingar.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var einnig stundað úr Mallandsvík, allt fram yfir 1970, en hún er mjög opin fyrir norðan- og norðaustanátt. Lendingin var ofarlega í víkinni út og austur frá fjárhúsunum. Þarna var fisktökuskúr reistur á vegum kaupmanna á Sauðárkróki og stóð þar um skeið á fyrstu árum 20. aldar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 59-60). Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhúsin voru utar og vestar á túninu en önnur alveg út við sjóinn, utan við núverandi girðingu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 61).

**Malland (Syðra-Malland)-1803-92**
**Hlutverk:** Varnargarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimild voru sjóvarnargarðar meðfram mölinni norðan gamla túnsins á Ytra-Mallandi. Heimildamaður taldi að þeir væru jafnvel enn greinanlegir vestan við Mallandstangann en leifar þeirra fundust ekki við skráningu 2016 (Munnl. heimild: Ásgrímur Gísli Ásgrímsson 19.12.16).
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Víkurmöl heitir hinsvegar norðan bæjarins og þar voru fyrrum hlaðnir sjóvarnargarðar sem lágu frá lendingunni og austur eftir svo sem gamla túnið náði. Það var að mestum hluta girt með grjót- og torfgörðum.“ (...) Í Halaveðrinu svokallaða, 8. febrúar 1925, urðu miklir skaðar á Mallandi. (...) Eftir veðrið gaf á að líta. Fjárrétt fyrir neðan húsin niðri undir Mallandstanga var jöfnuð við jörðu. Sjóvarnargarðurinn var hruninn að mestu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 64).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-93**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dældir
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 60m frá malarkambinum og eru ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Á hrygg í túninu um 60m austur af fjárhúsunum á Mallandi er aflöng dæld og önnur minni austan við hana. Líklega eru þetta leifar af útihúsi sem merktar eru á túnakort frá 1918 og þá líklega þau fjárhús sem getið er um í Byggðasögu og segir að séu utar og vestar á túninu.
**Lýsing**
Stærri dældin er 6,5x17m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur en minni dældin er 3x5,5m að utanmáli og snýr norður/suður.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var einnig stundað úr Mallandsvík, allt fram yfir 1970, en hún er mjög opin fyrir norðan- og norðaustanátt. Lendingin var ofarlega í víkinni út og austur frá fjárhúsunum. Þarna var fisktökuskúr reistur á vegum kaupmanna á Sauðárkróki og stóð þar um skeið á fyrstu árum 20. aldar.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 59-60). Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhúsin voru utar og vestar á túninu en önnur alveg út við sjóinn, utan við núverandi girðingu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 61).

**Malland (Ytra-Malland)-1803-94**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Dældir
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 30m frá malarkambinum og eru ekki taldar í hættu. Þó ber að geta þess að þarna er landbrot og aðstæður geta breyst á fáeinum árum.
**Staðhættir**
Í norðausturhorni gamla túnsins á Ytra-Mallandi er tóftalegt svæði, smá upphækkun sem í eru dældir.

**Lýsing**
Svæðið er 18x24m að utanmáli og snýr norður/suður. Vestast eru tvær dældir, aflöng dæld til norðurs 2,5x8,5m að utanmáli og minni sunnan við sem er 2x4m að utanmáli. Þær eru báðar 10-20cm djúpar. Þarna var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918 og samkvæmt heimildum voru þarna fjárhús.

**Malland (Ytra-Malland)-1803-95**
**Sérheiti:** Ytra-Malland
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Dældir
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 60m frá malarkambinum og eru ekki taldar í hættu. Þó ber að geta þess að þarna er landbrot og aðstæður geta breyst á fáeinum árum.
**Staðhættir**
Gamli bærinn stóð á hrygg í gamla túninu um 150m norðaustur af íbúðarhúsinu á Syðra-Mallandi.
**Lýsing**
Búið er að rífa bæinn og bæjarstæðið er núna í sléttu túni en greina má misjöfnur í túninu þar sem bærinn stóð samkvæmt heimildamanni (Munnl. heimild: Ásgrímur Gísli Ásgrímsson 19.12.16).. Punktur var tekinn af hnitsettu túnakorti og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

**Malland (Syðra-Malland)-1803-96**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Víkurmöl heitir hinsvegar norðan bæjarins og þar voru fyrrum hlaðnir sjóvarnargarðar sem lágu frá lendingunni og austur eftir svo sem gamla túnið náði. Það var að mestum hluta girt með grjót- og torfgörðum.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 64).
**Lýsing**
Engin ummerki um túngarða sáust innan skráningarsvæðis og virðast þeir vera að öllu eða mestu leyti horfnir.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir í innskotsgrein: „Grjótgarður er neðan við Mallandstún á Skaga og liggur hann að sjó.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 58).

**Malland (Syðra-Malland)-1803-97**
**Sérheiti:** Nátthagi
**Hlutverk:** Nátthagi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Austurmalir eru malarkambur, rekasvæði, sem tilheyrir báðum Mallandsjörðum. Þar rennur Bæjarlækur til sjávar. Hann er þar á landamerkjum. Fyrir sunnan Austurmalir er hávaði, sem ekki var venja að nefna nafni. Vestan við hann var Nátthagi (...).“ (Örnefnaskrá Syðra-Mallands, 2).

**Lýsing**

Engin merki fundust um nátthaga á þessum slóðum og þeir viðmælendur sem rætt var við höfðu ekki heyrt hann nefndan. Suður og suðaustur af íbúðarhúsinu eru ræktuð tún en nær sjónum var mýri sem búið er að ræsa fram.

**Malland (Syðra-Malland)-1803-98**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimild var fjárrétt niður undir Mallandstanga sem að eyðilagðist í óveðri árið 1925. Ekkert er eftir af réttinni og ekki hægt að staðsetja hana með viðunandi nákvæmni.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í Halaveðrinu svokallaða, 8. febrúar 1925, urðu miklir skaðar á Mallandi. (...) Eftir veðrið gaf á að líta. Fjárrétt fyrir neðan húsin niðri undir Mallandstanga var jöfnuð við jörðu.“ (Byggðasaga Skagafjarðar I, 64).

**Malland (Syðra-Malland)-1803-99**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rúmlega 5m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Á grasi grónum sjávarbakka, utan girðingar um 230m asa af íbúðarhúsinu á Mallandi er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er tæplega 2m í þvermál og 20-30cm djúpur og utan um hann gæti verið kantur sem er rúmlega metri á breidd. Hann er grasi gróinn og ekkert grjót er sjáanlegt. Rúmlega 2m norðan við er annar niðurgröftur eða dæld 20-30cm djúp og rúmlega 1x1,5m að utanmáli.

## Keta söguágrip

Ketu er fyrst getið í Auðunarmáldaga frá 1318[66] og svo í rekaskrám og ráðsmannsreikningum Hólastóls[67] og átti stóllinn „alla Ketu með öllum gögnum“.[68] Kirkja hefur að líkindum verið á Ketu frá elstu tíð og kirkjan sem þar stendur í dag var byggð á árunum 1893-1896. Hún er friðuð.[69]

Í jarðabók frá 1709 segir að jarðardýrleiki sé óviss eins og á öðrum jörðum Hólastóls[70], í jarðatali frá 1847 er hann ekki skráður en neðanmáls segir að hjá hreppstjóra sé jörðin metin á 20 hundruð.[71] Með nýju jarðamati 1861 var dýrleiki hækkaður í 22,8 hundruð.[72]

Í jarðabók 1709 er eggver og dúntekja af æðarfugli talið til hlunninda en jafnframt sagt að það ásamt reka sé „nú fordjarfað af urð og stórgrýti, sem sjór og hafís hefur þangað borið.“[73]

Árið 1703 var Ísleifur Eiríksson húsbóndi á Ketu og bjó þar ásamt þremur börnum sínum og vinnukonum.[74] Hann var enn ábúandi þar þegar jarðabókin var skrifuð 1709 og jörðin þá enn í eigu biskupsstólsins á Hólum.[75] Á síðari hluta 19. aldar og fram á þá 20. er jörðin yfirleitt tvíbýl.[76]

Í jarðabókinni 1709 segir að lending heimræði sé og lending sæmileg en skipsuppsátur erfitt. Gekk þá eitt skip og „fleiri mætti ganga, ef fólkið fengist til.“[77] Í fasteignamati 1916-1918 segir að trjáreki sé nokkur og lending brúkleg.[78]

**Fornbýli**

Í jarðabókinni 1709 er getið um eyðibýlið Oddskot og segir um það: „Oddskot hefur heitir hér í vellinum, þar sem nú standa fjárhúsin heimajarðarinnar hér um fyrir 20 árum, og var við þetta húsnæði fáein ár, og ætla menn, að húsaleigan hafi verið lítil eður engin; aldrei hefur þessu koti grasnautn fylgt og aldrei byggt verið hvorki áður né síðan.“ (bls. 10).

Bríkurbakki hét húsmannsbýli sem stóð suðaustur undir Ketubæ. „Á árunum 1913-1916 voru þarna húsmennskuhjón með ungan son sinn, Kristján Eiríksson og Guðrún Hannesdóttir, er síðar bjuggu á Borgarlæk og Hrafnagili. Kristján stundaði aðallega vinnu hjá öðrum en hafði svolítinn bústofn, kindur og geitur.“

---

[66] Íslenskt fornbréfasafn II, 488.
[67] sjá t.d. Íslenskt fornbréfasafn III, 279-80, 283-4.
[68] Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
[69] Vefur Minjastofnunar Íslands. Skoðaður 17.12.16.
[70] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, 9.
[71] J. Johnsen, 254.
[72] Ný jarðabók 1861, 109.
[73] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 10.
[74] Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
[75] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 10.
[76] Sjá m.a. manntal 1880, 1890 og 1910 á Manntalsvef Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður 17.12.16.
[77] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 10.
[78] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.

## Fornleifaskráning




**Keta-1803-100**
**Sérheiti:** Bríkurbakki
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 70m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Bríkurbakki er tæplega 270m austur af íbúðarhúsinu á Ketu. Þar er ein tóft og garðlag (**1803-101**) við túnjaðar.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 5x5,5m að utanmáli. Hún er tvískipt og hafa dyr snúið til austurs. Tóftin og umhverfi hennar eru þýfð nema til suðurs og austurs þar sem er slétt tún.Veggir eru 20-50cm háir og um 120cm á breidd. Tóftin er gróin grasi og blómgróðri en stór seinn er í suðurvegg.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bríkurbakki (...) var tómthúskofi sem stóð í suðaustur niður undan Ketubæ, á að giska 80 metra frá sjávarbakkanum. (...) Rústir eru á tveim stöðum en hinar þriðju eru hornfar undir túnrækt. Allar líkur eru á því að þarna hafi verið húsmannsbýli áður fyrr þótt heimildir bresti.“ (bls. 70).

**Keta-1803-101**
**Sérheiti:** Bríkurbakki
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 80m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Bríkurbakki er tæplega 270m austur af íbúðarhúsinu á Ketu. Þar er ein tóft (**1803-100**) og garðlag við túnjaðar.
**Lýsing**
Garðlagið liggur frá norðvestri til suðausturs að tóft (1803-100) og er um 35m langt. Það er í jaðri túns en norðan við er þýft graslendi. Garðlagið er 30-60cm hátt og um metri á breidd, það er grjóthlaðið en grasi gróið. Hluti þess hefur að öllum líkindum horfið við túnasléttun.

**Keta-1803-102**
**Hlutverk:** Mótóft, óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 60m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu.
**Staðhættir**
Í uppþornaðri mýri um 270m ana af íbúðarhúsinu á Ketu og um 60m norður af tóftinni (**1803-100**) á Bríkurbakka er tóft á smá hól.

**Lýsing**
Tóftin er 5x9m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru 20-40cm háir og um 120cm breiðir. Hún er grasi gróin. Hóllinn sem tóftin stendur á er um 50-100cm hár. Umhverfis tóftina eru mógrafir í mýrlendi. Heimildamaður man eftir mó í þessari tóft (Munnl. heimild: Hrefna Gunnsteinsdóttir). Í I. bindi Byggðasögunnar og í örnefnaskrá Ketu frá 1991 er tóftin kölluð Flórhús en í annarri skrá eru þau sögð hafa verið sauðahús sem staðið hafi á sjávarbakkanum. Það er afar ólíklegt að tóftin sem hér er skráð sé af sauðahúsum bæði vegna útlits og staðsetningar í miðri mýri og gætir því mögulega misskilnings í heimildum.
**Aðrar upplýsingar**
Gunnsteinn Steinsson skráði upplýsingar um örnefni í Ketulandi 1991: „Flórhúsbakki. Bakkinn er upp af syðsta hluta Hjálmarsvíkur. Skammt suður og upp af bakkanum eru húsarústir nefnd Flórhús, og mun bakkinn vera kenndur við þau.“ (bls. 5). Um Flórhús segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Nokkra tugi metra norðnorðaustur frá rústum Bríkurbakka er gömul rúst á dálitlum klapparhól, um 50-60 metra frá sjávarbakkanum. Þar voru kölluð Flórhús.“ (bls. 70).

**Keta-1803-103**
**Hlutverk:** Mógrafir
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 35m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Töluvert er af mógröfum upp af sjávarbakkanum norðaustur af bænum á Ketu og beint norður af tóftum á Bríkurbakka (**1803-100 og 101**).
**Lýsing**
Hluti mógrafanna var mældur upp á vettvangi en hluti af loftmynd. Hluti þeirra er ógreinilegur á loftmynd en það svæði er utan við 100m frá strandlínu. Grafirnar eru mest um 100cm djúpar og þær mógrafir sem eru innan skráningarsvæðis ná yfir um 800m$^2$ svæði.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á svæðunum norður frá Flórhúsum eru forn garðlög og var þar mótekja fyrrum.“ (bls. 70).

**Keta-1803-104**
**Hlutverk:** Óþekkt, leið
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Garðlagið nær fram á sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert og hefur þegar brotið af garðinum.
**Staðhættir**
Tæplega 240m austur af íbúðarhúsinu á Ketu er garðlag sem liggur niður að sjó.
**Lýsing**
Garðlagið liggur norðaustur/suðvestur og er um 95m langt. Fjærst sjónum liggur garðlagið inn í eina mógröfina (**1803-103**). og virðist sá endi mögulega vera yngri en nær sjónum virðist það eldra. Garðurinn hefur verið að hluta til grjóthlaðinn en er nú að mestu gróinn. Hann er nokkuð hruninn og er 30-90cm hár og um metri á breidd. Hlutverk er óþekkt en mögulega er

þetta hlaðinn vegur sem hefur legið í gegnum mýrina og niður að sjó. Samkvæmt heimildamanni náði garðlagið áður lengra til suðvesturs en skemmdist við skurðmokstur. Áður var girt eftir því (Munnl. heimild: Hrefna Gunnsteinsdóttir 19.12.16).

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á svæðunum norður frá Flórhúsum eru forn garðlög og var þar mótekja fyrrum.“ (bls. 70).

**Keta-1803-105**

**Hlutverk:** Óþekkt, túnahreinsun

**Tegund:** Tóft, grjót

**Hættumat: Mikil hætta.** Þegar hefur brotið af minjunum til norðausturs.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um 320m norðaustur af íbúðarhúsinu á Ketu og um 13m norður af garðlagi (**1803-104**) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er það sem eftir er af henni 4,5x5,5m að utanmáli. Útlínur eru nokkuð ljósar en innbrúnir ekki greinanlegar og eru veggir hrundir. Veggir eru grjóthlaðnir og um 30cm háir að mestu grónir grasi og mosa. Heimildamaður taldi mögulegt að þetta væri grjót eftir túnahreinsun (Munnl. heimild: Hrefna Gunnsteinsdóttir 19.12.16).

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Út og niður frá Bríkurbakka, frammi á sjávarbakkanum, er rúst af hlöðnu grjótbyrgi.“ (bls. 70).

**Keta-1803-106**

**Sérheiti:** Flórhús

**Hlutverk:** Fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja frammi á sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um 301m norðaustur af íbúðarhúsinu í Ketu og 55m norðvestur af garðlagi (**1803-104**) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 3x6,5m að utanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir og hrundir, mest um 50cm háir og er tóftin að miklu leyti grasi gróin. Útbrúnir eru sæmilega greinilegar en innbrúnir óljósar. Austan við er dæld eða niðurgröftur í sjávarbakkann og þar er töluvert grjót. Samkvæmt heimildamanni hefur mikið brotið af þessum tóftum á undanförnum árum. Hrefna hafði heyrt þá útskýringu á nafni húsanna að í þeim hefði verið gólf úr grjóthellum sem skafin voru og hreinsuð daglega (Munnl. heimild: Hrefna Gunnsteinsdóttir 19.12.16).

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Ketu segir: „Þá er næst Flórhúsabakki. Þar voru sauðahús hjá Þorkeli ríka, sem eitt sinn bjó í Ketu, en nú er svo brotið þar graslendi, að nokkur hluti húsatóftanna er nú fallið fram af bakkanum.“ (Örnefnaskrá Ketu, 4). Gunnsteinn Steinsson skráði upplýsingar um

örnefni í Ketulandi 1991: „Flórhúsbakki. Bakkinn er upp af syðsta hluta Hjálmarsvíkur. Skammt suður og upp af bakkanum eru húsarústir nefnd Flórhús, og mun bakkinn vera kenndur við þau.“ (bls. 5).



**Mynd 24. Lendingin í Ketu (1803-107). Horft er til NNA. Bátar voru dregnir upp úr víkinni og á 20. öld var þarna gangspil.**

**Keta-1803-107**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**

Lendingin var í Ketu, lítilli vík eða klettabás sem er rúmlega 400m asa af íbúðarhúsinu í Ketu. Básinn er opinn mót suðaustri og eru nokkuð háir klettar sem umlykja grjótfjöru. Sunnan til í víkinni er stakur klettadrangur. Nokkuð brött brekka, að hluta gróin liggur ofan í básinn þar sem farið var niður í hann og bátar dregnir upp. Rauf er í bakkann efst og frá henni til suðvesturs virðist vera óveruleg grjóthleðsla efst í brekkubrúninni.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Ketu segir: „Næst fyrir sunnan Uppgöngubás er Ketukögur. Sunnan í Kögrunum er gjá, sem heitir Hundagjá. Vestan við hana er Kattarhryggur, en vestan við hana er lítil vík, sem heitir Keta. Þar er aðallending jarðarinnar Ketu.“ (Örnefnaskrá Ketu, 4-5). Um lendingu segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. Heiman frá bænum var talað um að fara niður í Ketuna þegar átt var við lendinguna, en niður á Ketuna þegar farið var suður og niður á túnið norður og austur af lendingunni. Brött er sjávargatan upp úr Ketunni og örlítil fjara niðri svo að lítill bátur getur staðið þar, en annars varð að hífa bátana upp í bakkann eða alla leið upp sem er á að giska 10-15 metrar. Gunnsteinn bóndi setti þar niður gangspil eftir að hann hóf búskap í Ketu. Beggja megin eru standklettar og ná nokkuð fram í sjó. Ketan er breiðari fram en mjókkar við fjöruna. Klettabrík gengur fram austan megin og heitir Hundagjá austan megin við bríkina. Allhár drangur stendur frammi í sjó skammt sunnan við. Þeir voru áður tveir, en annar hrundi í brimi um miðjan sjöunda áratuginn. Hér lét Poppverslun á Sauðárkróki reisa skúr og hafði um tíma móttöku á fiski. Neðst í tanganum, þar sem Kögrið gengur fram, eru mjög fornlegar rústir, e.t.v. af sjóbúðum, líklega a.m.k. þrjár rústir. Einnig sýnist vera garðlag meðfram brúninni á parti. Uppi á bakkanum er tóft af sjóbúð sem stóð fram um 1940. Gömul munnmælasaga hermir að farist hafi 6 menn við Ketuna. Þá bjó Þorkell ríki (d. um 1784) í Ketu og átti hákarlaskip og lét húskarla sína róa. Kvöld eitt kom skipið siglandi að Ketunni. Þá var komið aftakabrim, en formaður hugðist lenda, en Þorkell bóndi bannaði það. Um nóttina óx veðrið og um morguninn var skipið horfið með öllu. Eftir þetta þótti reimt þarna við sjóinn, einkum við lendinguna.“ (bls. 69).



**Mynd 25. Minjar við lendinguna í Ketunni.**

**Keta-1803-108**
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 11m frá sjávarbakka.
**Staðhættir**
Á bakkanum norður af lendingunni í Ketunni (**1803-107**) er sjóbúðartóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr nna/ssv og er 5,5x6m að utanmáli. Dyr hafa snúið til SSV. Veggir eru grjóthlaðnir og sjást hleðslur vel en tóftin en að öðru leyti grasi gróin. Þeir eru 30-60cm háir og um metri á breidd. Hleðslan er nokkuð hrunin og liggur grjót úr henni bæði utan við og innan í tóftinni. Austan við tóftina eru þrjár holur sú dýpsta 30-40cm djúp en hinar 20-30cm djúpar.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Uppi á bakkanum er tóft af sjóbúð sem stóð fram um 1940.“ (bls. 69).

**Keta-1803-109**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla, náttúrulegt
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka.

**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum upp af lendingunni í Ketu um 13m suðvestur af sjóbúðartóft (**1803-108**) virðist vera einföld grjóthleðsla.
**Lýsing**
Meint hleðsla er um 4m löng nánast algróin grasi en sér glitta í grjót. Óvíst er hvort um manngert fyrirbæri er að ræða og hvert hlutverk hefur verið.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Hér lét Poppverslun á Sauðárkróki reisa skúr og hafði um tíma móttöku á fiski.“ (bls. 69).

**Keta-1803-110**
**Hlutverk:** Fiskmóttökuskúr
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Fiskmóttökuskúr var við lendinguna í Ketu en nákvæm staðsetning hans er ekki þekkt og engar greinilegar minjar fundust um slíkt mannvirki. Mögulega gæti verið að hleðsla (**1803-109**) eða þúst (**1803-111**) séu leifar af þessum skúr.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Hér lét Poppverslun á Sauðárkróki reisa skúr og hafði um tíma móttöku á fiski.“ (bls. 69).

**Keta-1803-111**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hóll, þúst
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 20m frá sjávarbakka þar sem er landbrot.
**Staðhættir**
Um 20m austur af sjóbúðartóft (**1803-108**) og upp (norður) af Hundagjá er þúst eða lítill hóll sem gætu verið leifar mannvirkis.
**Lýsing**
Hóllinn/þústin er u 6x7,5m að utanmáli og á honum miðjum er smá dæld um 10cm djúp en hóllinn sjálfur er um 50cm hár. Hann er grasi gróinn en einnig er mikið af fíflum á svæðinu. Hlutverk er óþekkt en þarna virðast vera leifar einhvers konar mannvirkis, mögulega skúrs sem skráður er nr. (**1803-110**).

**Keta-1803-112**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Garðlagið liggur eftir sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 60m norðaustur af lendingunni (við svonefnt Ketukögur) eru garðlög (**1803-112 og 114**) og tóft (**1803-113**).

**Lýsing**
Garðlagið liggur eftir sjávarbakkanum frá norðvestri til suðausturs og er í tveimur hlutum samtals 25m langt en 13m eru á milli garðhlutanna. Við suðaustur endann er mögulega um 10m framhald til suðurs en það gæti einnig verið náttúruleg brún. Garðurinn er 20-30cm hár og um metri á breidd. Báðir endar garðsins virðast hafa rofnað en síðar gróið yfir þá og er hann allur grasi gróinn. Hlutverk er óþekkt en hann lokar af lítið nes eða tanga sem er norðan hans.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Neðst í tanganum, þar sem Kögrið gengur fram, eru mjög fornlegar rústir, e.t.v. af sjóbúðum, líklega a.m.k. þrjár rústir. Einnig sýnist vera garðlag meðfram brúninni á parti. Uppi á bakkanum er tóft af sjóbúð sem stóð fram um 1940.“ (bls. 69).

**Keta-1803-113**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Tóftin liggur fram á sjávarbakka þar sem einhvers landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 60m norðaustur af lendingunni (við svonefnt Ketukögur) eru garðlög (**1803-112 og 114**) og tóft (**1803-113**).
**Lýsing**
Tóftin liggur sunnan við garðlag (**1803-112**) og er um 3,5x4,5m að utanmáli. Hún snýr austur/vestur en engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru lágir 10-20cm og tæplega metri á breidd. Veggir eru algrónir og mikill gróður er á tóftinni og hún ógreinileg þegar skráning fór fram í ágúst 2016.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Neðst í tanganum, þar sem Kögrið gengur fram, eru mjög fornlegar rústir, e.t.v. af sjóbúðum, líklega a.m.k. þrjár rústir. Einnig sýnist vera garðlag meðfram brúninni á parti. Uppi á bakkanum er tóft af sjóbúð sem stóð fram um 1940.“ (bls. 69).

**Keta-1803-114**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja meðfram háum sjávarbakka.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 60m norðaustur af lendingunni (við svonefnt Ketukögur) er garðlag (**1803-112**) og sunnan þess annað minna garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur í smá boga frá garði (**1803-112**) í átt að tóft (**1803-113**) og gæti tilheyrt öðru hvoru. Það er algróið grasi, 20-30cm hátt og um metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lendingin í Ketu er þröngur klettabás suður og niður frá bænum og horfir mót suðri. Þarna heitir Keta og skýlir Kögrið fyrir norðanátt. (...) Neðst í tanganum, þar sem Kögrið gengur fram, eru mjög fornlegar rústir, e.t.v. af sjóbúðum, líklega a.m.k. þrjár rústir. Einnig sýnist vera garðlag meðfram brúninni á parti. Uppi á bakkanum er tóft af sjóbúð sem stóð fram um 1940.“ (bls. 69).

**Keta-1803-115**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**

Gunnsteinn Steinsson skráði upplýsingar um örnefni í Ketulandi 1991: „Stekkjarbás. Básinn er beint suður undan Ásnum um 200 m. sunnan við síðastnotaða stekkinn í Ketu, sem áður hefur verið lýst. Þess skal getið að veggjarústir sjást á bakkanum norðvestur af básnum, hugsanlega stekkjarrústir.“ (bls. 6).

**Lýsing**

Engar tóftir fundust á þessum slóðum þegar skráning fór fram haustið 2016 og heimildamaður mundi ekki eftir þessum tóftum (Munnl. heimild: Hrefna Gunnsteinsdóttir 19.12.16).

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Ketu segir: „Rétt við suðurenda Ketunnar er hár og mjór steindrangur, sem heitir Kerling. Þar nokkuð suður af er Bolabás. Fram undan honum er hár drangur, sem heitir Veiðibjöllustapi, þar suður af Ásvík norðan við Ásnef. Sunnan við það er Stekkjarbás.“ (Örnefnaskrá Ketu, 5).




**Keta-1803-116**
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**

Minjarnar eru í hvammi upp á Ketubjörgum og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Í svonefndri Tröllalögréttu syðst í Bjargarskarði eru þrennar tóftir, tvær niður undan brekku (**1803-117 og 118**) en sú þriðja á smá hól þar sunnan við.

**Lýsing**

Syðsta tóftin snýr ana/vsv, er aflöng og er 5x13m að utanmáli. Hún er a.m.k. tvískipt en mögulega er eitt hólf til viðbótar austan við. Að minnsta kosti einar dyr hafa verið og snúið til suðurs. Veggir eru grasi og mosa grónir en sér í  stein í vegg. Þeir eru 20-40cm háir og um 1,7m á breidd. Tóftirnar í Tröllalögréttu virðast gamlar en eru vel greinilegar og mögulega er þarna um híbýlatóft að ræða þó ekkert verði fullyrt um það nema með frekari rannsókn.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Ketu segir: „Sunnan við bakkana heita Ketubjörg, vestan við þau Bjargaskarð. Í því er hringmynduð dæld með hvössum brúnum í kring, sem að nokkru líkist fornri hleðslu. Dæld þessi heitir Tröllalögrétta eða Tröllarétt.“ (Örnefnaskrá Ketu, 1). Um minjarnar í Bjargaskarði segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Vegurinn lá fyrrum yfir Björgin um svokallað Bjargaskarð. Þaðan er fallegt útsýni. Syðst í skarðinu eru tvennar rústir, allglöggar, og við suðausturbarm hvammsins sem þarna verður er eins og vatnsgrafningur og uppmokstur sunnan við, greinilega gerður af mannahöndum. Garðlag var vestan til í lautinni en bílvegurinn spillti því. Þetta heitir Tröllalögrétta en enginn veit hvað þarna hefur verið, hugsanlega smábýli, eða kannski þingstaður sveitarinnar.“ (bls. 67).

**Keta-1803-117**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**
Minjarnar eru í hvammi upp á Ketubjörgum og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Í svonefndri Tröllalögréttu syðst í Bjargarskarði eru þrennar tóftir, tvær þeirra (**1803-117 og 118**) liggja hlið við hlið undir brekku og er vestari tóftin stærri.
**Lýsing**
Tóftin liggur nokkurn veginn austur/vestur og er 5x9m að utanmáli með dyr til vesturs. Veggir eru grónir grasi og mosa en þó sér í einn steinn. Upp við brekkuna til austurs hæð veggjar um 50cm en annars eru þeir um 10-30cm háir og um 1,5m á breidd. Þeir eru aðeins þýfðir.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Ketu segir: „Sunnan við bakkana heita Ketubjörg, vestan við þau Bjargaskarð. Í því er hringmynduð dæld með hvössum brúnum í kring, sem að nokkru líkist fornri hleðslu. Dæld þessi heitir Tröllalögrétta eða Tröllarétt.“ (Örnefnaskrá Ketu, 1). Um minjarnar í Bjargaskarði segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Vegurinn lá fyrrum yfir Björgin um svokallað Bjargaskarð. Þaðan er fallegt útsýni. Syðst í skarðinu eru tvennar rústir, allglöggar, og við suðausturbarm hvammsins sem þarna verður er eins og vatnsgrafningur og uppmokstur sunnan við, greinilega gerður af mannahöndum. Garðlag var vestan til í lautinni en bílvegurinn spillti því. Þetta heitir Tröllalögrétta en enginn veit hvað þarna hefur verið, hugsanlega smábýli, eða kannski þingstaður sveitarinnar.“ (bls. 67).

**Keta-1803-118**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**
Minjarnar eru í hvammi upp á Ketubjörgum og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Í svonefndri Tröllalögréttu syðst í Bjargarskarði eru þrennar tóftir, tvær þeirra (**1803-117 og 118**) liggja hlið við hlið undir brekku og er austari tóftin nánast hringlaga.

**Lýsing**
Tóftin er um 5m í þvermál, veggir eru 10-40cm háir og rúmlega metri á breidd. Hún er algróin grasi og mosa og eru veggir þýfðir og þýft er inni í tóftinni. Dyr eru ekki auð greinanlegar en hafa mögulega snúið til suðurs.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Ketu segir: „Sunnan við bakkana heita Ketubjörg, vestan við þau Bjargaskarð. Í því er hringmynduð dæld með hvössum brúnum í kring, sem að nokkru líkist fornri hleðslu. Dæld þessi heitir Tröllalögrétta eða Tröllarétt.“ (Örnefnaskrá Ketu, 1). Um minjarnar í Bjargaskarði segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Vegurinn lá fyrrum yfir Björgin um svokallað Bjargaskarð. Þaðan er fallegt útsýni. Syðst í skarðinu eru tvennar rústir, allglöggar, og við suðausturbarm hvammsins sem þarna verður er eins og vatnsgrafningur og uppmokstur sunnan við, greinilega gerður af mannahöndum. Garðlag var vestan til í lautinni en bílvegurinn spillti því. Þetta heitir Tröllalögrétta en enginn veit hvað þarna hefur verið, hugsanlega smábýli, eða kannski þingstaður sveitarinnar.“ (bls. 67).

**Keta-1803-119**
**Hlutverk:** Óþekkt, túngarður?
**Tegund:** Garðlag, niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.**
**Staðhættir**
Í svonefndri Tröllalögréttu syðst í Bjargarskarði eru þrennar tóftir (**1803-116, 117 og 118**) og sunnan og austan við þær virðist vera garðlag.

**Lýsing**
Að austan er um að ræða 10-40cm háan bakka og meðfram honum að innan er 10-30cm djúp rás. Þessi bakki er um 30m langur og liggur norðaustur/suðaustur. Við suðurendann virðist vera óljóst garðlag sem er um 1,5m á breidd, mest 30cm hátt og 10m á lengd, það liggur frá austri til vesturs að veginum sem liggur í gegnum Bjargarskarð. Vestan við veginn virðist vera óljóst framhald á garðinum um 15m langt og liggur frá suðaustri til norðvesturs. Í 1. bindi Byggðasögunnar þess getið að garðlag hafi verið vestast í lautinni sem spillst hafi við lagningu vegarins og er líklega um sama garðlag að ræða. Hlutverk er óvíst en mögulega hefur verið túngarður umhverfis tóftirnar eða einhverskonar girðing.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Ketu segir: „Sunnan við bakkana heita Ketubjörg, vestan við þau Bjargaskarð. Í því er hringmynduð dæld með hvössum brúnum í kring, sem að nokkru líkist fornri hleðslu. Dæld þessi heitir Tröllalögrétta eða Tröllarétt.“ (Örnefnaskrá Ketu, 1). Um minjarnar í Bjargaskarði segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Vegurinn lá fyrrum yfir Björgin um svokallað Bjargaskarð. Þaðan er fallegt útsýni. Syðst í skarðinu eru tvennar rústir, allglöggar, og við suðausturbarm hvammsins sem þarna verður er eins og vatnsgrafningur og uppmokstur sunnan við, greinilega gerður af mannahöndum. Garðlag var vestan til í lautinni en bílvegurinn spillti því. Þetta heitir Tröllalögrétta en enginn veit hvað þarna hefur verið, hugsanlega smábýli, eða kannski þingstaður sveitarinnar.“ (bls. 67).

## Kleif söguágrip

Kleifar er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 en þá hafði Egill Eyjólfsson Hólabiskup keypt áttung af reka í Kleifarlandi og átti staðurinn þá „Kleif með öllum gögnum“.[79]

Árið 1686 og 1695 var jarðardýrleiki metinn 15 hundruð.[80] Kleif var í eigu Hólastóls og í jarðabók 1709 er dýrleiki sagður óviss eins og á öðrum stólsjörðum.[81] Í jarðatali frá 1847 er dýrleiki ekki gefinn en segir neðanmáls að 1802 sé jörðin metin á 15 hundruð en hreppstjóri telji hana 16.[82]). Nýtt jarðamat var gert 1861 og var dýrleiki þá hækkaður í 18,5 hundruð.[83]

Í jarðabók 1709 segir að rekavon sé sæmileg og ábúandi njóti þess sem lög leyfa. Heimræði er sagt „þó lending þyki brimsöm þegar að amar, og gengur hér eitt skip ábúanda. Inntökuskip er hér nú ekkert, áður hefur verið stundum eitt með sömu kostum og áður segir um önnur inntökuskip.“[84] Í fasteignamati 1916-1918 segir að lending sé slæm.[85]

Kleifargerði var hjábýli frá Kleif og byggðist fyrst 1863 en var komið í eyði fyrir 1922.[86]

[79] Íslenskt fornbréfasafn III, 279-280.
[80] Björn Lárusson, 245.
[81] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 10.
[82] J. Johnsen, 254.
[83] Ný jarðabók 1861, 109.
[84] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 11.
[85] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16
[86] Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 80.

## Fornleifaskráning



Mynd 26. Álfakirkja (1803-120) í Kleifardal. Horft er út eftir dalnum til norðurs. Ofan við klettinn má sjá glitta í hrúgu af grjóti.

**Kleif-1803-120**
**Sérheiti:** Kirkja, Álfakirkja
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Hættumat: Engin hætta.** Kletturinn er um 85m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert en ekki er talið að hann sé í hættu í náinni framtíð.

**Staðhættir og lýsing**

Kleifardalur heitir sunnan við merkin milli Kleifar og Ketu og er hann um 1200m langur. Sunnan við hann miðjan þar sem að hann tekur að breikka er klettur upp í brekkunni. Ofan við klettinn er brekka og efst í henni klettabelti sem liggur meðfram dalnum. Grjót hrynur úr klettunum og liggur niður brekkuna og hefur það einnig gerst ofan við Álfakirkjuna og þar er aflöng grjóthrúga um 1m á breidd og 3,5m á lengd. Hún er nokkuð afmörkuð og ekkert grjót er næst henni í brekkunni og því sker hún sig svolítið úr. Líklegast er að þarna sé einungis um hrun að ræða en ekki útilokað að þetta sé manngert en hlutverk er óþekkt.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Kleifadalur kallast rétt sunnan við Ketumerki við sjóinn, fremur grunnur og lítill. Í dalnum er klettur eða steindrangi, um 4-5 álnir að hæð. Þar á að vera huldufólk, og heyrði heimildarmaður ýmsar sögur um það í sínu ungdæmi.“ (Örnefnaskrá Kleifar, 1). Um hann segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Úti á miðjum Kleifardal er stakur huldufólksklettur undir brekkurótum, nefndur Kirkja eða Álfakirkja. Niður frá honum eru sérkennilegir stallar eins og tröppur.“ (bls. 78).



**Mynd 27. Stekkjartóft (1803-121) og garðlag (1803-122) syðst í Kleifardal. Horft er af klettabrúninni ofan dalsins.**

**Kleif-1803-121**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Þegar hefur brotið af minjunum mót austri og greinilegt landbrot er þótt að framan við tóftina séu nokkuð háir klettar.

**Staðhættir**

Syðst í Kleifadal, fram á sjávarbakka er stekkjartóft og norðan við hana garðlag (**1803-122**).

**Lýsing**

Tóftin er tvískipt og snýr norður/suður. Lambakró er til norðurs en réttin til suðurs og innangengt á milli en ekkert hlið sést á tóftinni. Utanmál er 5,5x11m og liggur smá veggbútur til norðausturs frá norðurenda tóftarinnar. Veggir eru 40-70cm háir og rúmlega metri á breidd. Tóftin er algróin grasi og mikill gróður var á henni og umhverfis hana þegar skráning fór fram í ágúst 2016. Sjórinn hefur brotið af tóftinni til austurs.




**Kleif-1803-122**

**Hlutverk:** Vörslugarður, rétt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Syðst í Kleifadal, fram á sjávarbakka er stekkjartóft (**1803-121**) og um 25m norðvestan við hana er garðlag sem lokar af syðsta hluta dalsins.

**Lýsing**

Garðlagið liggur frá nokkuð brattri og klettóttri hlíð til norðausturs fram á sjávarbakka og er 45m langt. Það er 30-40cm hátt og tæplega tveir metrar á breidd og er greinilega nokkuð hrunið. Það er algróið grasi. Garðlagið lokar af syðsta hluta dalsins og hefur að líkindum verið til aðhalds fyrir sauðfé.

**Kleif-1803-123**
**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 100m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu vegna landbrots í náinni framtíð. Minjunum gæti þó stafað hætta af hruni úr grjóturð ofan þeirra sem töluvert hefur hrunið úr
**Staðhættir**
Undir brattri grjóturð um 375m norðvestur af íbúðarhúsinu á Kleif er tóft.
**Lýsing**
Mikill gróður var á tóftinni og umhverfis hana þegar skráning fór fram og því erfitt að greina lögun og útlit tóftar. Hún er um 4x4m að utanmáli og hafa dyr eða hlið snúið til norðurs. Veggir eru líklega grjóthlaðnir 30-60cm háir og tæpur metri á breidd, grasi og mosa grónir. Um 5m langur veggur virðist norðvestan við tóftina og myndar þá annað hólf. Ef þetta er veggur gæti tóftin verið lítill stekkur og þá í heild 5x7,5m að utanmáli.




**Kleif-1803-124**
**Sérheiti:** Kleifarlækir
**Hlutverk:** Mið
**Tegund:** Fossar
**Hættumat: Hætta.** Neðri fossinn er við sjó þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir: „Kleifarlækur rennur hjá túni niður í sjó. Í honum eru tveir litlir fossar með dálitlu millibili. Sjómenn hafa þá fyrir mið; og þar sem þeir bera hvor í annan kallast Kleifarlækir, og þykir þar veiðisælt fiskimið.“ (Örnefnaskrá Kleifar, 2).
**Lýsing**
Punktur var tekinn á neðri fossinum en hnitin fyrir efri-fossinn eru 455423 612831 (ISN93).

**Kleif-1803-125**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 16m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Í jaðri gamla túnsins, rúmlega 60m í norðaustur frá íbúðarhúsinu er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er 26m langt og liggur frá suðri til norðurs og svo norðvesturs. Það er grasi gróið og mest um 2m á breidd. Það er 40-70cm hátt, hærra að utan mót sjónum




**Kleif-1803-126**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar er um 12m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Í jaðri gamla túnsins, rúmlega 60m í norðaustur frá íbúðarhúsinu eru leifar túngarðsins (**1803-125**) og utan við hann u.þ.b. miðjan er mögulega hleðsla.
**Lýsing**
Meint hleðsla er um 5m löng, 20-50cm há, um metri á breidd og grasi gróin. Norðaustan við hana er 30cm niðurgröftur og austan við er þúst. Óvíst er um aldur og hlutverk og mögulega er þetta einungis seinni tíma ruðningur.

**Kleif-1803-127**
**Hlutverk:** Óþekkt, súrheysgryfja?
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar er um 8m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Í jaðri gamla túnsins, rúmlega 60m í norðaustur frá íbúðarhúsinu eru leifar túngarðs (**1803-125**) og við suðurenda hans er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er að nokkru niðurgrafin en veggir eru að norðan, austan og vestan. Þeir eru 30-80cm háir og um 120cm breiðir, grasi grónir. Hlutverk er óþekkt en útlit gæti bent til að um súrheysgryfju sé að ræða en um það verður þó ekki fullyrt.

**Kleif-1803-128**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur, tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar er um 9m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.

**Staðhættir**
Í jaðri gamla túnsins á Kleif, rúmlega 60m í norðaustur frá íbúðarhúsinu eru leifar túngarðs (**1803-125**) og við suðurenda hans er tóft (**1803-127**) og norðan hennar er niðurgröftur eða mögulega niðurgrafin tóft
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er fast upp við túngarðinn að sunnan og er 20-70cm djúpur. Hann er grasi gróinn. Innbrún er nokkuð regluleg en útbrún aðeins greinanleg til norðausturs. Inngangur virðist vera til norðurs og því gæti hafa verið mannvirki þarna frekar en niðurgröft. Um hlutverk verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.




**Kleif-1803-129**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 8m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Utan við suðausturhorn gamla túnsins, við sjávarbakkann er fjárhústóft og er hún merkt á túnakort frá 1918.
**Lýsing**
Tóftin snýr ana/vsv og er 6x10m að utanmáli, tvær krær og garði. Norðurhliðin og norðausturhorn eru röskuð vegna síðar tíma framkvæmda. Veggir eru algrónir grasi en sér í steina í garða. Veggir eru 30-50cm háir og um metri á breidd. Girðing liggur eftir norðurhlið tóftar.

**Kleif-1803-130**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Utan við suðausturhorn gamla túnsins, við sjávarbakkann er fjárhústóft (**1803-130**) og austan við hana á sjávarbakkanum eru hleðslur.
**Lýsing**
Þarna virðast vera fleiri en ein hleðsla en útlínur og lögun eru afar óljós og mannvirkið líklega að stóru leyti horfið. Það sem sést er 40cm há grasi gróin hleðsla sem liggur í vinkil og er norður/suður veggur um 7m langur en beygir svo til norðausturs og er um 5m langur. Þar norðan við eru óljósar hleðsluleifar. Hlutverk er óljóst.



**Mynd 28. Hulduhólar (1803-131), huldufólksbústaður á Kleif. Horft er til vesturs.**

**Kleif-1803-131**
**Sérheiti:** Hulduhólar
**Hlutverk:** Huldufólksbústaður
**Tegund:** Heimild, klettar
**Hættumat: Engin hætta.** Klettarnir eru um 60m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en þeir eru ekki taldir í hættu í náinni framtíð.

**Staðhættir og lýsing**

Hulduhólar eru litlar klettaborgir um 60m suðaustur frá íbúðarhúsinu.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar 1. bindi segir: „Á Kleif voru taldir margir álagablettir. Hulduhólar eru suður og niður frá gamla bænum, neðan við núverandi íbúðarhús, þrjár borgir. Þá mátti ekki slá. Á milli þeirra var grösugt þúfnastykki og þangað seildist margur ábúandinn en það þótti þó varasamt.“ (bls. 77).



**Mynd 29. Horft út á Kleifarvík til austurs við lendinguna (1803-132).**

**Kleif-1803-132**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Lendingin var í Kleifarvík sem er suðaustan við bæinn á Kleif. Þar er tóft á sjávarbakkanum og leifar gangspils. Hnit var tekið í fjörunni framan við gangspilið. Fjaran við lendinguna er að hluta klöpp og að hluta grjótfjara.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar 1. bindi segir: „Útræði frá Kleif var fyrir sunnan og neðan bæinn í svokallaðri Kleifarvík. Á bakkanum við víkina eru húsatóftir. Lending var vond, varla notandi nema í ládauðum sjó. Flestir Skagabændur áttu báta og reru til fiskjar, þ.á.m. Ólafur Ólafsson sem missti þarna fyrri bátinn sinn, hafði ekki dregið hann alveg upp á bakkann. Skyndilega brimaði og þegar hann kom að var báturinn í kurli í fjörunni. Þetta var um hásumar og hann rauk upp úr bláhvítalogni svo að víkin varð öll eitt brot.“ (bls. 76-77).




**Kleif-1803-133**
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum upp af Kleifarvík, við lendinguna, rúmlega 290m suðaustur af íbúðarhúsinu á Kleif er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 7,5x10,5m að utanmáli. Hún er greinilega tvískipt en norðvestan hennar við hefur mögulega verið eitt hólf til viðbótar. Dyr eru mót suðaustri og innangengt hefur verið á milli hólfanna tveggja. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur í neðri hluta veggja en torf hefur verið ofar. Þeir eru 10-120cm háir og um metri á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar 1. bindi segir: „Útræði frá Kleif var fyrir sunnan og neðan bæinn í svokallaðri Kleifarvík. Á bakkanum við víkina eru húsatóftir. Lending var vond, varla notandi nema í ládauðum sjó.“ (bls. 76-77).

**Kleif-1803-134**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Slétt svæði
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir og lýsing**

Upp af lendingunni (**1803-132**) í Kleifarvík um 300m suðaustur af íbúðarhúsinu á Kleif er uppsátur, slétt svæði þar sem bátar voru dregnir á land og við það leifar af gangspili. Svæðið er tæplega mest 2ja metra breitt og um 3 metrar á lengd, aflíðandi halli niður í fjöruna, grasi gróinn. Brotið er af fremsta hlutanum sem snýr að sjónum.



**Mynd 30. Uppsátur (1803-134) við lendinguna í Kleifarvík. Horft er til norðausturs.**

**Kleif-1803-135**
**Hlutverk:** Spil
**Tegund:** Timburleifar, hleðsla
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru við sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir og lýsing**

Á sjávarbakkanum upp af lendingunni (**1803-132**) eru leifar gangspils sem smíðað hefur verið úr rekavið og vestan við það er grjóthleðsla, einföld steinaröð sem liggur í vinkil.



**Mynd 31. Leifar gangspils (1803-135) við lendinguna í Kleifarvík.**

## Lágmúli/Lámúli söguágrip

Lágmúli kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og á stóllinn þá „Lámúla með öllum gögnum.“[87]

Jarðardýrleiki var 1686 og 1695 metinn á 5 hundruð.[88] Í jarðabókinni 1709 er hann sagður óviss og var jörðin þá búin að vera í eyði í 8 ár.[89] Lágmúli er ekki í jarðatali 1847 en neðanmáls segir að þessi eyðijörð í eigu Hólastóls sé notuð til beitar frá Hvalnesi og Kleif.[90] Í nýju jarðamati frá 1861 er dýrleiki metinn 4,2 hundruð.[91] Jörðin kemur fyrst fyrir í manntölum 1855 og eru ábúendur þá 3.[92]

Í jarðabókinni 1709 var sagt að rekavon væri lítil og heimræði mætti varla telja því lending var brimasöm og var sjaldan notuð[93] og í fasteignamati 1916-1918 er lending sögð slæm.[94]

## Fornleifaskráning



**Mynd 32. Tæpagata (1803-136). Horft er til norðvesturs.**

**Lágmúli-1803-136**
**Sérheiti:** Tæpagata
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og hefur þegar brotið af þeim.
**Staðhættir**
Gata liggur meðfram sjávarbakkanum um 280m norðvestur af Lágmúla og nefnist Tæpagata samkvæmt heimildamanni (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 25.08.16). Gatan er hluti af leiðinni milli Lágmúla og Kleifar.
**Lýsing**
Gatan liggur alveg fram á bakkanum og hefur sjórinn á köflum rofið hana í sundur eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Hún er grasi gróinn nema þar sem að sjór og vatn hefur náð að rjúfa hana. Mesta breidd er um 1,5m og heildarlengd tæplega 100m.

[87] Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
[88] Björn Lárusson, 245.
[89] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 11.
[90] J. Johnsen, 245.
[91] Ný jarðabók 1861, 109.
[92] Sjá Manntalsvef Þjóðskjalsafns Íslands. Skoðaður 17.12.16
[93] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 11.
[94] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla.



**Mynd 33. Lendingin (1803-137) var í Lágmúlabás sem er norðvestur af bænum. Upp af básnum sjást bæjarhúsin á Lágmúla. Horft er til suðausturs.**

**Lágmúli-1803-137**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Lendingin var í Lágmúlabás sem er norðvestur af núverandi bæ en vestur af gamla bænum sem stóð skammt austur af sjávarbakkanum. Þarna er og hefur verið mikið landbrot of hefur það breytt landslaginu. Brotið hefur af bökkum þannig að illfært er ofan í básinn og notar ábúandi kaðal til þess að komast niður. Klettar eru í hliðum bássins en í botni er sand og grjótfjara.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðan við bæinn var er svonefndur Lágmúlabás. Þar rak tundurdufl á stríðsárunum en var gert óvirkt áður en það sprakk. Lending var í básnum, getið um heimræði í jarðabókinni 1709 og þaðan hafi gengið eitt skipt ábúanda, stundum líka inntökuskip. Þarna var sett niður gangspil á fyrri hluta 20. aldar og sjást leifar þess ennþá 1998 þar sem möndullinn liggur á jörðinni. Nú hefur brimið grafið svo úr básnum að illfært er orðið niður í hann.“ (bls.84).

**Lágmúli-1803-138**
**Hlutverk:** Uppsátur
**Tegund:** Skora
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka og eru þegar rofnar vegna landbrots af völdum sjávar.
**Staðhættir og lýsing**
Lendingin (**1803-137**) var í Lágmúlabás sem er norðvestur af bænum. Leifar gangspils (**1803-139**) eru á bakkanum ofan við básinn en skora í bakkann þar sem að bátar voru dregnir upp. Skoran er um 1,3m á breidd og grasi gróin og í henni vex einnig skarfakál eins og sést á ljósmyndinni.



**Mynd 34. Skora (1803-138) í sjávarbakkann þar sem bátar voru dregnir upp úr lendingunni. Horft ofan í Lágmúlabás.**



**Mynd 35. Á myndinni stendur Ingólfur Sveinsson á Lágmúla við gangspilið (1803-139) og heldur uppi möndlinum.**

**Lágmúli-1803-139**
**Hlutverk:** Gangspil
**Tegund:** Timbur
**Hættumat: Mikil hætta.** Gangspilið er á bakkanum upp af Lágmúlabás þar sem mikið landbrot er.
**Staðhættir**
Lendingin (**1803-137**) var í Lágmúlabás sem er norðvestur af bænum en vestur af gamla bænum sem skammt austur af sjávarbakkanum. Á bakkanum upp af lendingunni um 75m norðvestur af íbúðarhúsinu eru leifar gangspils sem notað var á 20. öld til að draga báta á land.
**Lýsing**
Gangspilið var reist úr rekaviði og eftir standa þrír staurar og á milli þeirra lá möndullinn.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Norðan við bæinn var er svonefndur Lágmúlabás. Þar rak tundurdufl á stríðsárunum en var gert óvirkt áður en það sprakk. Lending var í básnum, getið um heimræði í jarðabókinni 1709 og þaðan hafi gengið eitt skipt ábúanda, stundum líka inntökuskip. Þarna var sett niður gangspil á fyrri hluta 20. aldar og sjást leifar þess ennþá 1998 þar sem möndullinn liggur á jörðinni. Nú hefur brimið grafið svo úr básnum að illfært er orðið niður í hann.“ (bls.84).

**Lágmúli-1803-140**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Samkvæmt heimildamanni var gengið ofan í Lágmúlabásinn að austan (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 25.08.16) en gatan er horfin vegna landbrots. Nú er notaður kaðall til þess að feta sig ofan í básinn en brekkan er brött og illfær öðruvísi.



**Mynd 36. Gengið var ofan í básinn lengst til hægri á myndinni en þar liggur kaðall ofan í hann. Horft er heim að bæ til suðausturs.**

**Lágmúli-1803-141**
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 15m metra frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.
**Staðhættir**
Leifar bæjartóftarinnar eru rétt rúma 100 metra norður af íbúðarhúsinu á Lágmúla og rétt um 15m austur af sjávarbakkanum.

**Lýsing**
Baðstofan er enn greinanleg en að öðru leyti hefur bænum verið rutt um og eru leifar hans í ruðningi sunnan við baðstofutóftina. Bærinn náði áður lengri til austurs og þar var einnig fjós. Veggir eru mikið rofnir, allt að 170cm háir, hlaðnir úr klömbruhnaus og streng en grjóthleðsla neðst, nema norðaustanvert en þar er grjóthlaðinn veggur. Ummál baðstofu er 6x7m og snýr hún norðvestur/suðausturs en ruðningurinn sunnan við er 5x6m að utanmáli. Baðstofan stendur nokkuð hærra en umhverfið.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn stóð spölkorn norðan við núverandi íbúðarhús, fáa metra frá sjávarbakkanum. Standa raunar ennþá, 1998, norðurstafn og torfveggir úr baðstofunni.“ (bls.84).

**Lágmúli-1803-142**
**Hlutverk:** Fjós
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Fjósið var norðaustan við gamla bæinn (**1803-141**) en búið er að rífa það. Baðstofa gamla bæjarins stendur hinsvegar enn að nokkru. Hnit var tekið af loftmynd þegar búið var að leggja yfir það túnakort frá 1918. Sunnan við baðstofutóftina er ruðningur frá því að bænum var rutt um.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Bærinn stóð spölkorn norðan við núverandi íbúðarhús, fáa metra frá sjávarbakkanum. Standa raunar ennþá, 1998, norðurstafn og torfveggir úr baðstofunni. Fjósið var þar austan við.“ (bls.84).




**Lágmúli-1803-143**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 40m frá sjávarbakka sem brýtur af en þær eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Í suðausturhorni gamla túnsins, um 70m austur af íbúðarhúsinu og um 40m suðvestur af sjávarbakkanum er fjárhústóft.
**Lýsing**
Þrístæð fjárhús með heytóft við norðurvegg. Í mið húsinu er grjóthlaðinn garði með steyptri plötu. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót í garða og á nokkrum stöðum. Veggir eru 30-100cm háir og um 120cm á breidd. Tóftin er opin til suðurs og þar hefur að líkindum verið timburþil. Innangengt er af garða í heytóftina. Svolítið er af timburleifum í tóftinni. Samkvæmt heimildamanni voru húsin í notkun fram undir 1980 (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 25.08.16).

## Hvalnes söguágrip

Hvalnes kemur fyrst fyrir í Auðunarmáldaga frá 1318 en þar segir að Víðimýrarkirkja eigi hvalreka og hálfan viðarreka á Hvalnesi á móts við Stað.[95] Í jarðabók 1709 segir að munnmæli geti bænhúss á Hvalnesi sem „sé af fallið fyrir manna minni.“[96]

Árið 1686 var jarðardýrleiki 23h og 80 álnir en 1695 var hann 23 hundruð.[97] Dýrleiki er sagður óviss 1709 eins og á öðrum stólsjörðum.[98] Í jarðatali 1847 segir neðanmáls að hreppstjóri telji dýrleika vera 20 hundruð. Í nýju jarðamati 1861 er dýrleikinn metinn 22,8 hundruð.[99]

Í jarðabókinni 1709 segir að selveiði hafi áður verið góð en nú brugðist í nokkur ár, rekavon var í minna lagi og naut ábúandi sem lög leyfðu og til nauðsynlegra húsbygginga en Hólastóll og Víðimýrarkirkja áttu einnig hlut í rekanum. Heimræði var en lending þótti bæði brimasöm og hættuleg. Heimabóndi hafðu áður átt skip en nú var ekkert.[100] Í Fasteignamati 1916-1916 segir að trjáreki sé nokkur og útræði en lending ekki góð.[101]

**Húsmanns- og eyðibýli**

Í manntali 1850 eru þrír skráðir til heimilis á Hvalneshöfða og er húsráðandi sagður lifa af sjávarafla.[102] Ábúendur fóru í Akur árið 1852 og ekki er vitað um að þar hafi verið búið síðan.[103]

Í jarðabókinni er 1709 segir „Hamarsgerði heitir eitt örnefni hér í landinu, sem menn eru ei fullvissir um að byggð hafi verið, þó þar sjái girðingar nokkrar, en rústir af tóftum engar nema fornt stekkjarbrot. Ekki má hér aftur byggð setja, því túnstæði er mjög lítið, en heyskapur enginn.“[104]

---

95 Íslenskt fornbréfasafn II, 466.
96 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 12.
97 Björn Lárusson, 245.
98 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 12.
99 Ný jarðabók 1861, 109.
100 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 13.
101 Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.
102 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
103 Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 89.
104 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 13.

## Fornleifaskráning



Mynd 37. Horft er austur eftir Hvalvíkinni í átt að Hvalshöfða. Lendingin (1803-144) var austan við miðja víkina.

**Hvalnes-1803-144**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Um 520m nna frá íbúðarhúsinu á Hvalnesi er Hvalvík, vestan við Hvalneshöfða (Hvalshöfða).
**Lýsing**
Lending var í Hvalvík og samkvæmt Byggðasögunni var hún austan við miðju víkurinnar og í örnefnaskrá er þess getið að hún sé „nú að eyðileggjast (bls. 2).“ Hnit var tekið af loftmynd austan við miðja víkina.

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Hvalvík er fyrir norðan höfðann, og þar mun fyrsta hvalinn hafa rekið. Þar var ágæt lending, en hún er nú að eyðileggjast.“ (Örnefnaskrá Hvalness, 2). Um lendinguna segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Hvalshöfði, einnig nefndur Hvalneshöfði, allt að 10m hár, gengur í sjó fram út og niður frá bænum. Vestan við hann er Hvalvík, áður nefndur Hvalbás, og var rekaítak Víðimýrarkirkju og Reynistaðarklausturs sem að framan greinir. Þar var útræði fyrrum og lendingin austan til við miðju víkurinnar. Þar stóðu sjóbúðir og hjallur.“ (bls. 88).




**Mynd 38. Minjar á Hvalneshöfða.**

**Hvalnes-1803-145**
**Sérheiti:** Höfðahús
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Sjórinn er byrjaður að brjóta af minjunum að norðan og þarna er greinilegt landbrot.
**Staðhættir**
Austast í Hvalvík, vestur undir Hvalneshöfða er stór aflöng fjárhústóft sem kölluð voru Höfðahús.
**Lýsing**
Tóftin er um 7x27m að utanmáli og snýr nnv/ssa. Hún liggur vestur undir Hvalnes-höfðanum og er vesturveggur hlaðinn upp við brekkuna undir höfðanum. Dyr hafa verið við suðvesturhorn tóftar og snúa til vesturs. Þak og grindarviðir eru enn í tóftinni en þakið hrunið og erfitt að greina hvað er þar undir en sér í stoðir undir syllum við veggi og a.m.k. 3 stoðir sjást sem hafa verið undir mæniás. Einnig sést í leifar af þaktorfi. Neðsti hluti veggja er grjóthlaðinn en ofan við er klömbruhleðsla. Það glittir í grjóthleðslu undir þakinu sem virðist geta verið hluti af grjóthlöðnum garða. Veggir eru 50-140cm háir og um metri á breidd. Heimildamaður sem ólst upp á Hvalnesi eftir 1936 sagði að þarna hefðu verið fjárhús og mundi eftir að hafa gefið í þeim. Þau voru með einum löngum garða og heytóft var í þeim (Munnl. heimild: Búi Vilhjálmsson 19.12.16).

**Hvalnes-1803-146**
**Sérheiti:** Hvalneshöfði
**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 20m frá sjávarbakkanum en klettar eru í brún höfðans og tóftin ætti ekki að vera í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Upp á Hvalneshöfða, um 560m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft.
**Lýsing**
Í Byggðasögðu Skagafjarðar er sagt að að líkindum sé tóftin af þurrabúð sem nefndist Hvalneshöfði og var í ábúð í einhver ár fyrir 1852. Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 8,5x11m að utanmáli. Þrennar dyr eru greinanlegar, einar mót norðvestri, aðrar til suðvesturs og þriðju til suðausturs. Til norðvesturs er hólf sem er rúmlega 3x6m að innanmáli. Nær dyrunum er niðurgröftur sem er um 2x2m að innanmáli og er grjóthlaðinn að innan, um 20-30cm djúpur. Suðvestan við niðurgröftinn er grjóthlaðinn veggur, 2ja metra langur, sem minnir helst á garða í fjárhúsi og af honum virðist vera innangengt í tvö hólf sem eru til

suðausturs. Útveggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur, þeir eru 20-40cm háir og um metri á breidd. Hlutverk tóftar er ekki ljóst af útliti hennar.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Uppi á Höfðanum er húsarúst, líklega af þurrabúð. Í aðal manntali 1850 voru þar húsmennskuhjón ásamt barni sínu, Gísli Brandsson og Rannveig Jóhannesdóttir. Þau fóru þaðan 1852 í Akur, og er ekki vitað um aðra íbúa á Hvalneshöfða.“ (bls. 89). Í manntali 1850 er Gísli sagður húsráðandi sem lifir af sjávarafla. Áttu þau dóttur Kristjönu Sigríði Gísladóttur (manntal.is. Skoðað 19.06.2016).

**Hvalnes-1803-147**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Tóftin er um 15m frá sjávarbakka en sjórinn hefur ýtt grjóti og rofið land næstum alveg að tóftinni.

**Staðhættir**

Í smá halla sunnan undir Hvalneshöfða um 520m norðaustur frá íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og er 5x10m að utanmáli. Útbrúnir eru greinilegar en innbrúnir illgreinanlegar en þó virðist vera a.m.k. eitt hólf en það er afar óljóst. Veggir eru 20-30cm háir, grasi grónir og nokkuð þýfðir.

**Hvalnes-1803-148**

**Sérheiti:** Hvalneshöfði

**Hlutverk:** Mið

**Tegund:** Höfði

**Hættumat: Hætta.** Sjórinn brýtur af höfðanum.

**Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimild var Hvalneshöfði mið af sjó „og þykir það gott fiskimið og fengsælt“ (Örnefnaskrá Hvalness, 2). Hnit var tekið á höfðanum af loftmynd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Klettabásar eru við sjóinn, suður og niður frá túninu, og hafa þeir verið rekasælir. Norðan við básana er klettur, sem Brík heitir; er hann notaður sem fiskimið. Þar fyrir norðan er Hvalneshöfði. Það er nokkuð hár hóll og allur grasi vaxinn. Sjómenn nota hann fyrir fiskimið, og þykir það gott fiskimið og fengsælt.“ (Örnefnaskrá Hvalness, 2).

**Hvalnes-1803-149**

**Sérheiti:** Brík

**Hlutverk:** Mið

**Tegund:** Náttúruminjar

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Klettabásar eru við sjóinn, suður og niður frá túninu, og hafa þeir verið rekasælir. Norðan við básana er klettur, sem Brík heitir; er hann notaður sem fiskimið. Þar

fyrir norðan er Hvalneshöfði. Það er nokkuð hár hóll og allur grasi vaxinn. Sjómenn nota hann fyrir fiskimið, og þykir það gott fiskimið og fengsælt.“ (Örnefnaskrá Hvalness, 2).

**Lýsing**

Ekki var hægt að staðsetja Bríkina með viðunandi nákvæmni og viðmælendur voru ekki vissir um staðsetningu.

**Hvalnes-1803-150**

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta.** Þegar hefur brotið af minjunum að austan.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um 420m norð-austur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er grjóthlaðin rétt.



**Mynd 39. Norðurhlutinn af gömlu skilaréttinni (1803-150) á Hvalnesi. Horft er til norðausturs.**

**Lýsing**

Réttin er 22x35m að utanmáli og snýr norður/suður. Hlið hefur verið til austurs mót sjónum. Sjórinn hefur brotið af réttinni til austurs og ýtt grjóti upp í tóftina. Veggir eru mikið hrundir en heillegastir til vesturs og hlið eru ekki greinanleg nema á nokkrum stöðum (sjá teikningu). Almenningur er fyrir miðri tóft en þar fyrir utan virðast vera 6-7 dilkar. Veggir eru grjóthlaðnir en torfhleðslur eru að ofan á nokkrum þeirra vestanmegin í réttinni. Veggir eru allt að 70cm háir og mest 2m á breidd, grasi grónir á köflum.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Suður frá Hvalneshöfða var um tíma skilarétt Skagamanna, hlaðin úr grjóti við lágan fjörukamb og lá undir áföllum af brimi. Veturinn eða vorið 1920 varð réttin fyrir skemmdum af sjávargangi og gerð á henni bráðabirgðaviðgerð um sumarið. Réttin var byggð ekki síðar en 1870 en síðast var hún notuð sem skilarétt haustið 1928. Var eftir það ákveðið að leggja hana niður og ný rétt byggð sumarið 1929 við svonefnda Kleifarmýri. Réttin stóð þó að miklu leyti fram á síðustu ár en þá gengu stórbrim, einkum Súðarvíkurhvellurinn 20. janúar 1995, sem eyðilagði austurhlið hennar alla.“ (bls. 88).



**Mynd 40. Gamla skilaréttin á Hvalnesi og fleiri minjar.**

**Hvalnes-1803-151**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 65m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Um 50m vestur af suðurenda réttarinnar (**1803-150**) og 385m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft. Tóftin er vestan í lágum hrygg sem liggur norður undir Hvalneshöfða.
**Lýsing**
Tóftin er 5x5,5m að utanmáli og hafa dyr snúið mót vestri. Veggir eru 20-60cm háir og mest um 130cm breiðir og er veggur mót vestri stæðilegastur. Norður og austur veggir hafa á einhverjum tíma rofnað en gróið yfir þá aftur og er tóftin grasi gróin og að hluta þýfð. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að sjóbúðir og hjallur hafi verið við Hvalvíkina en réttara er að tóftirnar eru 150-180m suður af Hvalneshöfðanum.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hvalshöfði, einnig nefndur Hvalneshöfði, allt að 10m hár, gengur í sjó fram út og niður frá bænum. Vestan við hann er Hvalvík, áður nefndur Hvalbás, og var rekaítak Víðimýrarkirkju og Reynistaðarklausturs sem að framan greinir. Þar var útræði fyrrum og lendingin austan til við miðju víkurinnar. Þar stóðu sjóbúðir og hjallur.“ (bls. 88).

**Hvalnes-1803-152**
**Hlutverk:** Sjóbúð, óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 30m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Um 40m suðvestur af suðurenda réttarinnar (**1803-150**) (um 385m norðaustur af íbúðarhúsinu), austan á hrygg sem liggur norður undir Hvalneshöfðann er tóft.
**Lýsing**
Tóftin liggur austur/vestur, er 6x6,5m að utanmáli og snúa dyr til austurs mót sjónum. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum. Hrunið hefur úr veggjum á köflum og þeir eru einnig að nokkru þýfðir, 20-50cm háir og um metri á breidd. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að sjóbúðir og hjallur hafi verið við Hvalvíkina en réttara er að tóftirnar eru 150-180m suður af Hvalneshöfðanum.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hvalshöfði, einnig nefndur Hvalneshöfði, allt að 10m hár, gengur í sjó fram út og niður frá bænum. Vestan við hann er Hvalvík, áður nefndur Hvalbás, og var rekaítak Víðimýrarkirkju og Reynistaðarklausturs sem að framan greinir. Þar var útræði fyrrum og lendingin austan til við miðju víkurinnar. Þar stóðu sjóbúðir og hjallur.“ (bls. 88).

**Hvalnes-1803-153**

**Hlutverk:** Hjallur, óþekkt

**Tegund:** Steinalögn

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 20m frá sjávarbakka þar sem landbrot er.

**Staðhættir**

Austan á hrygg sem liggur norður undir Hvalneshöfðann um 35m ssv af réttinni (**1803-150**) er steinalögn, mögulega undirstöður byggingar eða leifar tóftar.



**Mynd 41. Steinalögn (1803-153), grunnur húss eða leifar tóftar. Horft er til norðausturs.**

**Lýsing**

Steinalögnin er 4,5x7,5 að utanmáli og snýr austur/vestur. Um er að ræða eina röð af steinum (þ.e. á hæðina) mest um 10-15cm háa og rúmlega metri á breidd. Engar dyr eru greinanlegar. Steinarnir sjást greinilega en á milli er bæði gras og mosi. Við suðausturhorn minjanna er gróin þúst sem er um 3m í þvermál. Þarna gæti mögulega hafa staðið timburbygging á grjótgrunni t.d. hjallur. Í Byggðasögu Skagafjarðar segir að sjóbúðir og hjallur hafi verið við Hvalvíkina en réttara er að tóftirnar eru 150-180m suður af Hvalneshöfðanum.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hvalshöfði, einnig nefndur Hvalneshöfði, allt að 10m hár, gengur í sjó fram út og niður frá bænum. Vestan við hann er Hvalvík, áður nefndur Hvalbás, og var rekaítak Víðimýrarkirkju og Reynistaðarklausturs sem að framan greinir. Þar var útræði fyrrum og lendingin austan til við miðju víkurinnar. Þar stóðu sjóbúðir og hjallur.“ (bls. 88).

**Hvalnes-1803-154**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 5m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir og hefur sjórinn borið grjót upp í tóftina og upp fyrir hana.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um 50m suður af réttinni (**1803-150**) og 380m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft.

**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 3,5x4m að utanmáli. Dyr hafa snúið til austurs. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót í veggjum og í tóftinni liggur einnig grjót sem sjórinn hefur borið á land. Veggir eru reglulegir, um 30cm háir og rétt um metri að breidd.




**Hvalnes-1803-155**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið af þeim til austurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 230m norðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 5x5,5m að utanmáli. Dyr snúa til austurs í átt að sjó. Veggir eru grasi grónir en vestur og suðurveggir eru á köflum rofnir. Þeir eru 10-30cm háir en mest um 1,5m breiðir og er norðurveggur breiðastur. Norðan við tóftina eru þúfur sem gætu verið veggjaleifar en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

**Hvalnes-1803-156**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 2-3 m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka tæplega 200m austur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi virðist vera tóft en gæti verið um náttúrulega myndun að ræða.
**Lýsing**
Meint tóft snýr norður/suður og er 3,5x6,5m að utanmáli. Hún er mögulega tvískipt og hafa dyr snúið til austurs í átt til sjávar. Veggir eru jarðsokknir og grasi grónir, 20cm háir og tæpur metri á breidd. Tóftin er frekar ógreinileg og gæti verið um náttúrulega myndun að ræða.

**Hvalnes-1803-157**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 2,5 m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka tæplega 190m austur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft. Tóftin er í jaðri túns og liggur vesturendi hennar um 1,5m innan við túngirðinguna en restin af tóftinni utan við.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður, er 6x9,5m að utanmáli og hafa dyr líklega snúið til austurs í átt til sjávar. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót, 20-70cm háir og mest um 2m á breidd. Inn í tóftinni er um 50cm há þúst sem er 1x2,5m að utanmáli.



**Mynd 42. Minjar á sjávarbakkanum austan við íbúðarhúsið á Hvalnesi.**

**Hvalnes-1803-158**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru 2,5 m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka rétt tæpa 200m í háaustur frá íbúðarhúsinu á Hvalnesi er hleðsla, mögulega leifar tóftar sem er að öðru leyti horfin vegna landbrots.
**Lýsing**
Hleðslan liggur samsíða sjávarbakkanum frá norðri til suðurs og er 8m löng. Hún er 40cm há og um 60cm breið. Hún er mjög rofin og sér bæði í grjót og torf. Ekki er ólíklegt að um sé að ræða vesturvegg tóftar sem er að öðru leyti horfin vegna ágangs sjávar.

**Hvalnes-1803-159**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og hefur brotið af þeim til austurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka um 220m suðaustur frá íbúðarhúsinu á Hvalnesi er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur til suðvesturs frá sjávarbakkanum og er 6,5m á lengd. Það er grasi gróið en sér í grjóthleðslu efst á því næst sjónum. Mesta breidd er 1,5m og hæð um 70cm.


Mynd 43. Horft til norðurs eftir götum (1803-160) sem liggja meðfram sjávarbakkanum í landi Hvalness.

**Hvalnes-1803-160**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og eru hornfar á köflum vegna landbrots sjávar.
**Staðhættir**
Gata liggur eftir sjávarbakkanum frá merkjum við Borgarlæk og til norðurs á móts við bæinn. Hún liggur einnig til suðurs frá merkjunum í landi Borgarlækjar og þar langleiðina heim að bæ.
**Lýsing**
Gatan er um 700m að lengd en rofin á þremur stöðum vegna landbrots af völdum sjávar. Í Hvalneslandi liggur hann meðfram sjó en þegar komið er yfir í landi Borgarlækjar, beygir hann inn til landsins til suðausturs og nær upp að veginum sem liggur frá Hvalnesi í Selvík. Hún er mest um 1,5m á breidd en víða mjórri. Þarna lá gatan á milli bæjanna neðri bæjanna út að Kleif (Munnl. heimild: Búi Vilhjálmsson og Bjarni Egilsson 19.12.16).

**Hvalnes-1803-161**
**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og var að byrja að brjóta af þeim til austurs við skráningu í ágúst 2016.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 540m suðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 3,5x4m að utanmáli, dyr hafa snúið til austurs. Veggir eru 10-30cm háir, hærri að utan en innan. Tóftin er algróin grasi.

**Hvalnes-1803-162**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru tæplega 10m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 540m suðaustur af íbúðarhúsinu á Hvalnesi er tóft (**1803-161**) og tæplega 20m suðvestur af henni er þúst.
**Lýsing**
Þústin er um 4,5x5m að utanmáli og 20-30cm há, slétt að ofan og grasi gróin en þýfð til kantanna. Hlutverk er óvíst en þarna virðist vera um leifar einhvers konar mannvirkis að ræða.

## Borgarlækur og Bergskáli söguágrip

Brókarlækur er eldra nafn á Borgarlæk og kemur jörðin fyrst fyrir 1295 þegar helmingur jarðarinnar var lagður til Reynistaðaklausturs við stofnun þess.[105] Í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 segir að Hólastaður eigi „hálfan Brókarlæk með öllum gögnum og áttung í Reynistaðar hluta í rekhvölum og flutningum.“[106]

Árið 1686 var jörðin metin á 6 hundruð og 160 álnir en 1695 á 6 hundruð.[107] Árið 1709 var jörðin til helminga í eigu Hólastóls og Reynistaðaklausturs. Var þá dýrleiki klausturspartsins sagður 10 hundruð en dýrleiki óviss á stólspartinum.[108] Í jarðatali 1847 er jörðin að hálfu í eigu Reynistaðaklausturs og að hálfu í bændaeign metin á 10 hundruð.[109] Í nýju jarðamati frá 1861 er jarðamatið lækkað í 8,5 hundruð.[110]

Í jarðabók frá 1709 er rekavon sögð lítil og heppnast sjaldan. Heimræði var lítið nema um sumartíma þegar vel viðraði því leiðin var sögð skerjótt, lendingin brimasöm og stórgrýtt.[111] Í fasteignamati 1916-1918 segir að viðarreki og fjörubeit sé nokkur en lending slæm.[112]

Brókarlækur er í eyði 1709 og hefur verið „næstu 2 ár“[113] en 1703 bjó þar Soffía Árnadóttir ásamt tveimur sonum sínum og vinnustúlkum.[114] Borgarlækur fór í eyði 1950 var ári síðar sameinaður Bergskála sem var nýbýli úr landi jarðarinnar, byggt árið 1938.[115]

Um 1908 reis grasbýlið Öldubakki í landi Borgarlækjar og var búið þar til 1922 og sameinaðist býlið þá aftur heimajörðinni. Ábúendur lifðu af mestu á sjófangi og veiðiskap.[116]

---

105 Íslenskt fornbréfasafn II, 301.
106 Íslenskt fornbréfasafn II, 280.
107 Björn Lárusson, 245.
108 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 13.
109 J. Johnsen, 245.
110 Ný jarðabók 1861, 109.
111 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 14.
112 Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.
113 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 13.
114 Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
115 Byggðasaga Skagafjarðar I. 92-98.
116 Byggðasaga Skagafjarðar I. 96.

## Fornleifaskráning

**Borgarlækur-1803-163**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimild var lending í Borgarlækjarvík um 200m norðaustur af íbúðarhúsinu á Bergskála (reist 1938) og um 250m ana af gamla bæjarhólnum á Borgarlæk.
**Lýsing**
Borgarlækjarvík snýr mót norðri og er nánast öll klettótt nema á 50m kafla vestast í víkinni þar sem er gróf möl og þar mun lendingin hafa verið.



**Mynd 44. Lending (1803-163) var í Borgarlækjarvík. Horft er til vnv. Á bakkanum hægra megin við lendinguna sést glitta í bæjartóftirnar á Öldubakka.**

**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Lending var sunnan til í Borgarlækjarvík niður undan bænum þar sem er gróf möl á stuttum kafla, annars er víkin öll klettótt og opin fyrir norðanátt. Sunnan og austan við víkina teygist fram langur klapparrani til norðurs. Aldrei mun hafa verið verulegt útræði héðan enda stutt suður til Selvíkur eða út í Hvalvík hjá Hvalnesi.“ (bls. 94).

**Borgarlækur-1803-164**
**Sérheiti:** Öldubakki
**Hlutverk:** Híbýli, fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Tóftirnar eru um 3m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka um 220m ana af bæjartóftunum á Borgarlæk, á syðri bakka Borgarlækjar (Brók-arlækjar í örnefnaskrá) þar sem hann rennur til sjávar eru tóftir býlisins Öldubakka.




**Lýsing**
Tóftin snýr nokkurn veginn norður/suður og er 8,5x13m að utanmáli. Að norðan er tvískipt bæjartóft en sunnan til fjárhús með garða og mögulega heytóft vestan við það. Á fjárhúsunum hafa dyr verið til suðurs og þar hefur mögulega verið timburþil. Á bæjartóftinni eru dyr til vesturs á vestara hólfinu en aðrar dyr ekki greinanlegar. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur og eru aðeins farnar að myndast þúfur á veggjum. Grjóthleðsla í fjárhúsi stendur

þokkalega vel. Veggir eru 30-60cm háir og mest 1,5m á breidd. Um 5m vestur af tóftinni er sem er 20cm djúp og um metri í þvermál.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í landi Borgarlækjar reis grasbýlið Öldubakki um 1908 (65.58.96/19.56.36). Byggð lagðist af þar árið 1922 og sameinaðist þá býlið aftur heimajörðinni. Frumbyggjar þar voru Andrés Pétursson og Kristjana Jónsdóttir. Fjölskyldan lifði mjög á sjófangi og veiðiskap en hafði grasnyt fyrir fáeinar kindur því að býlinu fylgdi útmæld lóð 1 1/3 dagslátta, girt og að nokkru ræktuð. Bærinn var reistur beint niður undan Borgarlæk á sjávarbakka upp af miðri Borgarlækjarvík og hefur lækurinn fallið til sjávar fast norðan við húshornið en örfáir metrar eru fram á sjávarbakkann. Þarna er tvískipt bæjartóft og áfast austan við fjárhús fyrir allnokkrar kindur.“ (bls. 96).



**Mynd 45. Leifar tóftar (1803-165) eða grunnur byggingar á sjávarbakkanum upp af lendingunni við Borgarlækjarvík.**

**Borgarlækur-1803-165**

**Hlutverk:** Óþekkt, hjallur

**Tegund:** Tóft, hleðsla

**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftirnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Á sjávarbakka við vestanverða Borgarlækjarvík, upp af lendingunni og um 25m suðaustan við tóftirnar af Öldubakka (**1803-164**) eru leifar af tóft eða grunnur af húsi.

**Lýsing**

Vegghleðsla er mót norðaustri og er 4m löng, 40cm há og um 70cm breið. Til suðvestur frá veggendunum beggja megin er einföld grjóthleðsla eða steinalögn um 5m löng og myndar ásamt vegghleðslunni tóft eða grunn að byggingu sem gæti hafa haft dyr til suðvesturs. Hlutverk er óþekkt en þarna gæti hafa staðið timburbygging t.d. hjallur.

**Borgarlækur-1803-166**

**Hlutverk:** Óþekkt, kuml

**Tegund:** Þúst, niðurgröftur

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 15m frá sjávarbakka en þar er nokkuð hár hamar við sjóinn og ekki talið að minjarnar séu í hættu í náinni framtíð.

**Staðhættir og lýsing**

Efst á Bergskálahamri er gróin þúst um 1,5x2,5m að utanmáli og mest um 30cm há. Hún snýr norður/suður. Efst á þústinni er fuglaþúfa við hana rof eða niðurgröftur eins og grafið hafi verið í hana.

**Borgarlækur-1803-167**
**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 30m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Sunnan undir Bergskálahamri eru tvö garðlög sem snúa mót suðri og hafa mögulega verið matjurtagarðar.
**Lýsing**
Vestari matjurtagarðurinn er að hluta niðurgrafinn og er garðlag að norðan, sunnan og vestan um 30cm hátt, 50cm breitt og algróið grasi. Það afmarkar svæði sem er um 6x6,5m að ummáli. Austan við garðinn virðist vera annar garður en hann er öllu ógreinilegri og aðeins sést smá kantur í brekkuna, 10-20cm hár. Þar gæti verið um náttúrulega myndun að ræða.



**Mynd 46. Lendingin (1803-168) var í Fagrábási. Horft er til norðausturs.**

**Borgarlækur-1803-168**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Fagribás er um 50m ssa af Bergskálahamri. Básinn er afmarkaður af klettum til beggja átta og eru aðeins rúmlega 20m á milli þeirra en malar-fjara er í botni bássins. Tóftir eru á bakkanum upp af básnum.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Brókarlækjar segir: „Í Fagrabás [líka til Bergskálahamarsbás] var lending.“ (Örnefnaskrá Brókarlækjar, XV).

**Borgarlækur-1803-169**
**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og aðeins hefur brotið af þeim til austurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum upp af Fagrabás um 60m suður af Bergskálahamri og innan við 200m norðan við



merkin milli Borgarlækjar og Selár er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er um 4x4m að utanmáli og hafa dyr snúið til austurs að sjónum. Veggir eru grasi grónir og smá þúfur að myndast á þeim. Þeir eru jarðsokknir 20-30cm háir og um 1,5m á breidd. Suðvestan við tóftina er mjög reglulegur niðurgröftur um 1x1m að utanmáli og 30cm djúpur.
**Aðrar upplýsingar**
Í myndatexta í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir eftirfarandi: „Við lendinguna í Fagrabási sunnan við Bergskálahamar sem gnæfir hæst. Á bakkanum til vinstri eru grónar rústir af kofum sem líklega hafa verið sjóbúðir.“ (Bls. 97).

**Borgarlækur-1803-170**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, þúst
**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er um 20m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en ekki er talið að tóftin sé í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Um 100m suður af Bergskálahamri og rúmlega 20m suðvestur af efribrún Fagrabáss er tóft eða þúst.
**Lýsing**
Tóftin/þústin snýr norðaustur/suðvestur og er 6x6,5m að utanmáli. Innbrúnir eru ekki greinanlegar en í gegnum tóftina liggur rás sem er 20-50cm breið. Óvíst er hvort hún gegni hlutverki eða hvort um síðari tíma myndun sé að ræða. Tóftin/þústin er þýfð og grasi og mosa gróin og ofan á henni liggja steinar. Um 5m suðaustan við tóftina er nokkuð stór niðurgröftur sem skráður er sér (**1803-171**).

**Borgarlækur-1803-171**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en ekki talið að tóftin sé í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Um 100m suður af Bergskálahamri og rúmlega 20m suðvestur af efri brún Fagrabáss er tóft eða þúst (**1803-170**) og 5m suðaustan við hana niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 1,5m í þvermál og 70-80cm djúpur. Brúnir eru sléttar og er niðurgröfturinn grasi og mosa gróinn. Hlutverk er óvíst en ekki er ólíklegt að hann tengist útræði úr Fagrabási.

**Borgarlækur-1803-172**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru tæplega 30m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir en ekki er talið að tóftin sé í hættu í náinni framtíð.

**Staðhættir**
Um 100m suður af Bergskálahamri og rúmlega 20m suðvestur af efribrún Fagrabáss er tóft eða þúst (**1803-170**) og mögulega önnur tóft 7m vestar.
**Lýsing**
Tóftin er 3,5x4,5m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er þýfð, veggir 20cm háir og rúmlega með, algrónir grasi og mosa. Hún er frekar ógreinileg og mögulega getur verið um náttúrulega myndun að ræða.

**Borgarlækur-1803-173**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Mikil hætta.** Gatan liggur frá sjávarbakka til suðurs og svo suðvesturs og er norðurendi hennar horfinn í sjó.
**Staðhættir**
Gata liggur meðfram sjávarbakkanum í landi Hvalness og Borgarlækjar. Frá merkjum við Hvalnes liggur hún til SSV í átt heim að íbúðarhúsinu á Bergskála. Sá hluti sem er í Borgarlækjarlandi er um 320m.

## Selnes söguágrip

Selness er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 þar segir að stóllinn eigi „Selnes með öllum gögnum."[117]

Jarðardýrleiki er 1686 og 1695 metinn á 10 hundruð[118] en 1861 er dýrleikinn hækkaður í 4,2 hundruð.[119] Í manntölum frá 1703 til 1860 virðist vera einbýli á jörðinni en frá 1870 og fram til 1907 er tvíbýli og þríbýlt 1910 en þá er búið að byggja húsið Grund sem stóð þar sem íbúðarhúsið stendur í dag. Eftir það hefur búseta í gömlu bæjunum lagst af.[120]

Í jarðabókinni 1709 segir að selveiði hafi verið og sé góð „þegar vel er að sótt." Rekavon er góð og lending að sama skapi góð „og hafa hér gengið skip ábúanda og nú eitt. Fleiri skip mega hér ekki ganga, því skips uppsátur er ekki nema eitt."[121] Í fasteignamati 1916-1918 segir „Aðdrættir erfiðir á landi en stutt til sjáfar og lending góð, í Selvík sem er löggilt höfn, þar hefir verið verstöð, og standa þar nokkur fiskitökuhús sem borguð eru fyrir lóðargjöld, einnig tekjur af uppisátrum báta. Jörðin hefir talsverðan trjáreka og mótak allgott."[122]

Fornubúðatættur heita sunnan á Selnesinu og ekki er ólíklegt að það séu sömu tóftir og Ólafur Olavius getur um í ferðabók 1777 en þar segir hann að við víkina finnist þá enn minjar um 9 verslunarbúðir Þjóðverja.[123] Í jarðabókinni 1709 er getið um fornt bæjarstæði og er líklega verið að tala um sömu minjar. Þar segir „Girðingar eru hér í landinu suður á nesinu, sem munnmæli segja að Selnesbær hafi að fornu staðið, en ekki vita menn framan hér um að undirrétta. Ekki má þar byggð setja fyrir heyskapar og vatnsleysi, og geta menn til að þetta vatnsleysi hafi orsakað það, að bærinn hafi fluttur verið."[124]

Jörðin fór í eyði árið 1976.[125]

---

117 Íslenskt fornbréfasafn II, 280.
118 Björn Lárusson, 245.
119 Ný jarðabók 1861, 109.
120 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16
121 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 15.
122 Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16
123 Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 102.
124 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 15.
125 Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 104.

## Fornleifaskráning

**Selnes-1803-174**
**Hlutverk:** Torftaka, mógröf
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Um 50m norðaustur af gamla túninu á Selnesi, fram á sjávarbakka er niðurgröftur, líklega torftökusvæði eða mógröf.
**Lýsing**
Svæðið er tæplega 200m$^2$ og um 40cm djúpt og virðist líklegra til að vera torftökusvæði heldur en mógröf.



**Mynd 47. Gamla bæjarstæðið í Selvík.**

**Selnes-1803-175**
**Hlutverk:** Óþekkt, mógröf, torftaka
**Tegund:** Niðurgreftir
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakka rétt utan og austan við túngarðinn á Selnesi, tæplega 60m asa af sumarbústaðnum eru fjórar holur eða niðurgreftir.

**Lýsing**
Þrjár af fjórum holum eru 20-30cm djúpar en sú stærsta er 30-50cm djúp og 3,5x4m að utanmáli. Þarna gæti hafa verið tekinn mór eða annað efni en annars er ekki hægt að fullyrða um hlutverk.

**Selnes-1803-176**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru það langt frá sjávarbakka að þær eru ekki taldar í hættu.
**Staðhættir**
Á kletti austan við sumarbústaðinn sem stendur í gamla túninu á Selnesi og innan túngarðs er möguleg tóft.
**Lýsing**
Meint tóft er 2,5x3m að utanmáli og snýr nnv/ssa, opin til suðurs. Hún er grasi gróin og þýfð og gæti verið um náttúrulega myndun að ræða. Ef um tóft er að ræða eru veggir um 30cm háir og 70cm breiðir.

**Selnes-1803-177**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft, garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Austast í túninu, rétt innan við túngirðinguna og tæpa 50m austur af bæjarhólnum (**1803-182**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er 5x7m að utanmáli og snýr nna/ssv og hafa dyr eða hlið snúið til suðurs. Veggir eru reglulegir, algróin grasi, 30-40cm háir og um metri á breidd. Til suðurs og suðvesturs er mýri en vestan við er þýft túnið.

**Selnes-1803-178**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rétt um 50m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Vestan undir kletti, nyrst og austast í gamla túninu á Selnesi, rétt um 20m norðaustur frá bæjarhólnum (**1803-170**) er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er grjóthlaðið og 8x9m að utanmáli. Það er 30-150cm hátt, hæst við klettinn og mest rúmlega metri á breidd. Það er grasi gróið. Engin hleðsla er til suðvesturs og þar hefur mögulega verið hlið. Girðing er sunnan við tóftina.



**Mynd 48. Túngarðurinn (1803-179) á Selnesi. Neðst á mynd sést hvar hann er hlaðinn að stóru náttúrugrjóti en fjær sést hann hlykkjast í suðurátt. Horft er til suðurs og glittir í íbúðarhúsið á Selnesi í baksýn.**

**Selnes-1803-179**
**Hlutverk:** Túngarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.**
Austurhluti túngarðsins liggur á sjávarbakkanum og er næst um 10m frá sjó þar sem að landbrot er greinilegt.
**Staðhættir**
Túngarður umlykur gamla túnið á Selnesi nema til suðausturs þar sem er mýri. Þar er girt núna með girðingu.
**Lýsing**
Garðurinn er alls um 330m langur, allt að 1m á hæð og mest 1,5m á breidd. Hann er að hluta grjóthlaðinn og sér í hleðslur, á köflum er hann rofinn en annars grasi og mosa gróinn. Á nokkrum stöðum er garðurinn hlaðinn að stóru grjóti eða lágum klettum sem nýtt eru sem aðhald.

**Selnes-1803-180**
**Sérheiti:** Gamlibær, Vesturbær
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru tæplega 70m frá sjávarbakka.
**Staðhættir**
Tvær bæjartóftir eru rétt norðan við mitt tún á gamla bæjarstæðinu á Selnesi. Þær eru aðskildar af sundi og virðist heimtröðin hafa legið á milli bæjanna.
**Lýsing**
Vestari bæjartóftin er 13-19x16m að utanmáli og hafa dyr snúið til austurs að sundinu milli bæjanna. Göng virðast vera inn tóftina til vesturs og út frá þeim hafa verið 3-4 hús og svo eitt sem nær aðeins lengra til suðvesturs. Dyr hafa einnig verið til vesturs. Veggir í tóftinni eru allt að 110cm háir, um 1,5m á breidd og er tóftin grasi gróin en sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum og torfhleðslu úr streng. Útlínur tóftar eru á köflum óljósar vegna hruns úr veggjum og þakleifa en tóftin að öðru leyti vel greinileg.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Bærinn (eða bæirnir) á Selnesi stóð áður norðvestan við Fúluvík, og kallaðist hann Gamlibær. Gunnar Eggertsson byggði upp og setti bæinn þar sem hann er nú (þegar lýsing M.J. er gerð), sunnar á nesinu. Áður en hann flutti þangað var tvíbýli á Selnesi. Voru bæirnir tveir og sund á milli þeirra. Bæ sinn nefndi Gunnar Grund, en það nafn lagðist fljótt af.“ (Örnefnaskrá Selness, 6). Samkvæmt heimildamanni voru bæirnir kallaðir Austurbær og Vesturbær (Munnl. heimild: Daníel Helgason 30.08.16).



**Mynd 49. Austurbær eða Gamlibærinn (1803-181) á Selnesi. Myndin er tekin við tóft Vesturbæjarins sem er næstur á myndinni. Horft er til norðausturs.**

**Selnes-1803-181**

**Sérheiti:** Gamlibær, Austurbær

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 65m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Tvær bæjartóftir eru rétt norðan við mitt tún á gamla bæjarstæðinu á Selnesi og eru þær aðskildar af sundi og virðist heimtröðin hafa legið um þetta sund á milli bæjanna.

**Lýsing**

Austari bæjartóftin er 12x15m að utanmáli og stendur á bæjarhól sem er 17x21m að utanmáli. Útlínur eru ekki alltaf augljósar en það virðast vera a.m.k. 4-5 hólf og norðan tóftarinnar er mögulega súrheysgryfja (**1803-183**) sem er skráð sér. Veggir eru 20-80cm háir og mest 2m á breidd. Dyr hafa líklega snúið til suðurs og þaðan liggja stutt göng sem tengja hólfin saman. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót og torfhleðslur.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Bærinn (eða bæirnir) á Selnesi stóð áður norðvestan við Fúluvík, og kallaðist hann Gamlibær. Gunnar Eggertsson byggði upp og setti bæinn þar sem hann er nú (þegar lýsing M.J. er gerð), sunnar á nesinu. Áður en hann flutti þangað var tvíbýli á Selnesi. Voru bæirnir tveir og sund á milli þeirra. Bæ sinn nefndi Gunnar Grund, en það nafn lagðist fljótt af." (Örnefnaskrá Selness, 6). Samkvæmt heimildamanni voru bæirnir kallaðir Austurbær og Vesturbær (Munnl. heimild: Daníel Helgason 30.08.16).

**Selnes-1803-182**

**Hlutverk:** Bæjarhóll

**Tegund:** Hóll

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúma 60m frá sjávarbakka og ekki taldar í hættu.

**Staðhættir**

Tvær bæjartóftir (**1803-180 og 181**) eru rétt norðan við mitt tún á gamla bæjarstæðinu og stendur austari tóftin á nokkuð háum bæjarhól.



**Mynd 50. Bæjarhóllinn (1803-182) og bæjartóftir Austur- (1803-180) og Vesturbæjar á Selnesi (1803-181). Horft er til suðvesturs.**

**Lýsing**

Hóllinn er grasi gróinn, 17x20m að utanmáli og um 2ja metra hár. Austari bæjartóftin er á hólnum og ekki ólíklegt að bærinn hafi staðið á þessum stað frá því áður en tvíbýli varð á Selnesi á milli 1860 og 1870 (sjá ágrip af sögu hér að framan).

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Bærinn (eða bæirnir) á Selnesi stóð áður norðvestan við Fúluvík, og kallaðist hann Gamlibær. Gunnar Eggertsson byggði upp og setti bæinn þar sem hann er nú (þegar lýsing M.J. er gerð), sunnar á nesinu. Áður en hann flutti þangað var tvíbýli á Selnesi. Voru bæirnir tveir og sund á milli þeirra. Bæ sinn nefndi Gunnar Grund, en það nafn lagðist fljótt af.“ (Örnefnaskrá Selness, 6). Samkvæmt heimildamanni voru bæirnir kallaðir Austurbær og Vesturbær (Munnl. heimild: Daníel Helgason 30.08.16).

**Selnes-1803-183**

**Hlutverk:** Súrheysgryfja, óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 75m frá sjó.

**Staðhættir**

Norðan austari bæjartóftarinnar (**1803-181**) er hringlaga tóft, mögulega leifar súrheysgryfju.

**Lýsing**

Tóftin er nokkurn veginn hringlaga, 7x7,5m að ummáli. Hún er niðurgrafir og um 80cm djúp en utan með er kantur sem er 1-2ja metra breiður. Tóftin er grasi gróin og þýfð en sér í nokkra steina í köntum.



**Mynd 51. Niðurgrafin tóft (183-183) norðan við austari bæjartóftina á Selnesi. Horft er til norðvesturs.**

**Selnes-1803-184**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 75m frá sjó.

**Staðhættir**

Áfastur bæjarhólnum (**1803-170**) að austan er annar hóll, mikið minni.

**Lýsing**

Hóllinn er sléttur að ofan, 4x6m að utanmáli og um 1,5m á hæð. Hann er algróinn grasi. Hlutverk er óvíst en hóllinn virðist að einhverju leyti manngerður.

**Selnes-1803-185**

**Hlutverk:** Heimreið

**Tegund:** Gata

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúma 80m frá sjávarbakkanum og ekki taldar í hættu í náinni framtíð þó þar gæti landbrots.

**Staðhættir**

Heimreiðin liggur þvert yfir mitt túnið frá norðri til suðurs á milli bæjartóftanna (**1803-180 og 181**) tveggja.

**Lýsing**
Innan túngarðs er heimreiðin tæplega 170m löng einbreið troðin gata eða tröð. Hún liggur á milli bæjartóftanna, annars vegar að hliði á túngarðinum að sunnan en að túngarðinum að norðan þar sem að vegslóðinn að sumarbústaðnum liggur. Þar hefur að líkindum verið hlið. Á loftmynd sést að vegslóðin heldur áfram til suðurs að túninu í Selnesi.

**Selnes-1803-186**
**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 100m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu vegna landbrots í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Í túninu, suðvestan við vestari bæjartóftina (**1803-186**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt, 6,5x8,5m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er grasi gróin en sér í grjót í einu horni. Það er mögulega garði í syðra hólfinu. Veggir eru hrundir 20-50cm háir og um 120cm á breidd.

**Selnes-1803-187**
**Hlutverk:** Beðasléttur
**Tegund:** Hryggir
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru yfir 100m frá sjó og eru ekki taldar í hættu vegna landbrots í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Í vestanverðu gamla túninu á Selnesi, vestan og suðvestan við bæjartóftirnar (**1803-180 og 181**) eru beðasléttur.
**Lýsing**
Beðasléttutnar eru 30-50m langar og sjást a.m.k. 7 hryggir í túninu og liggja þeir nokkurn veginn austur/vestur. Þeir eru allt að 40cm háir.

**Selnes-1803-188**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 160m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Nyrst og vestast í túninu á Selnesi tæplega 60m norðvestur af vestari bæjartóftinni (**1803-180**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og er 4x5,5m að utanmáli. Útlínur eru greinanlegar en innbrúnir ekki. Dyr hafa mögulega snúið til suðurs. Innbrún veggja er allt að 10cm en útbrúnir 10-30cm. Veggir eru algrónir grasi og svolítið þýfðir.


Mynd 52. Fjárhústóft (1803-189). Grjóthlaðinn garði fyrir miðri tóft og grjóthlaðnir veggir sem töluvert er hrunið úr. Horft er til vesturs.

**Selnes-1803-189**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 160m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Upp við túngarðinn vestast í túni á Selnesi rúmlega 60m vestur af bæjartóftunum (**1803-180 og 181**) er fjárhústóft.
**Lýsing**
Húsin hafa verið tvístæð með grjót-hlöðnum görðum og hlöðu eða heytóft til vesturs. Tóftin snýr norður/suður og er 12x14,5m að utanmáli. Veggir eru nokkuð rofnir, grasi grónir en sér vel í grjóthleðslur sem eru mikið hrundar. Þeir eru 30-110cm háir og um 1,5m á breidd. Túngarðurinn liggur að tóftinni í norðri og suðri. Í hlöðunni/heytóftinni er hlaðið upp að stóru náttúrugrjóti. Tóftin er utan girðingar en innan túngarðs.

**Selnes-1803-190**
**Hlutverk:** Stekkur, útihús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 160m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Upp við túngarðinn vestast í túni á rúmlega 60m vestur af bæjartóftunum (**1803-180 og 181**) og tæplega 20m sunnan við fjárhústóft (**1803-189**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 7x10,5m að utanmáli. Hún er tvískipt, innangengt á milli hólfa og dyr eða hlið hefur verið til austurs. Tóftin er byggð að hluta sunnan undir klöpp sem er því suðurveggur hennar að hluta. Neðri hluti veggja er grjóthlaðinn en torfhleðsla ofar og sér í streng í hleðslunni en tóftin annars grasi og mosa gróin. Vestara hólfið gæti verið heytóft eða lambakró og er 50cm hærra en austara hólfið. Töluvert er hrunið úr grjóthleðslunni. Veggir eru 30-110cm háir og um 130cm á breidd. Tóftin er utan girðingar en innan túngarðs.

**Selnes-1803-191**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 160m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Í suðvesturhorni gamla túnsins á Selnesi og tæplega 90m suðvestur frá bæjartóftunum (**1803-180 og 181**) er stekkjartóft.

**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur/suðaustur, 4,5x11m að utanmáli. Hún er grjóthlaðin og er hlaðin upp við klöpp til norðurs. Grjóthleðslur eru greinilegar en tóftin annars grasi og mosa gróin. Þetta virðist vera stekkur með kró til norðvesturs en rétt til suðausturs. Innangengt er á milli og hlið hefur verið á réttinni við suðvesturhorn tóftar. Veggir eru 20-80cm háir, um metri á breidd og grjóthleðslur sumstaðar hrundar. Túngarðurinn liggur að tóftinni að norðan og við suðausturhorn.

**Selnes-1803-192**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt, kvíar
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 170m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Í suðvesturhorni gamla túnsins á Selnesi og tæplega 90m suðvestur frá bæjartóftunum (**1803-180 og 181**) er stekkjartóft (**1803-191**) og beint vestan við hana, utan túngarðs er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er aðeins niðurgrafin og snýr norðvestur/suðaustur 3,5x5,5m að utanmáli og hefur hlið snúið til suðausturs. Tóftin er hlaðin upp við stóran stein. Veggir eru grasi grónir, allt að 80cm háir og rétt um hálfur metri á breidd. Girt er eftir vesturvegg og eru klettar sunnan og vestan við tóftina.

**Selnes-1803-193**
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 115m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Syðst í túninu á gamla Selnesi um 65m SSV frá bæjartóftum (**1803-180 og 181**) er fjárhústóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr nna/ssv og er 5,5x16,5m að utanmáli. Suðvestan við er heytóft eða hlaða en fjárhús en tvær krær með grjóthlöðnum garða suðaustan til. Dyr er nyrst á austurvegg. Tóftin er svolítið þýfð, að mestu grasi gróin en sér í grjót í veggjum og garða. Veggir eru mikið hrundir, 20-70cm háir og mest 130cm breiðir. Austan við tóftina er dæld sem er 3,5x4,5m að ummáli.

**Selnes-1803-194**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru 160m frá sjó og eru ekki í hættu.
**Staðhættir**
Syðst í túninu á gamla Selnesi um 65m SSV frá bæjartóftum (**1803-180 og 181**) er fjárhústóft (**1803-193**) og 4m sunnan við hana er þúst.
**Lýsing**
Þústin er 3,5x4,5m að utanmáli og um 30cm há. Hún er grasi gróin og virðist vera leifar mannvirkis en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

**Selnes-1803-195**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er um 85m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en sökum fjarlægðar er ekki talið að hún sé í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Austan við hliðið sem er á túngarðinum syðst í gamla túninu á Selnesi er tóft, líklega rétt.
**Lýsing**
Tóftin er 4,5x8,5m að utanmáli og snýr ana/vsv. Hlið hefur austast á suðurhlið og er tóftin líka opin til suðurs en þar hefur mögulega verið veggur áður. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í grjót en annars eru þeir að mestu grasi og mosa grónir. Svolítið er hrunið úr veggjum sem eru 20-50cm háir og um metri á breidd. Girt er eftir norðurvegg.

**Selnes-1803-196**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin er á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og sjórinn hefur þegar brotið af henni til austurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum rúmlega 70m suðaustur frá gamla túninu á Selnesi er tóft.
**Lýsing**
Tóftin samanstendur af tveimur veggjum sem liggja samsíða nokkurn veginn norður/suður. Óljósar veggjaleifar eru til norðurs en enginn veggur er greinanlegur til suðurs. Austari veggurinn er 6m langur en vestari rétt um 5m. Þeir eru 30-110cm háir og er vestari veggurinn hærri. Grjóthleðsla er neðst í báðum veggjum og á vestari veggnum er vel greinileg hleðsla úr kvíahnaus. Báðir veggirnir eru mikið rofnir.



**Selnes-1803-197**
**Hlutverk:** Útihús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin er á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og sjórinn hefur þegar brotið af henni austan til.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum 100m suðvestur af gamla túninu á Selnesi er tvískipt tóft.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr austur/vestur, 5x8,5m að utanmáli. Hún er grasi gróin en sér í grjóthleðslur í veggjum sem eru nokkuð hrundar. Veggir eru 30-60cm háir og 120cm breiðir. Hlutverk er óvíst en líklegast er að þarna sé gripahús af einhverju tagi.



**Mynd 53. Tóft (1803-197) nær á mynd en tóft (1803-196) fjær. Horft er til NNV og sér í bæjarhólinn á Selnesi í baksýn.**




**Selnes-1803-198**
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er um 50m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en sökum fjarlægðar er ekki talið að hún sé í hættu í nánustu framtíð.
**Staðhættir**
Nyrst og austast á Selnesi rúmlega 530m norðaustur af íbúðarhúsinu er stekkjartóft. Klöpp er norðan og austan við tóftina.
**Lýsing**
Tóftin er tvískipt og snýr norðaustur/suðvestur. Hún er 4,5x8,5m að utanmáli og hefur króin verið til norðausturs en réttin til suðvesturs og hlið á henni sem snéri suður. Tóftin er að mestu grasi gróin en sér í grjót á nokkrum stöðum. Veggir eru svolítið hrundir, 20-40cm háir og um metri á breidd.

**Selnes-1803-199**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 30m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en hún er á klöpp og ekki talin í hættu.
**Staðhættir**
Nyrst og austast á Selnesi rúmlega 530m norðaustur af íbúðarhúsinu er stekkjartóft (**1803-198**) og 10m norðaustur af henni er mögulega hleðsla.
**Lýsing**

Meint hleðsla er um 20cm há og grasi gróin, hún liggur í smá boga ofan á klöpp og eru nokkrir steinar við hana. Óvíst er hvort að þetta séu leifar mannvirkis og ekkert verður fullyrt um það nema með frekari rannsókn.



**Mynd 54. Þúst (1803-200). Horft er til nnv.**

**Selnes-1803-200**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Þúst, náttúrulegt
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 25m frá sjó en eru á klöpp og standa nokkuð hærra en sjávarbakkinn.
**Staðhættir**
Sunnan og austan til á Selnesi um 500m ASA frá íbúðarhúsinu er þúst eða lítill hóll.
**Lýsing**
Þústin er grasi gróin og rúmlega 1x3,5m að utanmáli. Hún snýr nnv/ssv og er hæst 50cm um miðbikið. Næsta umhverfi þústarinnar er ógróin klöpp. Þessi þúst er í I. bindi Byggðasögunnar sögð vera Þýskaleiði en samkvæmt heimildamanni er leiðið syðst á nesinu alveg fram á sjávarbakka (Munnl. heimild: Daníel Helgason 19.12.16). Þegar Jón N. Jónasson var bóndi á Selnesi hafði hann það til siðs að signa yfir leiðið og hefur sá siður haldist hjá núverandi eiganda (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 102). Óvíst er hvort þústin sé manngerð eða náttúruleg.



**Mynd 55. Rófnagarður (1803-201) í Hvarfinu. Horft er til austurs.**

**Selnes-1803-201**
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 40m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir en sökum fjarlægðar eru þær ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Í smá halla sunnan undir klettaborg, sunnan og austan til á Selnesi um 500m ASA frá íbúðarhúsinu er matjurta-garður. Samkvæmt heimildamanni var þarna rófugarður (Munnl. heimild: Daníel Helgason 19.12.16).
**Lýsing**
Garðurinn snýr til suðurs og er 11x13m að utanmáli. Hann er að mestu grasi gróinn en rofinn á nokkrum stöðum, 30-40cm hár og um 40cm breiður.



**Mynd 56. Fornubúðatættur og fleiri minjar austast á Selnesi.**

**Selnes-1803-202**
**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka og sjórinn hefur þegar brotið af þeim.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum syðst og austast á Selnesi um 580m suðaustur af íbúðarhúsinu er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið liggur með sjávarbakkanum nokkurn veginn norður/suður og er 12m langt. Það er grjóthlaðið en hleðslan nokkuð hrunin, 20cm hátt og rúmlega metri á breidd. Hún er mest 3 steinaraðir. Sjórinn hefur brotið af garðlaginu til beggja enda.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrám segir að þarna hafi verið lending og tóftir sem eru á þessum slóðum kallaðar Fornubúðatættur eða Naust (Örnefnaskrá Selness, 5-6; Örnefnaskrá Selness 2, 2-3). Þær eru austar en tóftirnar við sjóinn, austast í svonefndu Hvarfi en líklegt er að þessar minjar tilheyri þeim.

**Selnes-1803-203**
**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Tóftin er 6m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum syðst og austast á Selnesi um 580m suðaustur af íbúðarhúsinu er garðlag (**1803-202**) og austan við það er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er nánast hringlaga og tæpir 5m í þvermál. Hún er grasi gróin og sker sig úr umhverfi. Veggir eru hærri að utan eða um 30cm en rétt mótar fyrir dæld í miðju sem er mest 10cm djúp.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrám segir að þarna hafi verið lending og tóftir sem eru á þessum slóðum kallaðar Fornubúðatættur eða Naust (Örnefnaskrá Selness, 5-6; Örnefnaskrá Selness 2, 2-3). Þær eru austar en tóftirnar við sjóinn, austast í svonefndu Hvarfi en líklegt er að þessar minjar tilheyri þeim.

**Selnes-1803-204**
**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust
**Hlutverk:** Óþekkt, matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 65m frá sjó og ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Syðst og austast á Selnesi heitir Hvarf og austast í því eru minjar (**1803-205, 206 og 207**) sem nefndar eru í örnefnaskrám Fornubúðatættur eða Naust. Tóftirnar eru um 460m suðaustur af bænum. Á sjávarbakkanum austan við eru tóft og garðlag (**1803-202 og 203**) sem líklega tilheyra þessum minjum
**Lýsing**
Austust af Fornubúðatóttum er garðlag sem er með veggi til austurs, vesturs og norðurs en opið til suðurs. Það er 7,5x9m að utanmáli og minnir helst á matjurtagarð, svipaðan þeim sem er austar í Hvarfinu (**1803-201**) en heldur ógreinilegri. Garðlagið er að mestu grasi gróið 20-40cm hátt og 60-100cm breitt. Í örnefnaskrám þar sem getið er um Fornubúðatættur og Naust er hvergi minnst á matjurtagarða og vel má vera að garðlagið hafi annað hlutverk en um það verður ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Sunnan við Höfða dregur í hvilft. Þar heitir Hvarf. Í Hvarfinu ganga Fornubúðaklappir í sjó fram. Við þær er mjög aðdjúpt. Fornubúðatættur eru vestan til í Hvarfinu (Ath.: Fornubúðatættur munu vera það sama og Margeir nefnir Naust í lýsinu sinni. Hvorki Sigríður né Jón kannast við það heiti). Sagnir herma að þarna hafi Hansamenn haft bækistöð sína fyrr á öldum og hafi þeir lagt skipum sínum að klöppunum.“ (Örnefnaskrá Selness, 5-6). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar eru tóftirnar kallaðar Naust og þess getið að heimildamaður þessarar lýsingar segi að þau hafi verið hlaðin úr grjóti. Þar kemur líka fram að þegar Ólafur Olavius var þarna á ferð um 1779 hafi verið þarna 9 tóftir og munnmæli að þarna hafi verið fastur verslunarstaður Þjóðverja, þ.e. Hansakaupmanna sem að sigldu til Íslands fram til loka 16. aldar (Örnefnaskrá Selness 2, 2-3).

**Selnes-1803-205**
**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 55m frá sjó og ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Syðst og austast á Selnesi heitir Hvarf og austast í því eru minjar (**1803-205, 206 og 207**) sem nefndar eru í örnefnaskrám Fornubúðatættur eða Naust. Tóftirnar eru um 460m suðaustur af bænum. Suðvestan við garðlag  sem skráð er (**1803-204**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er óglögg, mögulega tvö hólf opin eða rofin mót norðaustri en lögun er ekki vel greinanleg. Tóftin er grasi og mosa gróin,  veggir 20-40cm háir og tæplega metri á breidd. Hún er 3,5x6,5m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hafi verið dyr eða hlið gætu þær hafa snúið til norðausturs. Útlit minja bendir ekki til þess að þetta séu naust eins og nefnt er í örnefnaskrá m.a. þar sem naust hefðu líklega verið höfð nær sjó.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Sunnan við Höfða dregur í hvilft. Þar heitir Hvarf. Í Hvarfinu ganga Fornubúðaklappir í sjó fram. Við þær er mjög aðdjúpt. Fornubúðatættur eru vestan til í Hvarfinu (Ath.: Fornubúðatættur munu vera það sama og Margeir nefnir Naust í lýsinu sinni. Hvorki Sigríður né Jón kannast við það heiti). Sagnir herma að þarna hafi Hansamenn haft bækistöð sína fyrr á öldum og hafi þeir lagt skipum sínum að klöppunum.“ (Örnefnaskrá Selness, 5-6). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar eru tóftirnar kallaðar Naust og þess getið að heimildamaður þessarar lýsingar segi að þau hafi verið hlaðin úr grjóti. Þar kemur líka fram að þegar Ólafur Olavius var þarna á ferð um 1779 hafi verið þarna 9 tóftir og munnmæli að þarna hafi verið fastur verslunarstaður Þjóðverja, þ.e. Hansakaupmanna sem að sigldu til Íslands fram til loka 16. aldar (Örnefnaskrá Selness 2, 2-3).

**Selnes-1803-206**
**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 55m frá sjó og ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Suðvestan við garðlag sem skráð er (**1803-204**) er tóft (**1803-205**) og önnur þar suðvestan við.
**Lýsing**
Tóftin er 4x9,5m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Hún virðist a.m.k. tvískipt og eru hólfin opin til norðausturs. Veggir eru grasi og mosa grónir 20-40cm háir og mest 1,5m á breidd. Útlit minja bendir ekki til þess að þarna hafi verið naust eins og nefnt er í örnefnaskrá og líklegt verður að telja að naust hefðu verið höfð nær sjó. Norðvestan við það eru mögulega veggjalög sem gætu þó líka verið náttúruleg fyrirbæri.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Sunnan við Höfða dregur í hvilft. Þar heitir Hvarf. Í Hvarfinu ganga Fornubúðaklappir í sjó fram. Við þær er mjög aðdjúpt. Fornubúðatættur eru vestan til í Hvarfinu (Ath.: Fornubúðatættur munu vera það sama og Margeir nefnir Naust í lýsinu sinni. Hvorki Sigríður né Jón kannast við það heiti). Sagnir herma að þarna hafi Hansamenn haft bækistöð sína fyrr á öldum og hafi þeir lagt skipum sínum að klöppunum.“ (Örnefnaskrá Selness, 5-6). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar eru tóftirnar kallaðar Naust og þess getið að heimildamaður þessarar lýsingar segi að þau hafi verið hlaðin úr grjóti. Þar kemur líka fram að þegar Ólafur Olavius var þarna á ferð um 1779 hafi verið þarna 9 tóftir og munnmæli að þarna hafi verið fastur verslunarstaður Þjóðverja, þ.e. Hansakaupmanna sem að sigldu til Íslands fram til loka 16. aldar (Örnefnaskrá Selness 2, 2-3).

**Selnes-1803-207**

**Sérheiti:** Fornubúðatættur, Naust

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, náttúrulegt

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 30m frá sjó og ekki taldar í hættu.

**Staðhættir**

Syðst og austast á Selnesi heitir Hvarf og austast í því eru minjar (**1803-205, 206 og 207**) sem nefndar eru í örnefnaskrám Fornubúðatættur eða Naust. Tóftirnar eru um 460m suðaustur af bænum. Um 13m vestan við tóft (**1803-206**) eru þúfur í sléttu en smáþýfðu graslendi, mögulega aflöng gömul tóft eða bara náttúruleg myndun.

**Lýsing**

Meint tóft snýr norður/suður og er 5x9,5m að utanmáli. Hún er mögulega tvískipt. Veggir eru þýfðir og algrónir grasi og mosa. Þeir eru jarðsokknir og aðeins 10-20cm háir og 1-1,5m á breidd. Óvíst er hvort þetta er tóft eða náttúruleg myndun.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Sunnan við Höfða dregur í hvilft. Þar heitir Hvarf. Í Hvarfinu ganga Fornubúðaklappir í sjó fram. Við þær er mjög aðdjúpt. Fornubúðatættur eru vestan til í Hvarfinu (Ath.: Fornubúðatættur munu vera það sama og Margeir nefnir Naust í lýsinu sinni. Hvorki Sigríður né Jón kannast við það heiti). Sagnir herma að þarna hafi Hansamenn haft bækistöð sína fyrr á öldum og hafi þeir lagt skipum sínum að klöppunum.“ (Örnefnaskrá Selness, 5-6). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar eru tóftirnar kallaðar Naust og þess getið að heimildamaður þessarar lýsingar segi að þau hafi verið hlaðin úr grjóti. Þar kemur líka fram að þegar Ólafur Olavius var þarna á ferð um 1779 hafi verið þarna 9 tóftir og munnmæli að þarna hafi verið fastur verslunarstaður Þjóðverja, þ.e. Hansakaupmanna sem að sigldu til Íslands fram til loka 16. aldar (Örnefnaskrá Selness 2, 2-3).



**Mynd 57. Þýskaleiði (1803-208) á bakkanum suðaustan við Selvík. Horft er til norðvesturs.**

**Selnes-1803-208**
**Sérheiti:** Þýskaleiði
**Hlutverk:** Óþekkt, leiði
**Tegund:** Þúst
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka sem brýtur af.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum tæplega 50m suður af tóft (**1803-207**) og rúmlega 480m suðaustur af íbúðarhúsinu á Selnesi er þúst.

**Lýsing**

Þústin er nokkuð áberandi 1x1,5m að utanmáli og um 50cm há. Hún er grasi gróin en í austur hlið hennar eru fjórir steinar. Hlutverk er óvíst en hún virðist a.m.k. vera manngerð.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Sunnan á nesinu, þar sem það rís hæst, rétt ofan við Hvarfið, er svokallað Þýzka leiði. Þar sér enn merki legstaðar, sem hlaðinn hefur verið upp af grjóti og torfi. Sagt er, að þar hvíli þjóðverji frá dögum Hansakaupmanna.“ (Örnefnaskrá Selness, 5). Í örnefnaskrá Margeirs Jónssonar segir að á Þýskaleiði hafi áður verið trékross sem var öðru hvoru endurnýjaður (bls. 4).



**Mynd 58. Lendingin (1803-209) var í sandfjörunni í Selvík og hægt var að lenda "víðast hvar" um fjöruna. Grettistakið á myndinni er austast í víkinni.**

**Selnes-1803-209**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild

**Staðhættir og lýsing**

Samkvæmt heimildum var lent „víðast hvar“ í sandfjörunni sem er í Selvíkinni. Smábátahöfn með bryggju og sjóvarnargarði er í víkinni, nokkru austar þar sem fjaran og lendingin voru áður.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá Selness segir: „Austan við Selvík er Grettistak, stór steinn á klettastalli, sem skagar fram í sjó. Tvö smá klettavik eru rétt vestan við Grettistak. Annars er ægissandur í sjálfri víkinni og lent þar víðast hvar.“ (Örnefnaskrá Selness, 4). Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir um lendinguna: „Selvík var lífhöfn í öllum norðan- og norðaustanáttum en þó gat lagt kviku inn á víkina í stórbrimum því að djúpt er út af sjálfu nesinu. Þar var helsti útróðrarstaður á Skaga og þar bjó Kolbeinn ungi skipaflota sinn og lagði upp til Flóabardaga að morgni Jónsmessudags 24. júní 1244.“ (bls. 100).



**Mynd 59. Steinsteypt plata og timburleifar fiskmóttökuskúrs (1803-210). Horft er til asa.**

**Selnes-1803-210**
**Sérheiti:** Claessensskúr?
**Hlutverk:** Fiskmóttökuskúr, híbýli, saltfiskvinnsla, verslun
**Tegund:** Steyptur grunnur
**Hættumat: Engin hætta.**
**Staðhættir**
Norðan við veginn sem liggur að höfninni í Selvík, um 15m frá sjávarbakkanum og 150m suðaustur frá íbúðarhúsinu í Selvík er steypt plata, grunnur fiskmóttökuskúrs sem þar stóð.
**Lýsing**
Grunnurinn er rúmlega 4x5m að utanmáli og snýr asa/ssv. Sprungur eru í plötunni og í þeim vex gras en stærð og lögun er vel greinileg. Við hliðina á plötunni eru leifar timburgrindar, líklega úr skúrnum. Þetta eru líklega leifar fiskmóttökuskúr Valgarðs Claessen kaupmanns á Sauðárkróki. Sá skúr var síðar í eigu Sigtryggs Jóhannssonar sem var með fisksöltun í hluta hússins og Vigfúsar Magnússonar sem að bjó í hinum hlutanum. Skúrinn stóð uppi fram eftir 20. öldinni og er mynd af honum í fyrra bindi Sögu Sauðárkróks, nr. 67. Þar sést að a.m.k. einar dyr hafa snúið mót suðaustri. Samkvæmt heimildamanni var var búðarborð í húsinu (Munnl. heimild: Daníel Helgason 19.12.16). Húsið fauk í vondu veðri 2. febrúar 1991 (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 06.1.17).
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Hér áður var mikið útræði úr Selvík. (...) Einnig hafði þar fiskmóttöku Valgarð Claessen, kaupmaður á Sauðárkróki, en hann var hættur, þegar Sigríður fór að muna eftir sér. (...) Sjóbúðirnar stóðu uppi á bakkanum, Classensskúr stóð vestast. Hann var áður fisktökuhús Valgarðs Claessens, kaupmanns á Sauðárkróki. Síðar saltaði Sigtryggur á Hóli sinn fisk í nyrðri enda skúrsins. Í hinum endanum var íbúð og bjó þar Vigfús Magnússon, þegar Sigríður man eftir. Hann var þar allt árið.“ (Örnefnaskrá Selness, 4-5). Í örnefnaskrá Selness segir: „Í Selvík komu menn víða að til sjóróðra og lögðu þeir upp hjá Popp eða Gránufélaginu. (...) Gert var eingöngu út að sumar- og haustlagi. Fiskur fór ekki að ganga á grunn fyrir norðan fyrr en í maí-júní. Stundum var róið fram yfir áramót, ef vel viðraði.“ (Örnefnaskrá Selness, 4). Í fasteignamati 1916-18: „Fisktökuhús. Fylgiskj. 35 og 41. Eigendur: Sigtryggur Jóhannss. og Vigfús Magnúss. Timburskúr með pappaþaki 18+7+4 ½ al. Metin kr. 300.“ (www.myndir.handrit.is. (245) 0121r. Skoðaður þann 20. 06.16).

**Selnes-1803-211**
**Hlutverk:** Fisktökuhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá er þess getið að skúr hafi verið austan við Claessensskúr (mögulega **1803-207**).

**Lýsing**
Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en á þessum slóðum liggur nú vegurinn niður að höfninni í Selvík. Samkvæmt heimildamanni voru fiskmóttökuhús sem stóðu í Selvík síðar flutt á Sauðárkrók og stóðu austan við Miklagarð, þar sem nú er gistiheimili við Kirkjutorg (Munnl. heimil. Ingólfur Sveinsson 28.01.16). Hnit var tekið af loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Skammt austan Classensskúrs var skúr Gunnars Eggertssonar, föður Sigríðar. Hann var eingöngu fisktökuhús.“ (Örnefnaskrá Selness, 5).

**Selnes-1803-212**
**Sérheiti:** Gránufélagsskúrinn
**Hlutverk:** Fisktökuhús, verbúð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að austan við Claessensskúr (mögulega **1803-207**) hafi verið fiskmóttökuhús Gunnars Eggertssonar og þar austan við var Gránufélagsskúrinn (bls. 5).
**Lýsing**
Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en á þessum slóðum liggur nú vegurinn niður að höfninni í Selvík. Hnit var tekið af loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Skammt austan Classensskúrs var skúr Gunnars Eggertssonar, föður Sigríðar. Hann var eingöngu fisktökuhús. Næst austan hans var Gránufélagsskúrinn. Suðausturhluti hans var fisktökuhús, en í hinum enda hans var íbúð vermanna.“ (Örnefnaskrá Selness, 5). Samkvæmt heimildamanni voru fiskmóttökuhús sem stóðu í Selvík síðar flutt á Sauðárkrók og stóðu austan við Miklagarð, þar sem nú er gistiheimili við Kirkjutorg (Munnl. heimil. Ingólfur Sveinsson 28.01.16).

**Selnes-1803-2 13**
**Hlutverk:** Fisktökuhús, verbúð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Fiskmóttökuskúr og íbúð vermanna hjá Poppsverslun var austan við Gránufélagsskúrinn (bls. 5).
**Lýsing**
Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en á þessum slóðum liggur nú vegurinn niður að höfninni í Selvík. Hnit var tekið af loftmynd og má gera ráð fyrir allt að 30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Austan við Gránufélagsskúrinn var tvílyft hús, sem Popp átti. Það var stærsta húsið. Fiskmóttaka var niðri, en uppi svefnloft vermanna.“ (Örnefnaskrá Selness, 5). Samkvæmt heimildamanni voru fiskmóttökuhús sem stóðu í Selvík síðar flutt á Sauðárkrók og stóðu austan við Miklagarð, þar sem nú er gistiheimili við Kirkjutorg (Munnl. heimil. Ingólfur Sveinsson 28.01.16).

**Selnes-1803-214**
**Hlutverk:** Geymsla, verbúð
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá segir að á bakkanum upp af lendingunni í Selvík hafi verið nokkur fisktökuskúrar og íbúðir vermanna og austan þeirra var hús í eigu L. Popp.
**Lýsing**
Nákvæm staðsetning er ekki þekkt en á þessum slóðum liggur nú vegurinn niður að höfninni í Selvík. Samkvæmt heimildamanni var þessu húsi rutt um þegar að vegurinn var lagður að höfninni (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 19.12.16). Punktur var tekinn eftir lýsingu og gera má ráð fyrir allt að 30m skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Austan við Gránufélagsskúrinn var tvílyft hús, sem Popp átti. Það var stærsta húsið. Fiskmóttaka var niðri, en uppi svefnloft vermanna. Rétt austan við þetta hús átti Popp annað hús, minna. Var hús þetta fyrir fanggæzlu Ísfirðinganna og þar mötuðust þeir einnig. Auk þess voru í húsi þessu rúm fyrir fjóra menn. Hinir sváfu uppi á loftinu í stóra húsinu.“ (Örnefnaskrá Selness, 5). Samkvæmt heimildamanni var eitt þeirra húsa sem hurfu vegna vegagerðar bárujárnsklætt og síðast notað sem geymsla fyrir bát (Munnl. heimild: 19.12.16).

**Selnes-1803-215**
**Hlutverk:** Fisktökuhús
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Í fasteignamati frá 1916-1918 er skráð fisktökuhús í eigu H.S.Ý.V. eða Hinna Íslensku Verslana. Óvíst er hvar þetta er hús hefur staðið en mögulega hafa Hinar íslensku verslanir keypt fisktökuhús sem var fyrir í Selvíkinni því þær voru stofnaðar eftir að Popp og Gránufélagið hættu starfsemi.
**Aðrar upplýsingar**
Í fasteignamati 1916-18: „Fiskitökuhús. Fylgkiskj. 36 og 41. Eigandi H/F H.S.Ý.V. Sauðárkrók. Timburskúr með pappaþaki 21x12x3 ½ al.“ (www.myndir.handrit.is. (245) 0121r. Skoðaður þann 20. 06.16).

**Selnes-1803-216**
**Hlutverk:** Fistöku og salthús
**Staðhættir og lýsing**
Í fasteignamati frá 1916-1918 er skráð timburskúr í eigu Höephners verslunar á Sauðárkróki. Óvíst er hvar þetta er hús hefur staðið en mögulega hefur Höephners verslun keypt skúr sem var fyrir við Selvíkina því þær voru stofnaðar eftir að Popp og Gránufélagið hættu starfsemi.
**Aðrar upplýsingar**
Í fasteignamati 1916-18: Fylgiskj. 37 og 41. Eigandi: C. Höephners verslun Sauðárkrók. Timburhús með pappaþaki og lofti, tveir timburskúrar með pappaþaki og timburskúr með járnþaki (www.myndir.handrit.is. (245) 0121r. Skoðaður þann 20. 06.16).



**Mynd 60. Minjar sögunargryfju (1803-217) við Selvík. Það sér í grjóti í hlið gryfjunnar, til vinstri. Horft er til norðausturs.**

**Selnes-1803-217**
**Hlutverk:** Sögunargryfja
**Tegund:** Niðurgröftur-hleðsla
**Hættumat: Engin hætta.**
Niðurgröfturinn er norðan við veginn niður að smábátahöfninni og er ekki í hættu vegna landbrots.
**Staðhættir**
Norðan við veginn niður að höfninni í Selvík um 140m suðaustur af íbúðarhúsinu á Selnesi og tæplega 30m vestur af grunni (**1803-207**) er niðurgröftur leifar sögunargryfju.
**Lýsing**
Gryfjan snýr austur/vestur, er 2x3m að utanmáli og um metri á dýpt. Það sér í grjóthleðslu í hliðum gryfjunnar og í botni hennar liggur grjót sem mögulega er hrun úr hleðslunni. Annars er gryfjan grasi og mosa gróin.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Uppi á bakkanum má enn greina djúpa holu rétt við veginn og eru það minjar um sögunargryfju sem notuð var við að fletta rekaviðartrjám.“ (bls. 101).

**Selnes-1803-218**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.** Niðurgröfturinn er norðan við veginn niður að smábátahöfninni og er ekki í hættu vegna landbrots.
**Staðhættir**
Norðan við veginn niður að höfninni í Selvík rúmlega 120m suðaustur af íbúðarhúsinu og tæplega 40m norður af sögunargryfjunni (**1803-217**) er önnur gryfja eða niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er 2,5x3,5m að utanmáli og um 70-80cm djúpur. Hlutverk er ekki þekkt.

**Selnes-1803-219**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Engin hætta.** Niðurgröfturinn er norðan við veginn niður að smábátahöfninni og er ekki í hættu vegna landbrots.
**Staðhættir**
Norðan við veginn niður að höfninni í Selvík rúmlega 120m suðaustur af íbúðarhúsinu og tæplega 40m norður af sögunargryfjunni (**1803-217**) er önnur gryfja eða niðurgröftur (**1803-218**) og 12m suðaustan við hana enn annar niðurgröftur.

**Lýsing**
Niðurgröfturinn er tæpir 2m í þvermál en erfitt að meta dýpt en hún er a.m.k. 80cm. Hlutverk er óþekkt.

**Selnes-1803-220**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Engin hætta.** Garðlagið er norðan við veginn niður að smábátahöfninni og er ekki í hættu vegna landbrots.
**Staðhættir**
Norðan vegarins sem liggur niður að höfninni í Selvík er garðlag. Það liggur frá veginum til norðurs og beygir svo til vestnorðvesturs í stefnu heim að bæ á Selnesi.
**Lýsing**
Garðlagið er í tveimur hlutum og er samtals um 116m. Það er grasi gróið og þegar skráning fór fram í byrjun september 2016 var mikill gróður umhverfis garðlagið og það var ekki mjög greinilegt. Það er um 30cm hátt og um 1,3m á breidd. Rás eða niðurgröftur er meðfram garðlaginu beggja vegna, hugsanlega eftir efnistöku.

**Selnes-1803-221**
**Hlutverk:** Sporvagn og spil
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Spor lágu eftir sneiðingnum sem liggur niður í Selvíkina frá norðaustri til suðvesturs og eftir þeim var dreginn vagn til þess að flytja vörur neðan úr víkinni. Spil var ofan við sneiðinginn og var það notað til þess að draga vagninn. Sporvagninn var enn í notkun 1947. Þessar minjar eru nú horfnar en sneiðingurinn sést greinilega. Samkvæmt heimildamanni er vagninn grafinn í fjörunni neðan við sneiðinginn (Munnl. heimild: Ingólfur Sveinsson 19.12.16).
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Eftir að póstbátur og strandferðaskip fóru að koma á höfnina gekkst sýslunefnd fyrir því að gera járnbrautarspor af bakkanum niður í víkina og var síðan varningur og sjávarafli dreginn upp á streng.“ (bls. 101).

**Selnes-1803-222**
**Hlutverk:** Skurður
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Í Selvík bjó Kolbeinn ungi flota sinn fyrir Flóabardaga. Sagnir herma, að hann hafi grafið skurð þvert yfir nesið (þ.e. Selnessnes) til varna gegn óvinum sínum. Sést skurður þessi eða merki hans enn þann dag í dag.“ (Örnefnaskrá Selness, 5).
**Lýsing**
Skurðurinn fannst ekki við skráningu 2016 og vissu viðmælendur ekki hvar hann hefði verið.

**Selnes-1803-223**
**Hlutverk:** Brunnur
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í örnefnaskrá Selness segir: „Smá uppspretta spratt út úr bakkanum upp af Selvík. Þar tóku vermenn vatn sitt á sumrum.“ (Örnefnaskrá Selness, 5).
**Lýsing**
Uppsprettan fannst ekki við skráningu haustið 2016.

## Selá/Akur söguágrip

Jörundur Þorsteinsson biskup á lagði hálfa Selá í stofngjöf til Reynistaðaklausturs árið 1295 og var landskuld hennar þá 7,5 vættir skreiðar.[126] Í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 segir að Hólastaður eigi „Selá hálfa með rekum og flutningum."[127]

Árið 1703 var jörðin í eyði[128] og einnig árið 1709 og hafði verið „næstliðið ár". Dýrleiki var þá sagður óviss á stólspartinum en 7 eða 7,5 hundruð á parti klaustursins.[129] Árið 1686 var jörðin í heild metin 13 h og 80 álnir en 1695 á 12 hundruð.[130] Í jarðabók frá 1709 segir að jarðardýrleiki stólspartsins sé óviss en á þeim parti er tilheyrði Reynistaðaklaustri var hann 7 eða 7,5 hundruð. Á Nýtt jarðamat var gert 1861 og var jarðamatið þá 12,8 hundruð.[131]

Í jarðabókinni 1709 segir að rekavon sé lítil og heppnist sjaldan. Heimræði megi varla teljast „þó hafa menn bragðað að fleyta bát, stundum á sumur í bestu veðuráttu."[132]

Um miðja 19. öld var Akur byggður úr landi Selár og telst helmingur jarðarinnar og er land jarðanna óskipt að undanskilju túni. Akur fór í eyði 1948 og jörðin var eftir það nytjuð frá Selá.[133] Nú eru báðar jarðirnar nytjaðar frá Hvalnesi.[134]

**Hjáleiga**

Osthvammur eða Oddshvammur var hjáleiga frá Selá „byggð fyrir manna minni í úthögum, og varaði byggðin inn til næstu 19 ára, síðan í auðn."[135]

---

[126] Íslenskt fornbréfasafn II, 301.
[127] Íslenskt fornbréfasafn III, 280.
[128] Manntalsvefur Þjóðskjalsafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
[129] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 15.
[130] Björn Lárusson, 245.
[131] Ný jarðabók 1861, 109.
[132] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 16.
[133] Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 104.
[134] Munnleg heimild: Egill Bjarnason, Hvalnesi. September 2016.
[135] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 16.

## Fornleifaskráning

**Selá-1803-224**
**Hlutverk:** Fisktökuhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er sunnan við árgil Selár og er ekki í hættu vegna landbrots.
**Staðhættir**
Á suðurbakka Selárgils, næst sjónum, rétt tæpa 50m norður af þjóðveginum um Skaga er tóft sem í I. bindi Byggðasögu Skagafjarðar er sögð grunnur fiskmóttökuskúrs.




**Lýsing**
Tóftin er 4x4,5m að utanmáli og snýr norður/suður. Veggir eru grasi, mosa og lyngi grónir en sér í grjót í veggjum. Þeir eru 20-30cm háir og um metri á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi segir: „Seláin fellur í djúpu gili skammt norðan við bæinn. Ekrur kallast fjaran sunnan við ána. Þar er örstutt sandfjara eða smámöl og góð lending í hægu veðri. Bændur á Selá og Akri höfðu hér oft báta sína meðan gott var og drógu þá undan sjó upp í brekkuna en annars var miklu betra lægi úti í Selvík. Fisktökuhús var byggt uppi á bakkanum og sér ennþá grunn þess.“ (bls. 105).


**Mynd 61. Ekran (1803-225) vinstra megin við ós Selár. Horft er til NNV.**

**Selá-1803-225**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Lending var í fjörunni sunnan við ósa Selár sem kallast Ekrur. Hnit var tekið af loftmynd. En engar leifar uppsáturs fundust þar en gata liggur vesturs úr fjörunni og upp á gilbarminn.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi segir: „Seláin fellur í djúpu gili skammt norðan við bæinn. Ekrur kallast fjaran sunnan við ána. Þar er örstutt sandfjara eða smámöl og góð lending í hægu veðri. Bændur á Selá og Akri höfðu hér oft báta sína meðan gott var og drógu þá undan sjó upp í brekkuna en annars var miklu betra lægi úti í Selvík.“ (bls. 105).

**Selá-1803-226**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Mikil hætta.** Þegar hefur brotið af þeim enda götunnar sem liggur að sjó.

**Staðhættir**
Á loftmynd sést gata liggja frá klettunum sem eru ofan við fjöruna og til vesturs upp á gilbarminn og eftir honum áfram í vesturátt þaðan sem hún hefur örugglega legið heim að bæ. Gatan var mæld upp af loftmynd og er 320m löng.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar I. bindi segir: „Seláin fellur í djúpu gili skammt norðan við bæinn. Ekrur kallast fjaran sunnan við ána. Þar er örstutt sandfjara eða smámöl og góð lending í hægu veðri. Bændur á Selá og Akri höfðu hér oft báta sína meðan gott var og drógu þá undan sjó upp í brekkuna en annars var miklu betra lægi úti í Selvík. (...) Vegarslóði lá úr fjörunni upp brattan gilbarminn í sneiðingum og mátti fara niður með hesta en er nú ófært orðið vegna þess að brim svarf neðar úr brekkunni í Flateyrarhvellinum 26. október 1995. “ (bls. 105).

**Selá-1803-227**
**Hlutverk:** Rétt, stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**
**Staðhættir**
Sunnan undir hóli, á háum sjávarbakka um 860m austur af íbúðarhúsinu á Selá og rúmlega 40m norðaustur af þjóðveginum um Skaga er tóft.




**Lýsing**
Tóftin liggur norðvestur/suðaustur og er hóllinn nýttur sem norðaustur veggur. Hún er 4,5x8,5m að utanmáli, grasi gróin og vel greinileg en veggir svolítið hrundir. Þeir eru 30-60cm háir og um metri á breidd. Hlið hefur verið til suðausturs. Af útliti að dæma hefur verið lítil rétt þarna eða einhvers konar aðhald fyrir skepnur.


**Mynd 62. Gata (1803-228) í landi Selár, rétt neðan þjóðvegar. horft er til suðausturs.**

**Selá-1803-228**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja á köflum mjög nálægt háum sjávar-bökkum og geta verið í hættu vegna landbrots eða hruns.
**Staðhættir**
Gata liggur með bökkunum frá Fossá að Selá í norðri.
**Lýsing**
Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd. Á köflum liggur hún frekar tæpt og er þar í hættu vegna landsbrots, t.d. í landi Hvammkots en víðast er hún nokkuð frá sjó og ekki í neinni

hættu. Hún er um 2km á lengd. Mögulega mætti rekja götuna lengra en þar er hún utan við skilgreint skráningarsvæði svo ekki var farið í þá vinnu. Gatan er rofin á einum stað.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér lá fyrrum vegurinn eftir bökkunum og var vað á Fossánni rétt ofan við Hrauntóftirnar.“ (bls. 117). Gatan er einnig skráð í landi Hóls (**1803-231**) og Hvammkots (**1803-232**).

**Selá-1803-229**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 30m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Rúmlega 150m suðaustur frá tóft (**1803-227**) er niðurgröftur í lágan grasi og lyngi vaxin hól.

**Lýsing**

Í hólnum er aflangur niðurgröftur sem snýr norður/suður og er 0,7x2m að utanmáli. Hann er 40-60cm djúpur og grasi gróinn. Hlutverk er óljóst en holan virðist manngerð.

**Mynd 63. Niðurgröftur (1803-229) í lágan hól. Horft er til norðurs út í Selvík.**






**Selá-1803-230**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 5m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um 5m norðan við merkin milli Selár og Hóls er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er eitt hólf, 5,5x5,5m að utanmáli. Hún er grasi gróin og svolítið þýfð en slétt að innan. Veggir eru 30-40cm háir og rúmlega 110cm á breidd.

## Hóll söguágrip

Hóls er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og átti biskupsstóllinn þá „í Hóli þrjá hluti í viðrekum, hvalrekum og flutningum en fjórðung í landinu hálfu. Aftar í skjalinu segir Hólastaður á Hól með öllum gögnum.“[136] Í skjali frá 1432 segir „Illugi Björgólfsson gefur heilagri Hólakirkju og Jóni biskupi Vilhjálmssyni þrjá hluti í jörðunni Hóli á Skaga með öllum gögnum og gæðum, og vill ekki neitt fyrir taka, nema umbun af guði og ýmsum guðs helgum mönnum, og þar á meðal hinum góða Guðmundi biskupi.“[137]

Jarðardýrleiki var metinn 10 hundruð árin 1686 og 1695[138] en 1709 sagður óviss og tíundast eins og aðrar jarðir stólsins.[139] Matið var hækkað í 11,4 hundruð þegar nýtt jarðamat var gert 1861.[140]

Í jarðabók 1709 segir að heimræði sé ekkert, rekavon lítil og varla teljandi.[141] Í fasteignamati 1916-1918 segir að viðarreki sé nokkur en engin lending. Hóll átti fjörubeit í Hvammkotslandi á móti slægjum vestur í heiði.[142]

## Fornleifaskráning

**Hóll-1803-231**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á köflum í hættu vegna landbrots en meiri hluti hennar er ekki í neinni hættu.
**Staðhættir**
Gata liggur með bökkunum frá Fossá að Selá í norðri.
**Lýsing**
Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd. Á köflum liggur hún frekar tæpt og er þar í hættu vegna landsbrots, t.d. í landi Hvammkots en víðast er hún nokkuð frá sjó og ekki í neinni hættu. Hún er um 2km á lengd. Mögulega má rekja götuna lengra en þar er hún utan við skilgreint skráningarsvæði svo ekki var farið í þá vinnu.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér lá fyrrum vegurinn eftir bökkunum og var vað á Fossánni rétt ofan við Hrauntóftirnar.“ (bls. 117). Gatan er einnig skráð í landi Selár (**1803-2228**) og Hvammkots (**1803-232**).

[136] Íslenskt Fornbréfasafn III, 280, 285.
[137] Íslenskt Fornbréfasafn III, 510.
[138] Björn Lárusson, 245.
[139] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 17.
[140] Ný jarðabók 1816, 109.
[141] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 17.
[142] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.

## Hvammkot (Hvammur) söguágrip

Ein þeirra jarða sem Jörundur biskup Þorsteinsson lagði í stofngjöf til Reynistaðaklausturs 1295 var Hvammur og segir í nafnaskrá (registri) að líklega sé Hvammur sama jörð og Hvammkot á Skaga.[143] Hún kemur næst fyrir í Sigurðarregistri frá 1525 þar sem segir að Reynistaðaklaustur eigi „Reka allan með kothvammi og til Rauðalækjar.“ [144] Árið 1556 voru kúgildi 1,5 og landskuld 1,5 vættir.[145]

Hvammkot var að fornu metið á 5 hundruð[146] en þegar nýtt jarðamat var gert 1861 var matið hækkað í 7,1 hundruð.[147]

Í jarðabókinni 1709 segir að rekavon sé lítil og heppnist sjaldan, heimræði sé varla teljandi en ábúandi hafi þó haft bát um hásumar „en látið hann ganga annarsstaðar á haust.“ Ábúandi hafði þá ekkert skip.[148] Í fasteignamati frá 1916-1918 segir að fjörubeit sé nokkur og trjáreki en engin lending.[149]

## Fornleifaskráning



**Mynd 64. Myndin er tekin frá Hvammkoti og yfir i Hólsland. Merkjagirðing sést á myndinni. Gamla gatan (1803-232) er neðst á mynd og liggur áfram til norðurs meðfram bökkunum. Horft er til norðurs.**

**Hvammkot-1803-232**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Hætta.** Gatan er á köflum í hættu vegna landbrots en meiri hluti hennar er ekki í neinni hættu.
**Staðhættir**
Gata liggur með bökkunum frá Fossá að Selá í norðri.
**Lýsing**
Gatan var að hluta mæld á vettvangi og að hluta teiknuð af loftmynd. Á köflum liggur hún frekar tæpt og er þar í hættu vegna landsbrots, t.d. í landi Hvammkots en víðast er hún nokkuð frá sjó og ekki í neinni hættu. Hún er um 2km á lengd. Mögulega má rekja götuna lengra en þar er hún utan við skilgreint skráningarsvæði svo ekki var farið í þá vinnu.

[143] Íslenskt fornbréfasafn II, 300, 963.
[144] Íslenskt fornbréfasafn IX, 321.
[145] Íslenskt fornbréfasafn XIII, 141.
[146] Björn Lárusson, 246; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 17; J. Johnsen, 254;
[147] Ný jarðabók 1861, 109.
[148] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 18.
[149] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðaður 01.12.16.

**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Hér lá fyrrum vegurinn eftir bökkunum og var vað á Fossánni rétt ofan við Hrauntóftirnar.“ (bls. 117). Gatan er einnig skráð í landi Hóls (**1803-231**) og Selár (**1803-228**).



**Mynd 65. Lendingin (1803-233) var í Hvammkotsvík. Hún var ekki góð en fjörubeit og reki voru nokkur.**

**Hvammkot-1803-233**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**
Hvammkotsvík er næsta vík, vestan Fossáróss. Samkvæmt heimildum var lendingin þar en ekki góð. Hnit var tekið af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fossáin afmarkar suðurhluta Hvammkotslands. Hún rennur til sjávar sunnan undir dálitlum klettahöfða. Norðan hans er Hvammkotsvík. Þaðan var heimræði en lending ekki góð, hins vegar var fjörubeit ágæt og fjaran helsti kostur jarðarinnar. Hún varð líka ástæða þess að Reynistaðarklaustur lagði sig eftir að eignast jörðina. Rekavon var þar alltaf nokkur þótt erfitt væri að bjarga undan sjó.“ (bls. 117).

**Hvammkot-1803-234**
**Sérheiti:** Hrauntóftir
**Hlutverk:** Stekkur
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.**
Sjórinn hefur brotið af tóftinni að norðan og norðaustan og greinilegt að landbrot er mikið á þessu svæði.
**Staðhættir**
Upp af Hvammkotsvík og upp af lendingunni **(1803-233)**, á rana sem liggur norður með Fossá og endar í klettum fram í sjó en tóft. Rani þessi er grasi gróinn til suðurs en rofinn mót norðri af völdum sjávar, veðurs og vinda. Þar sem raninn er hæstur er stekkjartóft sem nefnist Hraunatóftir.




**Lýsing**
Brotið er af norðanverðri tóftinni og er aðeins hluti af öðru hólfinu eftir. Miðað við stærð virðist líklegt að króin sé horfin. Tóftin er 4,5x5,5m að utanmáli og hefur hlið verið við suðurhorn tóftar og snúið til suðausturs. Veggir eru 10-40cm háir og um metri á breidd. Þeir eru grasi grónir en sér í grjót í veggjum

**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hvammkots segir: „Hrauntóftir kallast lítið rústarbrot í grænum og grösugum hvammi niður við sjó. Þau álög fylgja hvammi þessum, að ekki má slá hann.“ (Örnefnaskrá Hvammkots, 1). Í örnefnalýsingu sem Gísli Magnússon skráði segir: „Hrauntóftir eru niður við sjó. Þar var fært frá.“ (Örnefnaskrá Hvammkots (B), V). Um stekkinn segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Milli Hvammkotsvíkur og Fossár gengur hamrarani eða höfði fram í sjóinn en nú er hann langt kominn með að rofna ofan við hamarinn svo að brátt verður kominn stapi út frá landinu. Á þessum rana er allstór stekkur, svokallaðar Hrauntóftir. Veggir eru grjóthlaðnir, um 9x5,5 m að utanmáli. Tóftirnar eru komnar á ystu brún og við það að falla í sjóinn.“ (bls. 117).

**Hvammkot-1803-235**
**Hlutverk:** Álagablettur
**Tegund:** Heimild
**Hættumat: Engin hætta.** Hvammurinn sem álagabletturinn er í er ekki talinn í hættu vegna landbrots í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Grasi gróinn hvammur eru við Fossá suðvestur af Hraunatóftum **(1803-234)** og er hann samkvæmt heimild álagablettur. Punktur var tekinn af loftmynd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá Hvammkots segir: „Hrauntóftir kallast lítið rústarbrot í grænum og grösugum hvammi niður við sjó. Þau álög fylgja hvammi þessum, að ekki má slá hann. Sé það gert, orsakast eitthvert tjón af því. Friðbjörn Björnsson bjó allan sinn búskap í Hvammkoti og sló hvamminn aðeins einu sinni. Gerði hann það fyrri hluta dags, og um miðjan dag, þegar hann hafði lokið við að borða, lagði hann sig til svefns, sem hann gerði þó ekki að jafnaði. Varla var hann sofnaður, þegar hann dreymir að kona kemur til hans með reiðilegum svip og segir: “Illa gerir þú að slá túnið mitt.“ „Var það túnið þitt?“ Þykist Friðbjörn segja. „Já,“ segir hún, og í þessu vaknaði hann. Friðbjörn lét aldrei raka hvamminn, en með einhverjum hætti sópaðist heyið burt og var horfið með öllu að 3 dögum liðnum. Þótti fólki það kynlegt.“ (Örnefnaskrá Hvammkots, 1).

**Hvammkot-1803-236**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í hallanum upp af Hrauntóftum virðast veggjahleðslur eða mannvirki á nokkru svæði, hugsanlega fiskreitir, en allt ógreinilegt vegna kafgresis á sumri.“ (bls. 117).
**Lýsing**
Engar minjar fundust á þessu svæði aðrar en stekkurinn en náttúrulegar rákir eru í brekkunni og líklegt að þær hafi verið taldar minjar í miklu grasi.

## Foss söguágrip

Hálf jörðin Foss var lögð til Reynistaðaklausturs árið 1295 og var landskuld þá fyrir hálfa jörðina 6 vættir skreiðar.[150] Árið 1389 gefur Benedikt Brynjólfsson bóndi Þórði Þórðarsyni presti jarðirnar Gauksstaði og Foss á Skaga „með öllum þeim gögnum og gæðum, sem Benedikt hafði fremst eigandi að orðið bæði til fjalls og fjöru“. Mátti sr. Þórður „sjálfur ráða hversu marga peninga hann legði Benedikt fyrir áður sagðar jarðir.“[151] Í jarðabók 1709 segir frá því að munnmæli geti þess að bænhús hafi verið að fornu og er hús skammt frá bænum sem nefnist Kirkjutóftarhús og Kirkjulág er í túni..[152]

Jarðamat Foss var að fornu 20 hundruð[153] en var hækkað í 28,5 árið 1861.[154]

Í jarðabók 1709 segir að rekavon sé lítil og heppnist sjaldan meir en til húsbygginga en heimræði sé og lending sæmileg „þó löng sé skipgatan.“[155] Í fasteignamati 1916-1918 segir að viðarreki sé nokkur en lendingin vond.[156]

**Hjáleiga**

Í jarðabók 1709 segir „ Ólafs hús, eyðihjáleiga byggð við túnið fyrir vel 20 árum og varaði byggðin fáein ár, hefur hvorki byggst áður né síðar. Landskuld meina menn engin hafi verið, fyrir því sá var náungi heimabóndans, er hjáleiguna byggði.“[157]

[150] Íslenskt fornbréfasafn II, 301.
[151] Íslenskt fornbréfasafn III, 442-443.
[152] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 18.
[153] Björn Lárusson, 246; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 18; J. Johnsen, 254.
[154] Ný jarðabók 1861, 109.
[155] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 18.
[156] Fasteignamat 1916-1918 undirmat; Skagafjarðarsýsla. Skoðað 01.12.16.
[157] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 19.

## Fornleifaskráning

**Foss-1803-237**
**Hlutverk:** Beitarhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 7m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Ytri-Fossvík er austan við ós Fossár og um hana eru merki milli Foss og Hvammkots. Í grónum hvammi upp af víkinni er beitarhúsatóft.
**Lýsing**
Tóftin er 7x12,5m að utanmáli og liggur nokkurn veginn austur/vesturs. Hún er grasi gróin en sér í grjót í veggjum sem eru nokkuð reglulegir en aðeins hrunið úr þeim. Þeir eru 40-50cm háir og rúmlega metri á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Niður við sjó voru beitarhús, á móti stekknum í Hvammkoti. Annars eru engin örnefni neðan við bæinn, þar eru einungis melar niður að sjávarbökkum.“ (Örnefnaskrá Foss, 4). Um beitarhúsið segir í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar: „Upp af Ytri-Fossvík, vestast í dálitlum hvammi, er tóft af stórum beitarhúsum, fáeina metra frá sjávarbakkanum, 7x13 m að stærð.“ (bls. 120).



**Mynd 66. Minjar við Syðri-Fossvík í landi Foss.**

**Foss-1803-238**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka og brotið er af þeim í báða enda.
**Staðhættir**
Fremst á litlu nesi austur af Syðri-Fossvík og vestan við merkin við Gauksstaði er garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er 11m langt og liggur nokkurn veginn austur/vestur og nær bakka á milli og hefur sjóinn brotið af báðum endum þess. Það er grasi gróið, 10-20cm hátt og rúmlega metri á breidd. Torfið í garðinn hefur að líkindum verið tekið beint suður af honum en þar eru tveir niðurgreftir 10-15cm djúpir og einn til 10m sunnar.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fossvíkur syðri og ytri ásamt Fosstapa. Skilja klettabríkur að víkurnar tvær. Norðurenda Tindastóls ber við loft en Ásnefnið gægist lengst fram til vinstri. Í Syðri-Fossvík er smámöl og sandur og sæmileg landtaka en varasamir steinar úti á víkinni. Ytri víkin er hreinni en þar er fjöruborð miklu lakara. Þarna var fyrrum útræði og ævagömul garðlög og tóftarbrot eru í eystri vanga gildrags upp frá Syðri-

Fossvíkinni, trúlega minjar eftir sjóbúðir, en garðlag girðir af norðasta oddann á móti Stapanum. Sjórinn hefur þegar brotið hluta af þessu minjum.“ (bls. 120).

**Foss-1803-239**
**Hlutverk:** Uppsátur, óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum austast í Ytri-Fossvík er niðurgröftur, mögulega uppsátur fyrir bát.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er 2x6m að utanmáli og liggur norðvestur/suðaustur. Hann er grasi gróinn og 20-50cm djúpur.

**Foss-1803-240**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 7m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum austast í Ytri-Fossvík er niðurgröftur, mögulega uppsátur fyrir bát **(1803-239)** og suðaustan við hann er annar niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er grasi gróinn, 4x7,5m að utanmáli og um 30cm djúpur. Hlutverk er óvíst en mögulega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.

**Foss-1803-241**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Hætta.** Gatan liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Gata virðist liggja að Ytri-Fossvík að austan. Hún liggur niður eftir smá dragi að sjávarbakkanum norðan við mögulegt uppsátur (**1803-239**).
**Lýsing**
Meint gata er grasi gróin og um metri á breidd rétt tæplega 30m löng. Hún liggur frá bílslóð, sem liggur eftir bökkunum í landi Foss og Gauksstaða, til norðvesturs í átt til sjávar. Ekki er hægt að rekja hana lengra til austurs en hún hefur mögulega legið á svipuðum stað og bílslóðin. Þarna gæti verið sjávargatan frá Fossi eða Gauksstöðum en samkvæmt heimild var lending í Ytri-Fossvík.
**Aðrar upplýsingar**
Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fossvíkur syðri og ytri ásamt Fosstapa. Skilja klettabríkur að víkurnar tvær. Norðurenda Tindastóls ber við loft en Ásnefnið gægist lengst fram til vinstri. Í Syðri-Fossvík er smámöl og sandur og sæmileg landtaka en varasamir steinar úti á víkinni. Ytri víkin er hreinni en þar er fjöruborð miklu lakara. Þarna var fyrrum útræði og ævagömul garðlög og tóftarbrot eru í eystri vanga gildrags upp frá Syðri-

Fossvíkinni, trúlega minjar eftir sjóbúðir, en garðlag girðir af norðasta oddann á móti Stapanum. Sjórinn hefur þegar brotið hluta af þessu minjum.“ (bls. 120).



**Mynd 67. Samkvæmt heimild var útræði úr Ytri-Fossvík (1803-242) og neðst á myndinni sést í niðurgröft, mögulega uppsátur (1803-239). Horft er til vnv.**

**Foss-1803-242**

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Samkvæmt heimild var lending í Ytri-Fossvík og á sjávarbakkanum upp af víkinni austanverðri er mögulega naust.

**Lýsing**

Hnit var tekið austanvert í víkinni en ekki er getið í heimildum um hvar lendingin var nákvæmlega.

**Aðrar upplýsingar**

Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fossvíkur syðri og ytri ásamt Fosstapa. Skilja klettabríkur að víkurnar tvær. Norðurenda Tindastóls ber við loft en Ásnefnið gægist lengst fram til vinstri. Í Syðri-Fossvík er smámöl og sandur og sæmileg landtaka en varasamir steinar úti á víkinni. Ytri víkin er hreinni en þar er fjöruborð miklu lakara. Þarna var fyrrum útræði og ævagömul garðlög og tóftarbrot eru í eystri vanga gildrags upp frá Syðri-Fossvíkinni, trúlega minjar eftir sjóbúðir, en garðlag girðir af norðasta oddann á móti Stapanum. Sjórinn hefur þegar brotið hluta af þessu minjum.“ (bls. 120).

## Utanverðunes á Hegranesi-söguágrip

Utanveðruness er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar sem átti „Með Utanverðunesi öll fjörugögn vestur að Jökulsárósi.“[158]

Árið 1713 hafði jörðin verið í eyði í um 6 ár[159] en 1703 bjó þar Þorbjörg Jónsdóttir ásamt tveimur börnum sínum.[160] Jarðardýrleiki var að fornu 40 hundruð[161] en með nýju jarðamati 1861 var hann lækkaður í 25,6 hundruð.[162]

Í jarðabók 1713 segir að heimræði sé „en brimsöm lending og verður að leggja inn á milli tveggja klappa.“ Stundum voru til forna 2-3 inntökuskip og guldu landeiganda lóðarfisk, meðalfisk af skipi.[163] Árið 1834 keypti Benedikt Vigfússon prestur á Hólum jörðina og fjórum árum síðar gerði hann hana að kristfjárjörð. Þann 10. mars 2005 samþykkti Alþingi að heimila stjórn Utanverðuneslegats að selja ábúandanum jörðina og árið 2006 keypti núverandi eigandi Heiðbjört S. Pálsdóttir hana.[164]

**Naustavík**

Í jarðabók frá 1713 segir um Naustavík: „Búðarstaða er hér sem Naustavík heitir, og lágu þar við þessir skipsmenn og lögðu sjálfir til búðarvið, og guldu ekki framan en áðurgreindan lóðarfisk hvorki fyrir það þó þeir styngi upp búðina eða rifu hrís til eldiviðar, og var þetta útræði vor og haust en ekki endranær. Ekki muna menn hvað lengi þetta varaði“.[165] Í örnefnaskrá segir að þarna hafi verið verstöð Hegranesbúa og hafi þar verið 7 verbúðir og jafnmargir bátar „í tíð elztu manna,“[166] Í manntali frá 1920 eru tveir skráðir til heimilis í Naustavík þau Jóstein Jónasson húsmaður og Guðmunda Sigurrós Sigurðardóttir húskona[167] en þau bjuggu þar frá 1915-1937 en þá fór býlið í eyði.[168]

---

158 Íslenskt fornbréfasafn III, 279.
159 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61-62.
160 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
161 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 61.
162 Ný jarðabók 1861, 99.
163 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 62.
164 Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 173.
165 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 62.
166 Örnefnaskrá Naustavíkur, 1.
167 Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. www.manntal.is. Skoðaður 17.12.16.
168 Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 185.

## Fornleifaskráning

**Utanverðunes 1803-243**
**Hlutverk:** Ferja
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Líklegt er að ferjan hafi verið á svipuðum stað og dragferjan (1803-244) sem síðar var sett á ósinn og var hnit tekið þar. Gera má ráð fyrir skekkju.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Líklegt er að ferjað hafi verið við Vesturósinn eða nálægt honum frá fyrstu tíð en elsta heimild um lögskipaða ferju á þessum stað er frá 1740. Þá var önnur skipuð frá Ási. Ennfremur var ákveðið að bændur Rípurhrepps skyldu leggja 20 álnir verðs til ferjanna en fá þess í stað frían flutning fyrir sig og sína. Árið 1875 var þessi tilskipun áréttuð og endurnýjuð vegna glundroða sem lengi hafði verið á ferjumálunum. Þá tók Magnús Árnason bóndi í Utanverðunesi að sér ferjustarfið en fljótlega fór Jón sonur hans að sinna ferjunni, fyrst sem unglingur til aðstoðar en síðan alfarið og gegndi til dauðadags 1914.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 177).




**Mynd 68. Til vinstri er Botna eldri og er myndin tekin um 1903. Botna yngri er til hægri og myndin tekin 1925 og sést í brúna yfir Vesturósinn sem er í smíðum. Myndirnar eru teknar við vesturósinn. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.**

**Utanverðunes 1803-244**
**Hlutverk:** Dragferja
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Samkvæmt heimild var dragferjan bundin í jarðfast bjarg utan við ferjumannsbyrgið. Nákvæmari staðsetning er ekki gefin en punktur var tekinn af loftmynd eftir lýsingu Hjalta Pálssonar sem hafði komið á staðinn með staðkunnugum (Munnl. heimild 07.10.16).
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Mikil bylting varð í ferjusiglingum við Ósinn þegar sýslunefnd lét smíða þar svonefnda dragferju. Var hún tekin í notkun árið 1892. Eftir það var hægt að ferja nokkra hesta með klyfjum í einni ferð í stað þess að sundreka þá eins og jafnan varð að gera áður. Dragferja var ný uppfinning á Íslandi, gerð með þeim hætti að vír var strengdur milli landa, festur í jarðfast bjarg utan við ferjumannsbyrgið að austan en bundinn í

stórt skipsandker sem grafið var ofann í sandinn á tanganum vestan megin. Vírnum var brugðið um láréttan vinduás með sveif á endanum og var þeim útbúnaði komið fyrir í stafni ferjunnar. Þegar sveifinni var snúið vatt vírinn upp á sig öðru megin en ofan af hinum megin svo að ferjan dróst að landi. Horfði hún jafnan á ská upp í strauminn.“ Ferjan var síðast notuð haustið 1925 en þá var brúin tekin í notkun (Byggðasaga Skagafjarðar V, 17-178).

**Utanverðunes 1803-245**
**Sérheiti:** Emmanuel
**Hlutverk:** Byrgi
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
**Aðrar upplýsingar**
Í örnefnaskrá segir: „Ósaklett nefna sumir klettinn, er brúin yfir Ósinn liggur af. Hún var byggð árið 1925. Ósahvammur er grashvammur sunnan við klettinn. Um 50 metrum norður frá klettinum var svifferja á Ósnum um 30 ára bil, áður en brúin var byggð, og höfðu ferjumenn þar kofa, er þeir nefndu Byrgi og kölluðu stundum Byrgishvamm. Fjöruna austan við Ósinn nefndi Jón heitinn Ósmann Furðustrandir.“ (Utanverðunes-Örnefnaskrá, 4).



**Mynd 69. Myndin er tekin við byrgi (1803-245) Jóns Ósmann á Furðuströndum. Jón er þriðji frá vinstri. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.**

**Utanverðunes 1803-246**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Götur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja á köflum á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Götur liggja meðfram sjávarbakkanum norðan við Furðustrandir og út að Naustavík.
**Lýsing**
Göturnar eru vel greinilegar og götur virðast almennt sjást nokkuð vel nyrst á Hegranesi. Næst sjónum er gata sem liggur nokkurn veginn norður/suður og er næstum 1,4km á lengd. Tvær götur liggja samsíða syðri helmingi götunnar og fylgja þær með í þessari skráningu.



**Mynd 70. Minjar við Naustavík á Hegranesi.**

## Utanverðunes 1803-247

**Sérheiti:** Naustavík

**Hlutverk:** Óþekkt, íshús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rúmlega 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Nyrsta tóftin liggur austur undir norðurenda hryggjarins.

**Lýsing**

Tóftin er um 5x5m að utanmáli og byggð upp við brekku. Veggir eru grasi og mosa grónir en grjóthleðslur sjást að vestan. Veggir eru 30-60cm háir og um 130cm á breidd. Dyr hafa snúið til austurs. Hlutverk er óvíst en miðað við útlit gæti tóftin mögulega hafa verið íshús án þess að nokkuð verði fullyrt um slíkt en einnig gæti þetta hafa verið sjóbúð. Suðvestan við tóftina er niðurgrafið svæði um 20cm djúpt og 3,5x7m að utanmáli. Þar gæti hafa verið tekið torf í tóftina.

**Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 185). Þar segir einnig frá sjóbúðum í eigu Hellulands og Hróarsdals: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einnig

skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum." (bls. 184).

**Utanverðunes 1803-248**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Rétt tæpa 50m suðvestan við bæjartóftirnar (1803-) er tóft eða tvær samliggjandi tóftir.
**Lýsing**
Óvíst er hvort um er að ræða eina aflanga tóft eða tvær minni samliggjandi tóftir en hér eru þær skráðar sem ein. Utanmál er 6x16m og liggur tóftin norður/suður. Annað hólfið er um 70cm hærra en hitt og er það ógreinilegra og veggir þess þýfðir. Tóftin er gróin, grasi, mosa og lyngi og virðist fremur gömul. Veggir eru 10-30cm háir og um 120cm há breidd. Engar dyr eru greinanlegar.

**Utanverðunes 1803-249**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rétt rúmlega 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Um 8m suður af tóft (**1803-248**) er tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er 6x10m að utanmáli. Veggir eru algrónir grasi og mosa og þýfðir. Þeir eru um 20cm háir og metri á breidd. Dyr hafa snúið til austurs. Austan við er niðurgröftur sem virðist mögulega yngri en tóftin.

**Utanverðunes 1803-250**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 20m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Suðvestan við bæjartóftirnar er gróinn hryggur sem liggur norður/suður. Á honum eru tóftir og eru að líkindum allar eldri en bæjartóftirnar. Beint austur af tóft (**1803-249**) er niðurgröftur.

**Lýsing**
Niðurgröfturinn er 50-200cm að utanmáli og snýr austur/vestur. Hann er grasi gróinn og 20-50cm djúpur. Hlutverk er óvíst.

**Utanverðunes 1803-251**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Sjóbúð, híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum rétt tæpa 20m vestur af bæjartóftinni er tóft sem líklega er af sjóbúð en mögulega lítill bær.
**Lýsing**
Tóftin er 10-11m að utanmáli og skiptist í fjögur hólf. Dyr eru greinanlegar á nyrsta hólfinu og snúa þær til austurs. Sunnan við eru þrjú hólf sem innangengt virðist á milli og mögulega hafa dyr verið á suðausturhorni tóftarinnar en þar er veggurinn svolítið rofinn. Veggir eru grasi grónir og hvergi sér í grjót. Þeir eru 10-50cm háir og um 1,5m á breidd. Mögulega er þetta tóft sjóbúðar frá Hellulandi en ekki er getið um það í byggðasögunni hvar hún stóð en sjóbúðin frá Hróarsdal varð hluti af bæ Jósteins Jónassonar frá Hróarsdal og sambýliskonu hans Guðrúnar Sigurðardóttur sem byggður var 1914.
**Aðrar upplýsingar**
Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einni skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).

**Utanverðunes 1803-252**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð
**Tegund:** Hleðsla, þúst
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og er þegar meirihluti þeirra horfinn í sjó.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum beint norðan við tóft (**1803-251**) er hleðsla eða þúst, líklega leifar tóftar sem er að mestu farin í sjó.
**Lýsing**
Hleðslan snýr austur/vestur og er um 6,5m löng. Hún er um 30cm há og grasi gróin. Þetta virðist vera suðurveggur mannvirkis sem er að mestu leyti farið í sjó. Í heimildum er getið um sjóbúðir frá Hróarsdal og Hellulandi sem voru í Naustavík um 1920 og er mögulegt að þetta sé sjóbúðin frá Hellulandi en sjóbúðin frá Hróarsdal varð hluti af bæ Jósteins Jónassonar frá Hróarsdals og sambýliskonu hans Guðrúnar Sigurðardóttur.

**Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einni skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).



**Mynd 71. Myndin er tekin framan við bæinn (1803-253) í Naustavík. Til vinstri á myndinni eru Jósteinn Jónasson og Guðmunda Sigurðardóttir ábúendur. Birt með leyfi Héraðsskjalasafns Skagfirðinga.**

**Utanverðunes 1803-253**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Híbýli
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar ná fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum við vestanverða Naustavík, vestan lækjarins sem rennur til sjávar í víkinni.

**Lýsing**

Tóftin er aflöng og snýr norður/suður og áfastur að sunnan er matjurtagarður. Tóftin er 10x20m (10x30m með matjurtagarðinum). Nyrst var fjárhús svo skemma, eldhús og baðstofa. Innra skipulag er fremur óljóst en nyrst er hólf og á því dyr til vesturs, hefur það verið fjárhúsið eða a.m.k. hluti af fjárhúsinu. En veggur þar sunnan við gæti verið garði. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót. Þeir eru eru 20-100cm háir og mest um 1,5m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Naustavík (65°46‘007/19°32‘810) er í landi Utanverðuness. Óvíst er hvort þar hefur nokkurn tímann verið venjuleg bújörð en sjóbúðir voru þar og útræði frá Utanverðunesi. Húsmennskuábúð var í Naustavík í rúmlega tvo áratugi á fyrri hluta 20. aldar og reyndar vísbending um ábúð um eða fyrir 1680.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 183). Þar segir ennfremur: „Jósteinn Jónasson frá Hróarsdal byggði bæ í Naustavík árið 1914 og settist þar að ári síðar. Hann var þá búinn að vera vinnumaður í mörg ár hjá Guðjóni og Guðrúnu í Vatnskoti ásamt Guðmundu Sigurðardóttur sem gerðist sambýliskona hans í Naustavík. Sjóbúðirnar voru vestan við lækinn. Jósteinn byggði við sjóbúð föður síns, Jónasar í Hróarsdal. Hún var notuð fyrir eldhús en svo byggði hann litla baðstofu við og var gengið í gegnum sjóbúðina inn í baðstofuna. Kjallarahola hefur verið þar undir. Norðan við baðstofuna var skemma með þilstafni sem notuð var fyrir geymslu og Jósteinn hafði fengið frá Sigurði Ólafssyni á Hellulandi. Hún var með þilstafni, þónokkurt herbergi. Hana fékk hann til geymslu. Fjárhús byggði Jósteinn norðan við Hellulandsskemmuna, hafði þar aldrei nema 10-20 kindur og enga kú, fékk alltaf mjólk í Nesi. Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og

grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 184-185).

**Utanverðunes 1803-254**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru hluti af tóft (**1803-253**) sem nær fram á sjávarbakka.
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Jósteinn Jónasson frá Hróarsdal byggði bæ í Naustavík árið 1914 og settir þar að ári síðar. Hann var þá búinn að vera vinnumaður í mörg ár hjá Guðjóni og Guðrúnu í Vatnskoti ásamt Guðmundur Sigurðardóttur sem gerðist sambýliskona hans í Naustavík. Sjóbúðirnar voru vestan við lækinn. Jósteinn byggði við sjóbúð föður síns, Jónasar í Hróarsdal.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 184).
**Lýsing**
Sjóbúð Jónasar er nú hluti af bæjartóftinni (**1803-253**). Hnit var tekið nokkurn veginn fyrir miðri tóft og gera má ráð fyrir skekkju að 5m. Sjóbúðinni var breytt i eldhús og byggð við hana baðstofa og skemma.

**Utanverðunes 1803-255**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Fjárhús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem að landbrots gætir.
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjárhús byggði Jósteinn norðan við Hellulandsskemmuna, hafði þar aldrei nema 10-20 kindur og enga kú, fékk alltaf mjólk í Nesi. Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 185).
**Lýsing**
Fjárhúsið var norðan við bæinn og hér er notuð sama lýsing og á bæjartóftinni í heild. Tóftin er aflöng og snýr norður/suður og áfast að sunnan er matjurtagarður. Hún er 10x20m (10x30m matjurtagarðinum). Nyrst var fjárhús svo skemma, eldhús og baðstofa. Innra skipulag er fremur óljóst en nyrst er hólf og á því dyr til vesturs, hefur það verið fjárhúsið eða a.m.k. hluti þess. En veggur þar sunnan við gæti verið garði. Veggir eru grasi grónir en sér í grjót. Þeir eru eru 20-100cm háir og mest um 1,5m á breidd.

**Utanverðunes 1803-256**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Matjurtagarður
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 17m frá sjávarbakka sem brýtur af.

**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við bæjartóftina (**1803-253**) er matjurtagarður 7,5x8,5m að innanmáli. Grónir veggir eru utan með honum 20-40cm háir og um 50cm á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Öll voru þessi hús á sama hólnum og kartöflugarður sunnan við bæinn, 8x8 m. Á löngum og grónum hrygg vestan við bæjartóftirnar má greina margar fornar húsatóftir.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 185).

**Utanverðunes 1803-257**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Norðurendi skurðarins er tæplega 20m frá sjávarbakka.
**Staðhættir og lýsing**
Sunnan við bæjartóftina er skurður sem liggur suðvestur/norðaustur og nær að læknum sem rennur til sjávar í Naustavík. Skurðurinn er 20-60cm djúpur og um 80cm breiður, grasi gróinn. Hann er grynnstur næst læknum.

**Utanverðunes 1803-258**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Naust
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Að sögn Leós var bátanaust uppi á bakkanum sunnan við víkina, rétt austan við lækinn, beint austur af bæjarhólnum. Þar er ein tóft (65°46‘020/19°32‘765) sem virðist af kofa eða sjóbúð en tæplega nausti. Stærð ca 5x5 m. Dyr snúa móti vestri. Hugsanlega eru tóftir naustanna horfnar ofan fyrir bakkann. Jafnan voru á þessum tíma 2 og 3 bátar í nausti á veturna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 184).
**Lýsing**
Engar nauststóftir fundust austan við lækinn en tóftin sem getið er í Byggðasögu sem mögulega er búðartóft eða skemma (**1803-259**).

**Utanverðunes 1803-259**
**Sérheiti:** Naustavík
**Hlutverk:** Sjóbúð, skemma
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru um 2m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er töluvert.
**Staðhættir**
Um 35m austan við bæjartóftina (**1803-253**) austan lækjar er tóft á sjávarbakkanum.
**Lýsing**
Tóftin snýr austur/vestur og er rúmlega 4x6m að utanmáli. Dyr hafa snúið til vesturs. Veggir eru grjóthlaðnir, mest 2 steinaraðir sem sjást vel en að öðru leyti er tóftin grasi grín. Veggir eru 20-30cm háir og mest um 1,5m á breidd. Miðað við útlit tóftar er frekar líklegt að þetta sé

sjóbúðartóft. Þetta gæti verið sjóbúð frá Hellulandi eða skemma Guðmundar Ólafssonar í Ási sem var austan við lækinn.

**Aðrar upplýsingar**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Að sögn Leós var bátanaust uppi á bakkanum sunnan við víkina, rétt austan við lækinn, beint austur af bæjarhólnum. Þar er ein tóft (65°46‘020/19°32‘765) sem virðist af kofa eða sjóbúð en tæplega nausti. Stærð ca 5x5 m. Dyr snúa móti vestri. Hugsanlega eru tóftir naustanna horfnar ofan fyrir bakkann. Jafnan voru á þessum tíma 2 og 3 bátar í nausti á veturna.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 184). Þar segir einnig:: „Leó Jónasson frá Hróarsdal, f. 1904, bóndi á Svanvatni reri úr Nautvík um og eftir 1920, bæði með línu og færi. Á þeim tíma áttu Helluland og Hróarsdalur þar sjóbúðir en Guðmundur Ólafsson í Ási átti þar einni skemmu austan megin við víkina. Annars reru Ásmenn frekast úr Garðskróknum. Jónas í Hróarsdal átti 12 stokka línu sem hékk þar í búðinni og synir hans notuðu. Róið var haust og vor, a.m.k. mánaðartíma á haustin og eftir veðri og vindum á vorin. Aflinn var að mestu til heimanota því að víða var margt í heimili. Mikið var hert. Sjómenn sváfu þá oftast í búðunum.“ (bls. 184).

**Utanverðunes 1803-260**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir og lýsing**

Útræði var úr Naustavík og hefur verið um aldir. Í heimildum er ekki getið nákvæmlega um staðsetninguna en hnit var tekið nokkurn veginn fyrir miðri víkinni.



**Mynd 72. Naustavík. Horft til suðvesturs. Bæjartóftirnar (1803-253) sjást við sjávarbakkann upp af enda víkurinnar.**

**Utanverðunes 1803-261**
**Hlutverk:** Sauðahús
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Sjórinn hefur þegar brotið af minjunum að vestan.

**Staðhættir**

Fremst á sjávarbakka austast í Naustavík, um 95m norðaustur af bæjartóftinni (**1803-253**) er fjárhústóft.

**Lýsing**

Tóftin er 6x15m að utanmáli og snýr norður/suður. Sjórinn hefur skemmt stóran hluta af tóftinni að vestan og þar með hálfan garðann. Tóftin er grasi gróin en sér í grjót bæði í veggjum og garða. Veggir eru 20-40cm háir og mest um 1,5m á breidd. E.t.v. hefur verið heytóft eða hlaða til norðurs en þar eru eitt eða tvö hólf en nákvæm lögun er ekki greinileg vegna landbrotsins.

**Aðrar upplýsingar**

Í Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Sauðahús var austan við víkina (65°46‘046/19°32‘702) og eru aurmál þess nú að hálfu fallin ofan fyrir sjávarbakkann. Jónas Kristjánsson læknir á Sauðárkróki átti nokkra tugi sauða og byggði hér yfir þá. Þau voru komin nokkru áður en

Jósteinn settist þar að. Þá hafði Magnús í Nesi séð um hirðinguna en síðar Jósteinn.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 185).

**Utanverðunes 1803-262**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Mikil hætta.** Sjórinn hefur þegar brotið af minjunum að vestan.
**Staðhættir**
Norðaustan og austan við sauðhúsatóft (**1803-261**) er garðlag sem liggur frá sjávarbakkanum í suðurátt. Garðlagið virðist eldra en fjárhústóftin.
**Lýsing**
Garðlagið er um 45m langt og liggur nokkurn veginn norður/suður en smá bogi er á því til austurs. Það er mikið hrunið, 20cm hátt og um 2m á breidd, að mestu lyngi gróið og alveg orðið þýft. Það virðist vera töluvert eldra en bæjartóftin og sauðhúsin Naustavík. Garðlagið nær fram á sjávarbakka sem brýtur af.

**Utanverðunes 1803-263**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum norður af Naustavík rúmlega 200m suðvestur frá Hegranesvita er mögulega tóft.
**Lýsing**
Tóftin er frekar óljós og er mögulega náttúrulegt fyrirbæri. Hún er um 2,5x2,5m að utanmáli og hafa dyr snúið til norðurs. Veggir eru 10-20cm háir og er austurveggur nánast horfinn. þeir eru grónir grasi, mosa og lyngi og sér ekki í grjót.

**Utanverðunes 1803-264**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Nyrst og austast á Hegranesi um 260m ANA af Hegranesvita er smá nes og á því fjölmargir niðurgreftir.
**Lýsing**
Tólf holur voru mældar á svæði sem er um 11x18m að ummáli. Ummál þeirra er mismikið en stærstu holurnar eru um 1x1m. Holurnar eru á bilinu 5-50cm djúpar og grasi og lyngi grónar.

**Utanverðunes 1803-265**
**Hlutverk:** Óþekkt, selveiði
**Tegund:** Niðurgröftur
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru fram á brún þar sem landbrots gætir.

**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum austanmegin á Hegranesi tæplega 870m norður af þjóðveginum er niðurgröftur.
**Lýsing**
Niðurgröfturinn er um 1,5x1m og er sjórinn að byrja að naga í hann að austan. Hann er um 20-40cm djúpur. Rekaviður er í honum og gæti hafa verið timburgrind. En töluvert er einnig af reka umhverfis og því gæti honum hafa skolað þarna upp. Samkvæmt heimildamanni voru á þessum slóðum sellátur og lágu veiðimenn í holunni og skutu selinn (Munnl. heimild: Heiðbjört Pálsdóttir 20.12.16).

**Utanverðunes 1803-266**
**Hlutverk:** Óþekkt, selveiði
**Tegund:** Stallur, náttúrulegt
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru við sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum austanmegin á Hegranesi tæplega 870m norður af þjóðveginum er niðurgröftur (**1803-265**) og á bakkanum tæpum 20m austar er upphækkun sem er slétt að ofan og gæti verið mannvirki en gæti jafnframt líka verið náttúruleg myndun.
**Lýsing**
Stallurinn er um 4x6,5m að utanmáli og 20cm hár. Hann er grasi, mosa og lyngi gróinn. Hlutverk er óvíst en sé þetta mannvirki gæti það verið tengt selveiðinni sem þarna fór fram.

**Utanverðunes 1803-267**
**Hlutverk:** Óþekkt, rétt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 25m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu.
**Staðhættir**
Á austanverðu Hegranesi í landi Utanverðuness, rúmlega 25m frá sjávarbakkanum og 480m norður af þjóðveginum er tóft.
**Lýsing**
Tóftin er sunnan undir litlum hóli sem er 4x4m í þvermál. Tóftin sjálf er 1,5x4m að utanmáli. Veggir eru 20-30cm háir og um metri á breidd. Hún er í þýfðum móa og er sjálf þýfð, og að mestu mosa og lyngi gróin. Veggir tóftarinnar ná ekki að hólnum og því myndast bil við báða enda þar sem gætu hafa verið dyr eða hlið. Hlutverk er óvíst en líklegast virðist að þarna hafi verið einhvers konar aðhald fyrir skepnur.

## Keflavík-söguágrip

Keflavík kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar sem átti „Með Keflavík öll fjörugögn.“[169] Fornleifarannsóknir hafa verið gerðar í Keflavík og hafa sýnt fram á að jörðin hefur verið í byggð allt frá landnámsöld. [170]

Keflavík var að fornu metin á 40 hundruð og í jarðabók 1709 segir „og svo tíundast fátækum alleina.“[171] Þegar nýtt jarðamat var gert 1861 var dýrleikinn færður niður í 14,2 hundruð.[172]

Í jarðabókinni 1709 segir að heimræði hafi verið en „skipsuppsátur örðugt upp einn bakka, má og enn vera.“[173]

Í jarðabókinni 1709 segir að Vík heiti „eyðibýli út frá í landinu.“ Það eru tóftir en ekki „vita menn að hér hafi byggð verið, má og ekki byggja, því vallarstæði er í holt upp blásið.“ Tvær aðrar „girðingar“ eru en segir að menn telji þær þrælagerði sem aldrei hafi verið í byggð því tún séu svo lítil.[174]´Ítarlegra er fjallað um þessar minjar í V. bindi Byggðasögunnar og þar nefnd Kriki eða Litla-Keflavík, Grænakot/Vík, Þrælagerði og eitt nafnlaust.[175]

---

169 Íslenskt fornbréfasafn III, 278.
170 Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, 26.
171 Björn Lárusson, 248; Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 62. J. Johnsen, 277.
172 Ný jarðabók 1861, 99.
173 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 63.
174 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 63.
175 Byggðasaga Skagafjarðar V. bindi, 35-36.


Mynd 73. Grjóthlaðin kofatóft (1803-268). Horft er til nna.

**Keflavík 1803-268**
**Hlutverk:** Óþekkt, smalakofi
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru meira en 30m frá sjávarbakka og eru töluvert hærra í landinu.
**Staðhættir**
Nyrst og vestast í landi Keflavíkur um 1,5km nnv frá íbúðarhúsinu í Keflavík er grjóthlaðin tóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norður/suður og er um 1x1m að innanmáli. Hún er hlaðin upp við stóran stein. Hleðslan er hrunin, mest 15cm há.

**Keflavík 1803-269**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft, náttúrulegt
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á bjargbrún þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Fremst á bjargbrún um 115m norðvestur af sjóbúðartóftinni virðist vera óljós tóft og liggur gata þvert í gegnum hana.
**Lýsing**
Tóftin er afar óljós og mögulega gæti þetta bara verið náttúruleg myndun. Hún er grasi gróin, aðeins þýfð og um 10x10m að utanmáli. Engar innbrúnir eru greinanlegar en mesta hæð er um 20cm.


Mynd 74. Tóft (1803-270) á bakkanum upp af Keflavík. Horft er til austurs.

**Keflavík 1803-270**
**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.**
Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og þegar hefur brotið af minjunum norðan til.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum vestast í Keflavík (þ.e. sjálfri víkinni) er tóft sem sjórinn brýtur af.
**Lýsing**
Tóftin er á töluverðri upphækkun sem er um 8,5x14m að ummáli og er hún líklega byggð ofan í eldri

minjar. Hún er tvískipt og liggur vnv/asa,  3,5x7,5m að innanmáli. Vegghæð er um 70cm. Tóftin er grasi gróin en sér í grjóthleðslur. Vestan við tóftina er ferkantaður niðurgröftur sem er 1,5x4,5m að utanmáli. Samkvæmt fornleifakönnun sem gerð var í sniðið í sjávarbakkanum eru minjarnar frá því eftir 1300 og í þeim fundust bæði móaska og kol. Ekki er ólíklegt að um sjóbúðartóft sé að ræða þar sem að lending var í Keflavíkinni.

**Lýsing**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Fjórða tóftasvæði í landi Keflavíkur er út við sjóinn, vestast við hina eignlegu Keflavík, um 1200 m vegalengd frá bænum. Þar er nú ekki annað eftir húsaminja en ein stór tóft hangandi á bakkabrún (65°44‘665/19°29‘665), að innanmáli 7,3x3,5 metrar og snýr frá austri til vesturs, skipt vestan við miðju með undirstöðum grjóthleðslu en ekki sjáanlegum veg. Dyr hafa verið norðan megin að austan. Ekki liggur ljóst fyrir hverra nota þessi bygging hefur verið. Hún gæti hafa verið sjóbúð, viðist frá yngri tíma, sett ofan í eldri tóftir því að myndast hefur svolítill hóll með aðburði jarðefna. Norðurveggur þessarar byggingar er að hluta fallin fram af og sést grjóthleðsla í brotsári bakkans sem þarna er margra metra þykkur jarðvegsstafi upp af malarfjörunni þar sem náttúruöflin naga sig stöðugt lengra til suðurs. Ábúendur segja að gengið hafi á landið síðan þeir komu í Keflavík 1976, einkum vestast í víkinni. “ (bls. 34).

**Keflavík 1803-271**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóminjar

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 36) segir í myndatexta: „Loftmynd frá 25. ágúst 2009 sem sýnir búðartóft hangandi á sjávarbakkanum. Núlifandi fólk minnist fleiri tófta fyrir 60 árum, annarrar litur austar, nær á mynd, og þeirrar þriðju sem þá var hálfhrunin fram af bakkanum. Hér hefur brotið mikið land síðustu aldir.“

**Lýsing**

Minjarnar sem getið er í byggðasögunni eru horfnar í sjó og ekki hægt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni.

**Keflavík 1803-272**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóminjar

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 36) segir í myndatexta: „Loftmynd frá 25. ágúst 2009 sem sýnir búðartóft hangandi á sjávarbakkanum. Núlifandi fólk minnist fleiri tófta fyrir 60 árum, annarrar litur austar, nær á mynd, og þeirrar þriðju sem þá var hálfhrunin fram af bakkanum. Hér hefur brotið mikið land síðustu aldir.“

**Lýsing**

Minjarnar sem getið er í heimildum eru horfnar í sjó og ekki hægt að staðsetja þær með viðunandi nákvæmni.

**Keflavík 1803-273**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og þegar hefur brotið af minjunum til norðurs.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum vestast í Keflavík (þ.e. sjálfri víkinni) er tóft sem sjórinn brýtur af (**1803-270**) og 6m sunnan hennar er önnur tóft, minni.
**Lýsing**
Tóftin er inngrafin í brekku og er 1,5x4m að innanmáli. Hún snýr norðaustur/suðvestur og er gróin. Veggir eru 40cm háir.

**Keflavík 1803-274**
**Hlutverk:** Brú, vegur
**Tegund:** Garðlag
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Tæplega 30m suður af tóft (**1803-270**), nyrst í Keflavíkursundi er garðlag að líkindum upphlaðinn vegur.
**Lýsing**
Hleðslan er 70m löng og liggur norðvestur/suðausturs. Hún er grasi gróin, um metri á breidd og allt að 80cm há.

**Keflavík 1803-275**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Mikil hætta.** Götur liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Staðhættir**
Gata liggur frá norðvestur enda brúarinnar (1803-274) til norðurs og að sjónum. Hún er rúmlega 30m löng.

**Keflavík 1803-276**
**Hlutverk:** Leið
**Tegund:** Gata
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja meðfram sjávarbakka þar sem landbrots gætir.
**Lýsing**
Gata liggur í framhaldi af af upp-hlöðnum göngugarði (**1803-274)** bæði til suðausturs og norðvesturs. Gatan liggur eftir sjávarbakkanum og upp á björgin norðvestan við sundið sem göngugarðurinn er í. Gatan er vel greinileg á um 760m kafla.


**Mynd 75. Horft er til suðausturs eftir götunum (1803-276) sem liggja niður í Keflavíkursund.**




**Keflavík 1803-277**
**Hlutverk:** Mylla
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.**
Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakka og eru ekki taldar í hættu í náinni framtíð.
**Staðhættir**
Lækur rennur eftir Keflavíkursundi og til sjávar norðan við nyrstu túnin. Á vesturbakka lækjarins er myllutóft.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 4x6,5m að utanmáli. Læknum hefur verið veitt að tóftinni að sunnan og frá henni til norðausturs og sjást farvegir greinilega. Tóftin er að mestu gróin en sér í grjót í innbrún á einum stað. Veggir eru nokkuð hrundir inn, mest 1,5m á breidd.
**Aðrar upplýsingar**
Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Önnur tveggja vatnsmylla, sem kunnugt er um í Hegranesi, var í Keflavík. Norðan núverandi þjóðvegar er framhald af Keflavíkursundsins og er þar nú grösugt mólendi eða tún. Nokkuð vatnsmikill lækur fellur eftir sundinu. Norðast í honum, u.þ.b. 40 metrum ofan við sjávarbakkann, var vatnsmylla á lækjarbakkanum vestan megin. Sjást tóftir hennar glöggt (65°44‘588/19°29‘390). Hefur lækurinn verið stíflaður ofan við mylluna og leiddur í gegnum mylluhúsið sem hefur verið óvenjulega stórt, um 3 m breitt og 5-6 m á lengd. Sést greinilega lækjarfarvegurinn að og frá mylluhúsinu.“ (bls. 34).

**Keflavík 1803- 278**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og sjórinn er byrjaður að brjóta af tóftinni að norðan.
**Staðhættir**
Á sjávarbakkanum um 30m norðvestur af læknum sem rennur í gegnum Keflavíkursund og til sjávar og 45m norður af myllutóft (**1803-277**) er tóft eða grunnur af kofa.
**Lýsing**
Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er samsíða sjávarbakkanum. Veggir eru 1,5x3m að innanmáli, um 50cm breiðir og 15-20cm háir. Tóftin er gróin og er þýft umhverfis hana. Í sniði í veggnum sem snýr til sjávar sést í torf og við fyrstu skoðun virðist vera í því gjóska frá 1300 en formleg fornleifakönnun hefur ekki farið fram.
**Aðrar upplýsingar**
Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Í hánorður frá myllunni eru veggjabrot af litlum kofa á sjávarbakkanum (65°44´626/19°29´390). Hugsanlega hefur þetta verið stekkur, er þó alls óvíst. Tóftin virðist ekki mjög gömul.“ (bls. 34).

**Keflavík 1803-279**
**Hlutverk:** Óþekkt
**Tegund:** Garðlag, náttúrulegt
**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 20m frá sjávarbakka þar sem land brýtur.
**Staðhættir**
Í þýfðum móa austan við nyrstu túnin í Keflavík, á milli þjóðvegar og sjávar er mögulega garðlag.
**Lýsing**
Garðlagið er illgreinanlegt og gæti verið um náttúrulega myndun að ræða. Það er rúmlega 60m langt og liggur norðvestur/suðaustur með smá boga til suðurs. Garðlagið er mjög jarðsokkið og hefur samlagast umhverfi sínu þannig að ekki er hægt að greina hæð en breidd gæti verið um 2m. Einhverjar þústir og dældir eru umhverfis en gerður var skurður í garðlagið en engin merki um torf fundust (Skagfirska kirkjurannsóknin, framvinduskýrsla 2008, bls. 26).



Mynd 76. Rétt (1803-280) í Garðskróki. Horft er til norðvesturs.

**Keflavík 1803-280**
**Hlutverk:** Rétt
**Tegund:** Tóft
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru nokkuð langt frá sjó og þarna hefur heldur verið að bætast við land en brjóta af því.

**Staðhættir**
Undir háum kletti í Garðskróki um 710m ANA frá yngra íbúðarhúsinu í Keflavík er grjóthlaðin rétt. Tóftin er hlaðin upp við stórgrýti sem hefur hrunið úr klettunum.

**Lýsing**
Tóftin er grjóthlaðin, snýr ana/vsv og er 8,5x10m að utanmáli. Hlið hefur verið til suðurs. Grjóthleðslan er mjög hrunin, hún er um metri á breidd og metri á hæð þar sem hún er hæst.

**Aðrar upplýsingar**
Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Stór grjóthlaðinn stekkur, um 6x8m að innanáli, er nokkurn spöl suður frá fjörunni, undir háum kletti sem líklega er hið svonefnda Króksbjarg, landamerkjapunktur milli Garðs og keflavíkur. Stekkurinn er því við landamerkjalínuna.“ (bls. 34). Líklegra er að þetta sé rétt en stekkur en um hana segir í lýsingur Garðs: „Á landamerkjum Garðs og Keflavíkur, undir hamravegg við Garðskrók, er stór, grjóthlaðin rétt (65°44‘145-19°28‘304). Ekki er þetta venjulegur stekkur, hefur e.t.v. þjónað í sambandi við fjörubeitina.“ (Byggðasaga Skagafjarðar V, 44).



Mynd 77. Hleðsla (1803-281) í fjörunni í Garðskróki. Horft er til NNA.

**Keflavík 1803-281**
**Hlutverk:** Kennimark
**Tegund:** Hleðsla
**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru nokkuð langt frá sjó og þarna hefur heldur verið að bætast við land en brjóta af því.

**Staðhættir**
Vestast í Garðskróki eru fjórar vörður sem liggja í röð frá vestri til austurs. Þær eru hér skráðar sem heild.

**Lýsing**
Vörðurnar eru grjóthlaðnar mest tæpir 2m í þvermál og 20-40cm háar.

**Aðrar upplýsingar**
Í V. bindi Byggðasögu Skagafjarðar segir: „Útræði var frá Keflavík úr Garðskróki. Engar eru þó búðarústir sjáanlegar en þar eru vörðubrot nokkur og munu trúlega vera lagnamerki.“ (bls. 33).

**Keflavík 1803-282**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í jarðabókinni 1709 segir: „Heimræði hefur verið, en skipsuppsátur örðugt upp einn bakka, má og enn vera.“ (bls. 63).
**Lýsing**
Mögulegt er að lending þessi hafi verið í hinni eiginlegu Keflavík en þar er land nú svo breytt vegna landbrots að erfitt er að ímynda sér að þar hafi nokkurn tímann verið lending. Samkvæmt heimildamanni hefur töluvert brotið meðfram ströndinni síðan 1976 þegar núverandi ábúendur komi í Keflavík (Munnl. heimild: Þórey Jónsdóttir 20.12.16). Hnit voru ekki tekin þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar sem geta veitt viðunandi nákvæmni.

## Garður – söguágrip

Garður er fyrst nefndur í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og átti biskupsstóllinn öll fjörugögn með Garðslandi.[176]

Jarðardýrleiki var 1686 og 1695 40 hundruð en í jarðabók 1709 segir „Jarðardýrleiki xx [20] hundruð og svo hefur jörðin tíundast í næstu 24 ár fátækum alleina, en áður hefur hún verið xI [40]hundruð, og svo hefur hingað til verið goldið prestinum af Hóláráðsmanni xii álna tíund.“[177] Í jarðatali 1847 er dýrleiki sagður 20 hundruð en neðanmáls segir að 1802 hafi hann aðeins verið 16 hundruð.[178] Þegar nýtt jarðamat er gert 1861 er matið fært niður í 19,9 hundruð.[179]

Í jarðabókinni 1709 segir að lítillega veiðist af silungi í sjónum með lagnetjum, heimræði er um sumur en lending sé brimasöm og brúkist en ein skipsuppsátur gott.[180]

### Fornleifaskráning

**Garður 1803-283**
**Hlutverk:** Lending
**Tegund:** Heimild
**Staðhættir**
Í jarðabókinni 1709 segir: „Heimræði á sumur, þó brimsöm lending, brúkast ei; skipsuppsátur gott.“ (bls. 64).
**Lýsing**
Lendingin mun hafa verið í Garðskróki og þar var einnig lending frá Keflavík og öðrum bæjum. Þarna er land að breytast og sandurinn færist lengra út. Lendingin var að líkindum vestarlega í króknum og ekki bundin við einn stað.
Í örnefnaskrá Garðs segir: „Garðskrókur, þar sem brekkurnar enda út við sjó; einstöku sinnum róið þaðan til fiskjar, þá gott er.“ (bls. 2).

[176] Íslenskt Fornbréfasafn III, 278.
[177] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 63.
[178] J. Johnsen, 277.
[179] Ný jarðabók 1861, 99.
[180] Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 63.

## Samantekt

Árin 2012-2014 fór fram skráning strandminja við austanverðan Skagafjörð og árin 2015-2016 voru samskonar minjar skráðar við vestanverðan fjörðinn. Verkið var unnið með styrk úr Fornminjasjóði. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður skráningarinnar 2016 sem náði frá jörðinni Fossi í suðri að Hrauni á Skaga sem er nyrsta jörðin út að vestan. Þar eru sýslumörk við Húnavatnssýslu. Í skýrslunni er einnig að finna skráðar strandminjar á jörðum sem eiga land að sjó á Hegranesi. Eru það jarðirnar Utanverðunes sem skráð var 2015, Keflavík sem skráð var 2008 og Garður en einu strandminjarnar í landi Garðs eru þær sem eru á merkjum jarðanna Garðs og Keflavíkur.

Eftir vettvangsrannsókn og af samtölum við landeigendur er ljóst að landbrot er gríðarlegt á austanverðum Skaga og hafa frá miðri 20. öld sumstaðar farið margir metrar lands. Eins og annars staðar í Skagafirði eru það norðanáttirnar sem eru verstar og nefna margir að á undanförnum árum virðist gera fleiri stórbrim og að sjórinn nái hærra upp á land. Landbrotið er síst þar sem skjól er fyrir norðanáttum. Í 1. bindi Byggðasögu Skagafjarðar er vitnað í Ingólf Sveinsson á Lágmúla en þar segir hann: „En brimið hefur brotið mikið land hér á síðustu árum svo að nú eru sæbarðar klappir marga metra fram þar sem var gróið land fyrir 3-4 áratugum.“ (bls. 84). Mörgum er minnisstætt aftakaveður sem varð í janúar 1995 þegar mannskæð snjóflóð féllu á Súðavík en í því veðri varð mikið landbrot á Skaga. Á sex jarðanna sem skráðar voru 2016 liggur heimatúnið niður að sjó (sjá túnakort í fylgiskjölum). Á fjórum jarðanna voru gamlir sjóvarnargarðar sem nú eru að öllu eða miklu leyti skemmdir vegna ágangs sjávar. Á Hrauni hafa verið gerðir nýir sjóvarnargarðar sem verja túnið og jafnframt minjar innan þess en á öðrum jörðum heldur sjórinn áfram að brjóta land. Þetta er mjög greinilegt á Þangskála þar sem sjávarmölin færist ofar í landið og nær nú inn á túnið. Þegar túnakort frá 1918 er lagt yfir loftmynd af Þangskála sést að nokkuð stór hluti þess er horfinn undir möl en ábúendur á Hrauni, þeir Steinn og Jóhann Rögnvaldssynir sem fæddir eru eftir miðja öldina slógu þetta tún eftir að búskap var hætt á Þangskála 1969. Árný Ragnarsdóttir fyrrum ábúandi á Mallandi segir að í miklu brimi nái sjórinn nú alveg upp að fjárhúsunum og flæði yfir túnið. Svipaðar sögur eru algengar á Skaga og ljóst er að landslag hefur tekið miklum breytingum í manna minni og engin merki þess að landbrot fari minnkandi.

Samtals voru skráðar 283 minjar en þar af fundust eða hægt var að staðsetja 261 minjar með viðunandi nákvæmni (sjá töflu 1).

| | |
|---|---|
| **Heildarfjöldi minja*** | 283 |
| **Minjar skráðar á vettvangi** | 237 |
| **Horfnar minjar**** | 46 |
| **Horfnar staðsettar***** | 24 |
| **Minjar sem hægt var að staðsetja** | **261** |

**Tafla 1.**

*Heildarfjöldi minja er sá fjöldi sem skráður er upp úr heimildum, eftir heimildamönnum og á vettvangi.
**Horfnar minjar eru þær sem ekki fundust á vettvangi eða sem heimildamenn mundu eftir og eru horfnar í sjó. Það er ljóst að þessi tala er í raun mun hærri þar sem að heimildir eru á engan hátt tæmandi um þær minjar sem farnar eru í sjó, sem dæmi má nefna að sums staðar eru nefndar horfnar sjóbúðir en fjölda þeirra er ekki getið.
***Horfnar en staðsettar minjar eru þær sem hægt var að staðsetja með fullnægjandi nákvæmni út frá heimildum eða með aðstoð heimildamanna. Áætluð möguleg skekkja er gefin upp í texta.

Þegar fornleifar eru skráðar á vettvangi er lagt mat á þá hættu sem að minjunum kann að steðja vegna utanaðkomandi þátta s.s. landbroti eða rofi. Hættumat er fylgir stöðlum Minjastofnun Íslands frá 2008 en þar er hættumat flokkað í þrennt: *engin hætta, hætta og mikil hætta*. Minjar eru taldar í hættu sé röskun á þeim fyrirsjáanleg en í mikilli hættu séu þær þegar farnar að skemmast[181] . Í þessari skýrslu og fyrri skýrslum um strandminjar í Skagafirði er þó stundum brugðið út af þessum skilgreiningum t.d. þar sem landbrot er mjög mikið. Í þeim tilvikum eru minjar sem eru við sjávarbakka en hafa ekki orðið fyrir raski stundum skráðar í mikilli hættu. Í töflu 2 eru minjar flokkaðar eftir hættumati en alls voru 237 minjar skráðar á vettvangi. Þar af eru 147 minjar eða rétt rúmlega 62% í *hættu* eða *mikilli hættu* af völdum landbrots en 32% minjanna eru ekki taldar í hættu í náinni framtíð. Það ber að hafa í huga að þar sem landbrot er mjög mikið getur hættumat minjanna breyst á aðeins örfáum árum. Þarna er líka vert að benda á að gamla bæjarstæðið í Selvík (1803-176-195) var skráð sem ein minjaheild en þar af eru 8 minjar sem eru ekki innan við 100m skráningarlínuna. Ef þær minjar eru teknar frá þá hækkar hlutfall minja sem eru í *hættu* og *mikilli hættu* um tæp 2%. Hættumat er skráð ómetið á minjum þar sem að ástand er ekki kannað s.s. á lendingum og miðum af sjó. Ómetnar minjar eru 15 eða 6% af heildarfjölda skráðra minja. Af þeim 149 minjum sem skráðar eru í hættu eða mikilli hættu var hættuorsökin í öllum tilvikum nema einu vegna landbrots. Rof vegna veðurs og vinda er jafnan fylgifiskur landbrots sem skilur eftir sig rofna sjávarbakka sem eru veikari fyrir veðuröflum en grónir bakkar.

| Hættumat | Fjöldi minja | Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi 2016 (%) | Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi 2015 (%) |
|---|---|---|---|
| **Mikil hætta** | 55 | 23 | 22 |
| **Hætta** | 92 | 39 | 33 |
| **Engin hætta** | 75 | 32 | 30 |
| **Ómetið*** | 15 | 6 | 14 |
| **Minjar skráðar á vettvangi** | **237** | **100%** | **100%** |

**Tafla 2. Hættumat skráðra minja.** *Hættumat er skráð ómetið á minjum þar sem að ástand var ekki kannað svo sem á lendingum.

[181] sjá heimasíðu Minjastofnunar Íslands: http://www.minjastofnun.is/media/skjol-igrein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf. Skoðuð 04.01.15

Ástand minja er metið á vettvangi og má sjá samantekt á því í töflu 3. Tæplega helmingur allra minja sem skráðar voru var vel greinanlegur og um þriðjungur minjanna greinanlegur. Illgreinanlegar minjar voru rétt um 5% og horfnar minjar voru 10% af öllum skráðum minjum. Heillegar minjar voru aðeins 2 en í sumum tilvikum er erfitt að meta ástand t.d. á minjum eins og álagablettum, lendingum og miðum svo dæmi séu nefnd. Ómetnar minjar eru 22 eða 8% af skráðum minjum.

| **Heillegar** | **Vel greinanleg** | **Greinanleg** | **Illgreinanleg** | **Sést ekki** | **Ómetið** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 122 | 78 | 13 | 24 | 22 | **261** |
| 1% | 47% | 30% | 5% | 9% | 8% | **100%** |

**Tafla 3. Ástand minja.**

## Áhugaverðar minjar og minjaheildir til frekari rannsókna eða kynningar

### Þangskáli

Búskapur var á *Þangskála* fram yfir 1960 og þar er fjöldi minja sem vitna um 19. og 20. aldar búskap, leifar bæjar, nokkrar fjárhústóftir, rétt og önnur útihús (**1803-26-48**). Þarna eru líka leifar sjóvarnargarðs (**1803-37**) og minjar um tilraunir til æðarvarps frá 19. öld (**1803-21-24**). Túnið á Þangskála liggur meðfram sjávarmölinni og hefur sjórinn á undanförnum áratugum brotið land svo mikið að stór hluti túnsins er horfinn í sjó og þar með eitt útihús.

### Sjóvarnargarðar

Gamlir sjóvarnargarðar sjást enn á þremur jörðum, á Hrauni (**1803-06**), Þangskála (**1803-370**) og í Kelduvík (**1803-55**). Á öllum þessum jörðum er mikið landbrot og vitna garðarnir um að svo hafi verið um nokkurn tíma. Sáralítið er eftir af garðinum í Kelduvík og á Þangskála sést aðeins í hann á nokkrum stöðum þar sem að sjávarmölin hefur ekki kaffært hann. Sjórinn hefur einnig skemmt stærstan hluta garðsins á Hrauni en þar er yngri sjóvarnargarður utan við sem að ver minjarnar frekara hnjaski.

### Ketan

Lendingin á Ketu var í Ketubás og upp af honum er sjóbúðartóft (**1803-108**) sem var í notkun fram á 20. öld en utar eru minjar (**1803-111-114**) sem virðast mjög gamlar en ekkert er vitað um hlutverk þeirra. Kanna mætti aldur minjanna og mögulega hlutverk þeirra með því að taka borkjarna eða litla könnunarskurði.

### Tröllalögrétta

Tröllalögrétta eða Tröllarétt er í Bjargarskarði í Ketubjörgum. Þar eru þrjár fornar tóftir og mögulega garðlag (**1803-116-119**) en ekkert er vitað um hlutverk þeirra eða aldur. Með því að taka borkjarna eða prufuskurði mætti reyna að aldursgreina minjarnar og hugsanlega komast að því hvort að þarna hafi verið búseta.

**Verstöðin í Selvík og sjómannagrafir**

Verstöð var í Selvík í lok 19. aldar fram á 20. öld en lítið er eftir af þeim minjum annað en sögunargryfja eða gryfjur (**1803-217-219**) og grunnur af skúr (**1803-210**). Góð lending er af náttúrunnar hendi í Selvík. Ekki er vitað hvenær var byrjað að róa þaðan en syðst á Selnesi eru Fornubúðatættur (**1803-202-207**) sem Ólafur Olavius segir í ferðabók 1777 að séu verslunarbúðir Þjóðverja (Byggðasaga Skagafjarðar I. bindi, 102). Ekki var hægt að meta hlutverk út frá útliti minja og áhugavert væri að rannsaka þær frekar t.d. með því að taka borkjarna eða prufuskurði með það að markmiði að aldursgreina þær og mögulega komast að hlutverki þeirra. Á sjávarbakkanum skammt frá minjunum er Þýskaleiði (**1803-208**) en þar er sagður vera legstaður þýsks sjómanns. Annað leiði (**1803-18)** sem ætlað er erlendum sjómanni er á austan verðum Hraunsmúla. Rótað var í leiðinu einhvern tímann upp úr miðri 20. öld og kom þá í ljós höfuðkúpa. Gröfinni var lokað aftur og hún hefur síðan verið merkt með trékrossi.

**Gamla bæjarstæðið í Selvík**

Bæjarstæðið í *Selvík* var næstum 700m norðan við Selvíkina sjálfa en fluttist þangað sem það er nú snemma á 20. öld. Á gamla bæjarstæðinu (**1803-175-195**) eru óraskaðar leifar tveggja bæja, fjárhúsa og annarra útihúsa. Túngarður umlykur túnið og innan hans eru m.a. beðasléttur og heimtröðin sem liggur þvert í gegnum túnið og á milli bæjartóftanna. Saman mynda þessar minjar heildstæða mynd af 19. -20. aldar býli þar sem að búseta hefur verið um langt skeið. Búið var á þessum stað fram um 1920 en hægt væri að gera frekari aldursgreiningar t.d. með því að taka prufuskurði í túngarð eða taka borkjarna á og við bæjartóftirnar til að komast að því hversu lengi búseta hefur verið þarna.

**Húnsnes og Stekkjarvík**

Í Húnsnesvík er nokkur fjöldi minja og ljóst að þar hefur verið töluvert útræði (**1803-69-75**) en þar eru líka fleiri minjar (**1803-76-78**) sem óvíst er hvort tengist útræði eða búsetu á Húnsnesi. Heimildir eru um að *Húnsnes* hafi verið jörð en engar greinilegar búsetuminjar eru þar. Hún kemur síðast fyrir sem jörð í heimildum 1525 en 1709 segir að þar sé „eyðipláss“ og þá er ekki útræði þaðan og mögulega ekki síðan. Með því að taka borkjarna eða prufuskurði mætti reyna að aldursgreina minjarnar og hugsanlega komast að því hvort að þarna hafi verið búseta. Sunnan við Húnsnesvík er Stekkjarvík og þar er á sjávarbakka gamalleg tóft sem áhugavert væri að aldursgreina (**1803-82**) en þar voru fleiri tóftir sem sjórinn hefur brotið. Þessar minjar gætu tilheyrt búsetu eða útræði úr Húnsnesvík.

**Sjóminjar á Hvalnesi**

Á Hvalnesi var lendingin í Hvalvík en þar eru engar sjáanlegar minjar um útræði. Nokkuð sunnan við Hvalneshöfðann eru hinsvegar tóftir (**1803-151-155**) sem virðast vera minjar um útræði. Ef svo er þá er líklegt að lendingin hafi áður verið framan við þær en síðar flust í Hvalvíkina.

**Sjóminjar upp af Fögruvík**

Upp af Fögruvík í landi Borgarlækjar eru minjar um útræði (**1803-169-172**) og virðast fremur gamlar. Við tóftirnar eru niðurgreftir eða nokkuð djúpar holur og væri forvitnilegt að rannsaka minjarnar m.t.t. aldurs og hlutverks.

**Þurrabúðir og húsmannsbýli**

*Bríkurbakki* (**1803-100**), *Öldubakki* (**1803-164**), *Hvalneshöfði* (**1803-146**) eru þurrabúðir eða húsmannsbýli sem byggðust upp á 19. og 20. öld en aðeins var búið þar um skamman tíma. Tóftirnar eru ágætlega varðveittar.

**Minjar um heimræði**

Heimræði var frá vel flestum jörðum á Skaga og einnig þeim jörðum sem eiga land að sjó á Hegranesi. Þar sem ekki voru fyrir hendi góðar eða sæmilegar lendingar var oft róið frá nærliggjandi jörðum og þá gjarnan í skiptum fyrir önnur ítök s.s. beit. Víða er að finna sjóbúðatóftir, uppsátur eða naust við lendingar. Þessar tóftir eru mis vel varðveittar og frá mismunandi tímum: við Fornuvör á Hrauni er gamalt naust (**1803-2**), í Kelduvík eru mögulega leifar sjóminja sem eru að fara í sjó (**1803-58-59**), upp af Búðarvík er tóft (**1803-62**) sem gæti verið sjóbúðatóft, sjóbúðartóft (**1803-108**) er upp af Ketunni og eldri minjar þar rétt hjá (**1803-112-114**) sem einnig gætu tengst sjósókn, sjóbúðartóft og uppsátur (**1803-133-135**) eru í landi Kleifar, í landi Borgarlækjar eru mögulega sjóminjar (**1803-165**) við lendinguna, austan við Innri-Fossvík eru ógreinilegar minjar sem mögulega tengjast sjósókn en hlutverk þeirra er óljóst (**1803-239-241**).

**Naustavík**

Í *Naustavík* (**1803-164**) var byggt býli snemma á 20. öld en byggðin varaði ekki lengi. Þar eru minjar um búsetu en einnig um útræði (sjá **1803-247-263**) því að ver var við víkina á 20. öld og hefur að líkindum verið um aldir. Aldur flestra minjanna er þekktur en áhugavert væri að aldursgreina og mögulega rannsaka frekar elstu minjarnar við víkina.

**Sjóminjar í Keflavík**

Upp af Keflavík á Hegranesi er tóft á sjávarbakkanum (**1803-270**) og önnur skammt frá (**1803-273**). Heimildir eru um fleiri minjar við víkina sem nú eru farnar í sjó og er land þarna svo breytt sökum landbrots að erfitt er að ímynda sér að þarna hafi verið útræði. Árið 2008 var gerð fornleifakönnun í snið í sjávarbakkanum og kom í ljós að byggingin var frá því eftir 1300 og þar fundust bæði móaska og kol.

## Niðurlag

Nú er lokið fornleifaskráningu allra jarða sem eiga land að sjó við vestanverðan Skagafjörð. Niðurstöður eru þær að rúmlega 60% þeirra minja sem skráðar voru eru í hættu eða mikilli hættu af vegna landbrots af völdum sjávar. Af samtölum við heimildamenn er ljóst að víða er töluvert mikið landbrot og sumstaðar mjög mikið. Mest er landbrotið þar sem land liggur lágt og jörð er auðgræf en einnig brýtur úr klettum og stórar fyllur hafa sprungið fram. Haldi landbrotið fram með sama hætti mun fjöldi minja fara í sjó á næstu árum og áratugum og þar með merkilegar heimildir um nábýli við hafið; útræði og gamla búskaparhætti.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást a yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minja geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

*Biskupasögur 3.* Guðrún Ása Grímsdóttir gaf út. Í Íslenzk fornrit; 17. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1998.

Björn Lárusson. The Old Icelandic Land Registers. C.W.K. Gleerup. Lund, 1967.

Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, Skefilsstaðahreppur-Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 1999.

Byggðasaga Skagafjarðar, V. bindi, Rípurhreppur-Viðvíkurhreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkróki 2010.

Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. *Skagfirska kirkjurannsóknin,framvinduskýrsla*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. Sauðárkrókur 2008.

*Íslenzkt Fornbréfasafn II 1253-1350.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

*Íslenzkt Fornbréfasafn III 1269-1415.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IV 1265-1449.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

*Íslenzkt Fornbréfasafn IX 1262-1536.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1909-1913.

*Íslenzkt Fornbréfasafn VIII 834-1264.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1857-1876.

*Íslenzkt Fornbréfasafn XII 1200-1554.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Reykjavík, 1923-1932.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*. Hið íslenzka fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1930.

*Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Kristmundur Bjarnason. *Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti.* Skagfirzk fræði. Sauðárkrókskaupstaður. Sauðárkrókur, 1969.

Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn.

*Sýslu- og Sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélag 1839-1873 II – Skagafjarðarsýsla.* Hið íslenzka bókmenntafélag. Bókaútgáfan Norðri. Akureyri, 1954.

Þorleifur Einarsson. *Jarðfræði.* Mál og menning. Reykjavík, 1985.

**Örnefnaskrár**

*Hraun.* Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftir Rögnvaldi Steinssyni. Örnefnastofnun Íslands.

*Hraun* (2). Margeir Jónsson skráði eftir lýsingu Steins Sveinssonar. Örnefnastofnun Íslands.

*Kelduvík.* Rögnvaldur Steinsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

*Landamerkjaskrá Neðra-Ness.* Guðrún S. Magnúsdóttir gekk frá handriti. Örnefnastofnun Íslands.

*Neðra-Nes. Athugasemdir og viðbætur.* Guðrún S. Magnúsdóttir gekk frá handriti. Örnefnastofnun Íslands.

*Ytra-Malland*. Örnefnaskrá Jóns Ól. Benónýssonar með athugasemdum og viðbótum Freysteins Á. Jónssonar. Guðrún S. Magnúsdóttir gekk frá handriti. Örnefnastofnun Íslands.

*Syðra-Malland.* Örnefnaskrá Jóns Ól. Benónýssonar með athugasemdum og viðbótum Freysteins Á. Jónssonar. Guðrún S. Magnúsdóttir gekk frá handriti. Örnefnastofnun Íslands.

*Nokkrar upplýsingar og ábendingar um örnefni í Ketulandi.* Gunnsteinn Steinsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

